ÞSHALLDÓR
skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Jólagjöfin hennar

JOE BOXER®
Kringlan og Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Þriðjudagur
14. desember 2010
293. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000



Á tökustað stórmyndar
Baldur Bragason vinnur við Karla sem hata konur.
fólk 42

Sagan lifir
Eyrarbakkakirkja er 120 ára í dag.
tímamót 22

United á toppinn
Manchester United sigraði Arsenal og komst á toppinn.
sport 38

veðrið í dag



VÆTA VESTAN TIL Í dag verða sunnan eða suðvestan 8-15 m/s, hvassast NV-til. Væta V-til en léttskýjað A-lands fram eftir degi. Hiti 0-8 stig, en vægt frost inn til landsins.

VEÐUR 4

Samið við Kaupþingsmenn sem geta nær ekkert greitt

Helmingur þeirra fyrrverandi starfsmanna Kaupþings sem slitastjórnin hefur krafið um fleiri milljarða vegna lána til hlutabréfakaupa hefur samið um endurgreiðslu. Hún nemur í heild undir 200 milljónum.

VIÐSKIPTI Tæplega helmingur þeirra rúmlega sextíu starfsmanna Kaupþings sem slitastjórn bankans hefur rukkað vegna lána sem þeir fengu til hlutabréfakaupa hefur samið við bankann um endurgreiðslu. Samningarnir sem þegar hafa náðst munu skila búinu vel á annað hundrað milljónum.

Starfsmennirnir fengu fimmtán milljarða að láni með persónulegri ábyrgð sem var felld niður á stjórnarfundi bankans nokkrum dögum fyrir bankahrun. Þeirri ákvörðun var rift í vor. Persónulegu ábyrgðirnar sem nú hefur verið reynt að innheimta námu þó innan við tíu milljörðum. Af þessum ríflega sextíu starfsmönnum hlutu um tuttugu lykilstarfsmenn níutíu prósent heildarupphæðarinnar að láni.

Enginn starfsmannanna hefur verið knúinn í gjaldþrot, að sögn Ólafs Garðarssonar, formanns slitastjórnar Kaupþings. Langflestir hafa samþykkt að skila inn umbeðnum upplýsingum, til dæmis skattframtölum mörg ár aftur í tímann, svo slitastjórnin geti metið greiðslugetuna og samið á grundvelli hennar. „Svo eru dæmi um að fólk neiti okkur um upplýsingar og þá fara málin fyrir dóm," segir Ólafur.

Samið var við flesta um að endurgreiða sextíu til sjötíu prósent. „Nú erum við að fást við þá sem ekki geta greitt sínar skuldir – sýna greiðsluvilja en eiga ekki eignir til að mæta þeim," segir Ólafur. Kröfuhafar hafi ekki hag af að keyra menn í þrot, enda eignir þeirra gjarnan veðsettar og lítið úr þrotabúunum að hafa.

Á þriðja tug manna hafa kosið að fara með mál sín fyrir dóm. Það eru aðallega þeir sem mest skulda. **- sh**

Fimm undu ofan af eignatilfærslum

Slitastjórnin hótaði fimm fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings, sem fluttu eignir á maka sína í miðju hruni, að eignirnar yrðu kyrrsettar ef þeir yndu ekki ofan af þeim gjörningum. Að sögn Ólafs urðu þeir allir við því.

Nokkrir háttsettir starfsmenn Kaupþings fluttu eignir á eiginkonur sínar í byrjun október 2008. Meðal þeirra fimm sem urðu við beiðninni um að flytja þær til baka í sumar eru Frosti Reyr Rúnarsson, Hannes Frímann Hrólfsson, Ingvar Vilhjálmsson og Ólafur Frímann Gunnarsson.

SUÐURLANDSVEGUR BREIKKAÐUR Framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar standa nú yfir. Formaður bæjarráðs Árborgar telur að um 1.600 manns úr sveitarfélaginu sæki vinnu til höfuðborgarinnar. Ætla má að vegatollar á Suðurlandsvegi skili um 844 milljónum króna á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á annað þúsund sækir vinnu yfir Heiðina

SAMGÖNGUR Miðað við fyrirliggjandi áætlanir standa þeir sem aka Suðurlandsveg til vinnu undir tæpum helmingi áætlaðra tekna af innheimtu vegatolla þar.

Endanleg fjárhæð tolla og útfærsla afsláttargjalda vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar, Vesturlandsvegar og Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar liggur þó ekki fyrir. Tölur Vegagerðarinnar miða við að gjaldið samsvari sjö krónum fyrir hvern ekinn kílómetra. Miðað við þær forsendur myndi bíltúr úr höfuðborginni á Selfoss kosta 700 krónur. Fimmtungur íbúa Árborgar, nærri 1.600 manns, sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Ögmundur Jónasson samgönguráðherra fagnar umræðu um gjaldtökuna og bendir á að menn hafi tímann fyrir sér áður en að henni komi; svigrúm sé til breytinga. **- óká / sjá síðu 14**

Úkraínumenn hyggjast bjóða ferðamönnum að skoða hættulegar slóðir:

Opna Tsjernóbyl á næsta ári

ÚKRAÍNA Á næsta ári verður lokaða svæðið í kringum kjarnorkuverið í Tsjernóbyl opnað ferðamönnum.

Boðið verður upp á merktar leiðir um svæðið í kringum kjarnaofninn sem bilaði fyrir tæpum aldarfjórðungi með þeim afleiðingum að geislavirk mengun dreifðist um stórt svæði í norðanverðri Evrópu.

Merktu leiðirnar eiga að vera öruggar heilsu fólks, þótt þær liggi um svæði sem enn er mjög hættulegt vegna mikillar geislamengunar.

„Þótt þetta sé mjög sorgleg saga er ýmislegt að sjá þarna ef menn fylgja opinberu leiðinni og fara ekki frá hópnum," segir Júlía Jersjóva, talskona neyðarástandsráðuneytis Úkraínu, sem skipuleggur ferðirnar.

Nokkur fyrirtæki bjóða nú þegar upp á ferðir inn á lokaða svæðið, en Jersjóva segir þær ferðir ólöglegar og alls ekki hættulausar.

Um 2.500 manns starfa að viðhaldi kjarnorkuversins, en vinna á vöktum til að minnka hættuna á skaða vegna geislamengunar.

Nokkur hundruð manns sem bjuggu í nágrenninu hafa flutt heim aftur þrátt fyrir hættuna. **- gb**

SPURNING DAGSINS

Sigtryggur, brennur það við að það kvikni í örnunum frá ykkur?

„Ef maður brennur við þá kviknar upp í þeim.“

Sigtryggur Sigtryggsson, eigandi Blikkáss-Funa segir arna þar sem notaður er viður til uppkveikju vera að sækja í sig veðrið gagnvart etanól- og gasörnum.

Stjórnarandstaðan hafnaði Icesave-frumvarpi að fullu eftir tuttugu mínútna fund:

Steingrímur leggur einn fram

ICESAVE Forsætisráðherra og fjármálaráðherra áttu um tuttugu mínútna langan fund í gær með stjórnarandstöðunni um nýja Icesave-samninginn. Niðurstaðan varð sú að fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfnuðu því að fullu að leggja frumvarpið fram með fjármálaráðherra fyrir Alþingi.

Jóhanna Sigurðardóttir sagði í samtali við Stöð 2 að áhersla hefði verið lögð á að allir flokkar fylgdust að í málinu þegar það kæmi fyrir þingið, en þó hefði ekki náðst samkomulag um það.

Málið verður lagt sem stjórnarfrumvarp fyrir Alþingi í vikunni og mælir fjármálaráðherra fyrir því áður en það fer til umfjöllunar í fjárlaganefnd.

Samkomulagið um Icesave við Breta og Hollendinga er þó ekki bindandi á neinn hátt fyrir þá aðila sem eiga í hlut. Íslensk, bresk og hollensk stjórnvöld geta sagt sig einhliða frá samningunum fram til áramóta, eða þar til búið verður að afgreiða frumvarpið á Alþingi.

- sv

FUNDAÐ Forsætisráðherra og fjármálaráðherra funduðu með fulltrúum stjórnarandstöðunnar í gær þar sem ekkert samkomulag um Icesave-samningana náðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Viðurkenning Jafnréttisráðs:

Talskona hlýtur viðurkenningu

JAFNRÉTTISMÁL Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs fyrir árið 2010.Hún tileinkaði viðurkenninguna Stígamótum, Skottufélögunum 23 og konunum 50.000 sem hittust í bænum hinn 25. október í tilefni kvennafrídagsins.

Jafnréttisviðurkenningin var afhent í Iðnó á föstudag í átjánda sinn. Viðurkenningu hafa hlotið einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, eða félagasamtök, sem hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála.

Virðisaukaskattsvindlið:

Fjársvikamaður var látinn laus

LÖGREGLUMÁL Steingrímur Þór Ólafsson var á föstudag látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Varðhaldstíminn rann þá út og ekki var gerð krafa um áframhaldandi gæslu.

Steingrímur var handtekinn í Venesúela í Suður-Ameríku í október. Hann var afhentur íslenskum lögregluyfirvöldum í nóvember. Hann er grunaður um aðild að umfangsmiklu fjársvikamáli sem er til rannsóknar hjá lögreglu. Um er að ræða svik á virðisaukaskatti upp á um 270 milljónir króna.

Upphaflega voru sex handteknir vegna málsins, síðan sá sjöundi og loks Steingrímur. Þeir hafa allir verið látnir lausir.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að allt að fimmtán einstaklingar eiga von á ákæru vegna málsins. - jss

PwC svarar fyrir sig:

Skjöl verði birt fjölmiðlum

LÖGREGLUMÁL Pricewaterhouse-Coopers ehf (PwC) telur óhjákvæmilegt að svara fyrir sig í fjölmiðlum í kjölfar umfjöllunar um enduskoðun fyrirtækisins á reikningum Landsbankans og Glitnis. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem félagið sendi frá sér í gær.

Ástæður eru sagðar þær að fjallað hafi verið um vinnugögn sérstaks saksóknara og um meinta sakarannsókn á hendur félaginu vegna endurskoðunar á ársreikningum bankanna fyrir árið 2007.

Samkvæmt tilkynningu PwC verður fjölmiðlum veittur aðgangur að upplýsingum um endurskoðun á reikningum bankanna eins og framast er unnt samkvæmt lögum. Þá vill PwC vekja athygli á því að skýrslurnar sem sérstakur saksóknari hefur undir höndum eru ófullgerðar. - sv

Fjórðungur ferða er til Þorlákshafnar

Herjólfur hefur siglt til Þorlákshafnar í um 25 prósentum tilvika síðan Landeyjahöfn var opnuð í júlí. Bóki farþegar ferð til eða frá Landeyjahöfn fram í tímann eru þeir rukkaðir aukalega sé siglt til Þorlákshafnar vegna ófærðar.

SAMGÖNGUR Herjólfur hefur siglt til og frá Þorlákshöfn í um 25 prósent skipta síðan Landeyjahöfn var tekin í notkun hinn 21. júlí. Fargjald fyrir einn fullorðinn á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar kostar þúsund krónur, en til og frá Þorlákshöfn er fargjaldið 2.660 krónur.

Guðmundur Pedersen, rekstrarstjóri Herjólfs, segir fargjöld farþega taka mið af því hvert sé siglt hverju sinni. Gamla gjaldskráin á Þorlákshöfn gildi þegar siglt sé þangað.

„Ef búið er að ganga frá greiðslunni verður því ekki breytt, sé bókað sama dag og er siglt,“ segir Guðmundur. „Fargjaldinu er þó breytt ef bókað er far fram í tímann og siglingaáætlun breytist á því tímabili.“

Einungis er hægt að bóka far til og frá Landeyjahöfn á heimasíðu Herjólfs og þar kostar almennt fargjald þúsund krónur. Þær upplýsingar fengust hjá bókunarskrifstofu að fargjöld einstaklinga væru ekki hækkuð nema til kæmi sérstök fyrirmæli frá Eimskipi, rekstraraðila Herjólfs, um breytingar á siglingaáætlunum og þar með fargjöldum.

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun var Landeyjahöfn opin í gær, en Herjólfur sigldi engu að síður frá Þorlákshöfn.

„Ef skipstjóri telur að of mikil áhætta sé að sigla til Landeyjahafnar er hún lokuð hvað Herjólf varðar,“ segir Guðmundur. „Það eru þrír þættir sem geta valdið því að skipstjóri telji höfnina ófæra, það er of mikill vindur, ekki nægjanlegt dýpi og of mikil ölduhæð.“

HERJÓLFUR BERST VIÐ ÖLDURNAR Herjólfur hefur þurft að sigla oftar en hundrað sinnum til Þorlákshafnar síðan Landeyjahöfn var opnuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

	Ferðir í Landeyjahöfn	Ferðir í Þorlákshöfn	Aflýstar ferðir
júlí	60	0	1
ágúst	147	0	0
september	56	24	14
október	0	62	0
nóvember	74	22	6

Ívar Gunnlaugsson, skipstjóri á Herjólfi, segir að ekki hafi verið óhætt að sigla inn í höfnina sökum öldugangs og straums.

„Ég hefði nú ekki kallað hana opna,“ segir Ívar. „Það er einungis Herjólfur sem siglir um höfnina, svo ég veit ekki alveg fyrir hverja hún væri opin ef við sigldum ekki um hana.“

Framkvæmdir við Landeyjahöfn hófust um haustið 2008 og hafa kostað rúma fjóra milljarða króna. Kostnaður við dýpkun hafnarinnar eftir opnun er ekki ljós, en heildarkostnaður er enn undir upphaflegri kostnaðaráætlun. sunna@frettabladid.is

Wikileaksmaður í sendiráði:

Assange spjallaði við Watson

WIKILEAKS Julian Assange, stofnandi Wikileaks, átti í desember á síðasta ári gott spjall við Sam Watson, þáverandi staðgengil sendiherra Bandaríkjanna, í kokkteilboði í sendiráðinu við Laufásveg.

JULIAN ASSANGE

Þetta er haft eftir Birgittu Jónsdóttur, þingmanni Hreyfingarinnar, í breska vefmiðlinum First Post. Birgitta segist hafa boðið Assange með sér í sendiráðið, en þegar til kom hafi Assange farið einn.

Á þessum tíma hafði Assange komist yfir leyniskýrslurnar frá bandarísku sendiráðunum, sem þessar vikurnar eru að birtast á Wikileaks. Birgitta segir Assange hafa sagt sér að hann hafi skemmt sér vel í veislunni. - gb

Grunaðir um vopnað rán:

Gæsluvarðhald staðfest í gær

LÖGREGLUMÁL Þrír karlmenn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 20. desember næstkomandi í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Mennirnir eru allir um tvítugt og eru grunaðir um að hafa framið vopnað rán á Selfossi síðastliðinn laugardag.

Mennirnir eru grunaðir um að hafa ráðist inn í íbúð í bænum, vopnaðir hnífum, og hafa í hótunum við húsráðanda og gesti hans. Þeir höfðu á brott með sér tölvur og önnur verðmæti.

Þremenningarnir voru handteknir skömmu síðar. Þeir hafa allir komið áður við sögu lögreglu. Rannsókn málsins er þó enn í fullum gangi. - sv

Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 101 Reykjavík Sími 511 3340 Fax 511 3341 www.reyap.is

Viðbrögð dómsmálaráðherra vegna eftirlits bandaríska sendiráðsins kynnt í dag:

Óánægður með svör sendiráðsins

DÓMSMÁL Tilkynnt verður um viðbrögð íslenskra dómsmálayfirvalda vegna eftirlits bandaríska sendiráðsins í nágrenni sendiráðsbyggingarinnar í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er dómsmálaráðherra afar óánægður með svör bandaríska sendiráðsins.

Í hámæli komst í byrjun nóvember að bandaríska sendiráðið hafi starfrækt eftirlitshóp til að fylgjast með mannaferðum í nágrenni sendiráðsins.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra fór fram á að ríkislögreglustjóri upplýsti sig um hvort vitað hafi verið af eftirlitinu innan stofnunarinnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ráðherrann átt tvo fundi með ríkislögreglustjóra vegna málsins.

Þá hefur verið leitað skýringa sendiráðsins vegna eftirlitsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þær skýringar ekki verið taldar fullnægjandi, og mun Ögmundur ekki ætla að una því.

Málið er sagt á lokastigi athugunar í dómsmálaráðuneytinu, og verður samkvæmt heimildum tilkynnt um næstu skref í dag.

EFTIRLIT Fram hefur komið að undanfarin ár hefur hópur starfsmanna bandarísku sendiráðsins við Laufásveg fylgst með mannaferðum við sendiráðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftirlitshópar hafa verið starfræktir í öllum sendiráðum Bandaríkjanna frá því hryðjuverkaárásir voru gerðar á sendiráð landsins í Keníu og Tansaníu árið 1998. - bj

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur

í sólarhring!

Síðustu jóla- og áramótaferðirnar á ótrúlegu verði!

Vertu í viðbragðsstöðu því spretturinn hefst á morgun, miðvikudaginn 15. desember, klukkan 12:00 á plusferdir.is og stendur í 24 klst!

Sjá einnig fleiri frábær verðdæmi á plusferdir.is!

Jólaferðir

Kanarí
15 nætur 21. des - 5. jan

Verð frá:

89.900 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð á Las Arenas með 1 svefnherbergi.

Morgunmatur innifalinn

Áramót

Tenerife
6 nætur 29. des - 4. jan

Verð frá:

99.900 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á Hótel Fanabe Costa Sur í 6 nætur með morgunverði.

Hálft fæði og gala árámótakvöldverður

Áramót

Tenerife
7 nætur 29. des - 5. jan

Verð frá:

119.900 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á Hotel Fanabe Costa Sur með morgun- og kvöldmat og sérstökum gala áramótakvöldverði.

Sjaldan hafa jóla- og áramótaferðirnar verið á eins hlægilegu verði og nú!

Íslendingar sækja til Kanarí og Tenerife allan veturinn. Flestir fara aftur og aftur enda erfitt að finna betri áfangastaði fyrir vetrarfríið. Loftslagið er hvorki of heitt né of kalt, heldur stöðugur og þægilegur andvari. Strandbæir liggja meðfram sjónum sem kafarar, brimbrettafólk og baðgestir sækja í. Á kvöldin kviknar næturlíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá diskótekum til rólegra og huggulegra kráa.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

* innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

GENGIÐ 13.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,16	115,7
Sterlingspund	181,17	182,05
Evra	152,22	153,08
Dönsk króna	20,417	20,537
Norsk króna	19,197	19,311
Sænsk króna	16,693	16,791
Japanskt jen	1,366	1,374
SDR	176,61	177,67

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,2638

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verslunareigendur og bæjaryfirvöld í Garðabæ vilja skýringar frá stjórn ÁTVR:

Mótmæla lokun vínbúðar á Garðatorgi

VERSLUN Eigendur og starfsfólk fyrirtækja á Garðartorgi hafa sent áskorun til bæjaryfirvalda í Garðabæ um að fyrirhugaðri lokun Vínbúðar ÁTVR um áramót verði mótmælt. Bæjarráð kveðst ætla að leita skýringa hjá ÁTVR.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir ástæðuna fyrir lokun Vínbúðarinnar á Garðatorgi áður hafa komið fram. Það sé mat fyrirtæksins að búðin þjóni ekki Garðbæingum. Reksturinn sé óhagkvæmur og þar sem núverandi leigusamningur renni út um áramót hafi verið afráðið að loka þá.

„Ef maður ber saman Vínbúðina í Garðabæ við Vínbúðir í öðrum bæjarfélögum, eins og til dæmis Mosfellsbæ þar sem eru færri íbúar, þá er salan þar að meðaltali fjórutíu til fimmtíu prósentum minni," útskýrir Sigrún og segir þess utan hægt og bítandi draga úr sölunni á Garðatorgi.

„Við erum mjög áhyggjufull yfir meiri niðursveiflu á Garðatorgi," segir í fyrrnefndri áskorun fyrirtækjanna á Garðatorgi. „Við vonumst til að þetta sé ekki „pólitískt viðhorf" stjórnarflokkanna um breytta staðsetningu innan Garðabæjar til að styrkja verslun við Litlatún."

Sigrún Ósk segir að ákvörðuninni verði ekki haggað þótt ekki sé útlokað að opnað verði annars staðar í Garðabæ síðar. „Við viljum horfa á svæðið sem er Hafnarfjörður, Kópavogur og Garðabær í heild og finna framtíðarlausn þar," segir aðstoðarforstjóri ÁTVR. - gar

VÍNBÚÐIN Verslunarfólk á Garðartorgi óttast að lokun Vínbúðarinnar orsaki meiri niðursveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Norðmenn semja um makríl:

Íslendingarnir gengu af fundi

SJÁVARÚTVEGUR Norðmenn hafa samið við Evrópusambandið um makrílkvóta fyrir árið 2011, þannig að heildarkvóti verði 646 þúsund tonn.

Íslendingar og Færeyingar gengu hins vegar af fundi án niðurstöðu og er veiði þeirra því ekki inni í þessari tölu.

Í breska dagblaðinu Independent segir að viðskiptastríð Evrópusambandsins við Íslendinga og Færeyinga sé í uppsiglingu vegna málsins.

Ian Gatt, framkvæmdastjóri samtaka skoskra uppsjávarveiðimanna, fagnar því að „Evrópusambandið og Noregur hafi ekki látið kúga sig til þess að taka óábyrgar veiðar Íslands og Færeyja með í reikninginn." - gb

Gæsluvarðhald staðfest:

Systirin sagði til árásarmanns

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að karlmaður sem réðst á stúlku með barefli á göngustíg í Laugardal í Reykjavík og stórslasaði hana skuli sæta gæsluvarðhaldi til 7. janúar.

Árásin var algjörlega tilefnislaus. Það var systir árásarmannsins sem sagði lögreglu að hann hefði játað athæfið fyrir sér. Hann hefði verið undir áhrifum vímuefna. - jss

LEIÐRÉTTING

Í fréttaskýringu á síðu 10 í blaðinu í gær var sagt að Cofisys væri norskt fyrirtæki en það er franskt. Þá var sagt að Lynx Advokatfirma væri franskt en það er norskt.

Vilja friða hús frumkvöðla

Húsafriðunarnefnd vill að fjögur einbýlishús eftir arkitektana Manfreð Vilhjálmsson, Högnu Sigurðardóttur og Guðmund Kr. Kristinsson verði friðuð. Formaður nefndarinnar segir húsin teljast til þjóðminja.

MENNINGARMÁL Einbýlishúsin á Bakkaflöt 1 og í Mávanesi 4 í Garðabæ eru meðal fjögurra einbýlishúsa sem Húsafriðunarnefnd telur að friða eigi sem merk framlög til íslenskrar byggingarlistar.

Auk áðurnefndra tveggja húsa leggur Húsafriðunarnefnd til við menntamálaráðherra að húsin í Brekkuskógum 8 og 10 á Álftanesi verði friðuð. Álftaneshúsin, sem eru frá upphafi sjöunda áratugarins, eru teiknuð af Manfreð Vilhjálmssyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni. Manfreð hannaði Mávanes 4 og húsið á Bakkaflöt 1 er eftir Högnu Sigurðardóttur.

„Við lítum aðallega á friðunina þannig að við séum að gera viðvart um að viðkomandi hús teljist til þjóðminja," segir Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar.

„Á meistaralegan hátt tekst höfundi að endurskapa andrúm og efniskennd íslenskra torfbæja í nútímalegum formum og frjálsri rýmisskipan. Þessi frumlega túlkun á sérkennum íslenskrar byggingarlistar hefur orðið til þess að margir hafa tilnefnt þetta hús sem eitt merkasta framlag einstaklings til íslenskrar nútímabyggingalistar," segir í umsögn Húsafriðunarnefndar um húsið Bakkaflöt 1 sem byggt er árið 1965.

Um Mávanes 4, sem byggt er 1964, segir Húsafriðunarnefnd að styrkur hússins felist ekki síst í tengslum þess við umhverfið. „Það er að margra mati í hópi merkustu verka á sviði íslenskrar nútímabyggingarlistar," segir nefndin.

Nikulás segir Húsafriðunarnefnd hafa viljað friða tvö hús til viðbótar, Mávanes 7 eftir Guðmund Kr. Kristinsson og Sunnubraut 36 í Kópavogi eftir Högnu. Hætt hafi verið við friðun fyrra hússins vegna andstöðu eiganda þess en enn séu viðræður í gangi við eiganda síðarnefnda hússins.

Sú friðun sem lögð er til nær til ytra byrðis húsanna. „Fólk heldur stundum að við munum koma daginn sem húsið er friðað og henda því út. Í raun eru kvaðirnir sem fylgja friðun ekkert meiri en þær kvaðir sem eru á eigendum húsa eins og þær eru skilgreindar í skipulags- og byggingarlögum og byggingarreglugerð," útskýrir Nikulás Úlfar Másson.

gar@frettabladid.is

Hús friðuð á árinu 2010

Heimilisfang	Heiti húss	Byggingarár	Hvað friðað
Laufásvegur 7	Þrúðvangur	1918	Friðunin taki til ytra byrðis og fastra innréttinga, m.a. útskorinna hurða og lágmynda í stofum hússins ásamt aðalhurð og stiga.
Gljúfrasteinn	Gljúfrasteinn	1945	Ytra byrði hússins
Kirkjuteigur 24	Laugarnesskóli	1934	Friðunin nær til ytra byrðis hússins og miðrýmis skólans í seinni byggingaráfanga hans
Hvítárnes	Skáli Ferðafélags Íslands	1930	Ytra byrði skálans
Framnesvegur 20-26B	Bankahúsin	1923	Ytra byrði húsanna
Hringbraut 43-49	Hringbraut 43-49	1943-1944	Ytra byrði
Hringbraut 35-41	Hringbraut 35-41	1942-1944	Ytra byrði

Heimild: Húsafriðunarnefnd.

BAKKAFLÖT 1 Valið eitt af 100 merkustu byggingum 20. aldar í norður- og miðhluta Evrópu í alþjóðlegu yfirlitsriti, segir Húsafriðunarnefnd um húsið sem Högna Sigurðardóttir teiknaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MÁVANES 4 Höfundareinkenni Manfreðs Vilhjálmssonar birtast í yfirborðsmótun steinsteypu og samspili útveggja við létta burðargrind. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jólaskeiðin 2010
Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veður-fréttamaður

SNÖGGAR BREYTINGAR
Það gengur í stífa norðanátt til morguns og kólnar allverulega um allt land. Éljagangur norðan- og austanlands en léttir til sunnan heiða. Það lítur út fyrir heldur versnandi veður á fimmtudag og föstudag.



Á MORGUN
8-15 m/s, en 15-20 við austurströndina.

FIMMTUDAGUR
Hvöss norðanátt, hvassast NA-til.

HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	1°
Berlín	-1°
Billund	-2°
Frankfurt	-3°
Friedrichshafen	-5°
Gautaborg	-3°
Kaupmannahöfn	-3°
Las Palmas	23°
London	3°
Mallorca	15°
New York	0°
Orlando	11°
Ósló	-5°
París	1°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52715 12/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

SKELLTU ÞÉR Í SÓLINA – BURT ÚR SKAMMDEGINU:

ORLANDO

LOGANDI HEITT JÓLATILBOÐ

Flug frá **29.900** kr.*

Flug og gisting frá **69.900** kr.**

Kynnið ykkur hvar þið getið notið lífsins í vetur og alla möguleikana sem eru í boði í Orlando á www.icelandair.is

Betra sætisrými, þinn eigin persónulegi skjár, meira en 150 klst. af afþreyingu og barnaefni á íslensku.

FLUG OG GISTING Í SÓLINNI – FJÓRÐA HVER NÓTT ÁN ENDURGJALDS

Gisting á Extended Stay við International Drive:
Þú gistir í 4 nætur en greiðir aðeins fyrir 3;
þú gistir í 8 nætur en greiðir aðeins fyrir 6 o.s.frv.

FLUG Í SÓLINA

Flugfar til Orlando í Flórída frá aðeins 29.900 kr.* aðra leiðina.

PUNKTAÐU NIÐUR SÓLINA

15.000 Vildarpunktar jafngilda 10.000 krónum.

VILDARKLÚBBUR ICELANDAIR

Félagar safna Vildarpunktum í öllu áætlunarflugi Icelandair. Þessir pakkar gefa 4.800 til 7.680 Vildarpunkta.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Sölutímabil til 30. desember. Ferðatímabil: 11. janúar–1. mars. *Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. **Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar og gisting í 4 nætur á mann í tvíbýli á Extended Stay.
Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

KJÖRKASSINN



Gefur þú bók eða bækur í jólagjöf?

Já 70,9%

Nei 29,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Styður þú bann við búrkum (höfuðklæðum íslamskra kvenna) á Íslandi?

Vísir

Fyrrverandi starfsmaður íslenska sendiráðsins í Vín dæmdur:

Dró sér fé vegna spilafíknar

DÓMSMÁL Tæplega þrítug kona hefur verið dæmd í tveggja ára fangelsi fyrir að draga sér 335.768 evrur, ríflega fimmtíu milljónir króna, frá íslenska sendiráðinu í Vín, þegar hún starfaði þar. Alls eru 22 mánuðir af fangelsisdómnum skilorðsbundnir.

Konan játaði sök fyrir dómi. Hún lýsti því yfir að hún hefði dregið sér fé vegna spilafíknar. Upp komst um fjárdráttinn í október á síðasta ári og var málið kært til lögreglu.

Ofangreinda upphæð dró konan sér á tímabilinu 2. mars til 6. október á síðasta ári. Fjármunina millifærði hún í 193 skömmtum af reikningi sendiráðsins, sem hún hafði prókúru fyrir, yfir á eigin bankareikning. Hún hafði endurgreitt tæpar 77.000 evrur, nærri fjórðung fjárins, áður en dómur var kveðinn upp. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess að hún játaði skýlaust brot sitt og vísaði á gögn sem flýttu rannsókn málsins. Hins vegar hafi verið um að ræða stórfellt brot sem náði yfir sjö mánaða tímabil.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Dæmdi konunna í tveggja ára fangelsi, þar af 22 mánuði á skilorði.

Auk fangelsisrefsingarinnar var konan dæmd til þess að greiða sendiráðinu eftirstöðvar þeirrar upphæðar sem hún hafði dregið sér.

- jss

Valitor vill leiðrétta ranghermi:

Engin tengsl við Wikileaks

TÆKNI Greiðslukortaþjónustan Valitor hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem kemur fram að fyrirtækið hafi aldrei átt í viðskiptum við heimasíðuna Wikileaks.

„Valitor sér ástæðu til að leiðrétta hvimleiðan misskilning sem leikur lausum hala í umfjöllun um kortaþjónustu við Wikileaks og tengir Valitor við málið," segir í tilkynningunni. Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor, vill enn fremur leggja áherslu á að fyrirtækið hafi aldrei átt neina aðild að málinu.

- sv

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

Súr hvalur

Ekta hvalur, vel súr og góður.

Humar 2000 kr.kg

Óbarinn harðfiskur

Að vestan

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Hvergi fleiri skráðir í stjórnmálaflokka

42 prósent íslenskra kjósenda eru skráð í stjórnmálaflokk. Hlutfallið er miklu hærra en þekkist annars staðar. Ástæður eru prófkjör og að engar kröfur eru gerðar til meðlima í flokkunum, segir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

STJÓRNMÁL Um 42 prósent íslenskra kjósenda, tæplega 100 þúsund manns, eru skráð í stjórnmálaflokka. Hlutfallið er töluvert hærra en dæmi eru um annars staðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði, sem birtist í ritinu Stjórnmál og stjórnsýsla sem kemur út í dag.

„Slíkar tölur eru ekki til í neinum öðrum löndum. Það land sem hefur verið talið með flesta meðlimi í stjórnmálaflokkum er Austurríki með um sautján prósent, og svo Finnland með ellefu prósent. Við erum sem sagt með fjórfalt hærra hlutfall en Finnar," segir Gunnar Helgi. Hann segir að talan 42 prósent komi úr meðlimaskrám stjórnmálaflokkanna, en í könnunum segjast 27 prósent kjósenda vera í flokki. „Ef þú spyrð hvort fólk sé virkt í flokkunum er hlutfallið tólf prósent." Gunnar Helgi bað fólk sem þekkir til flokkanna að meta hversu margir væru virkir. „Með þeim hætti komst ég niður í tölu sem er um 1,1 prósent. Úr 42 í 1,1 prósent, það er dálítið fall. Það segir okkur sennilega að þessar tölur endurspegla ekki sams konar veruleika og tölur í öðrum löndum.

> Fyrir meðlimi lítur þetta þannig út: ef mig langar í pólitík, af hverju ætti ég að fara þá leið að leggja á mig starf fyrir flokkinn þegar það væri sennilega miklu snjallari leið að fá vinnu sem sjónvarpsfréttamaður eða eitthvað slíkt, verða þekkt andlit, vinna síðan prófkjör.
>
> **GUNNAR HELGI KRISTINSSON**
> PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI

Gunnar Helgi segir langsamlega líklegustu skýringuna á tölunum vera prófkjör, sem laði gríðarlegan fjölda fólks inn á flokksskrárnar. „Flokkarnir gera í vaxandi mæli kröfu um að þú sért meðlimur og það þýðir að flokksskrárnar bara bólgna, en vegna þess að það eru engar kröfur gerðar til þín sem flokksmanns hefur fólk ekkert fyrir því að segja sig úr flokkunum aftur. Ég þekki sjálfur fjölda fólks sem er í öllum flokkunum. Það er engin fyrirstaða, engin gjöld, engin krafa um að þú gerir neitt, engin hugmynd um einhverjar skyldur við flokkinn svo þetta eru bara frígæði."

Við fyrstu sýn gæti þetta sýnst vera sérstakt styrkleikamerki en Gunnar Helgi telur að því sé einmitt öfugt farið og þetta sé veikleikamerki á því lýðræðislega starfi sem á að eiga sér stað innan stjórnmálaflokka. Þetta drepi meðlimastarfið í flokkunum, þeir verði bara eins og aðrir kjósendur. „Fyrir meðlimi lítur þetta þannig út: ef mig langar í pólitík af hverju ætti ég að fara þá leið að leggja á mig starf fyrir flokkinn þegar það væri sennilega miklu snjallari leið að fá vinnu sem sjónvarpsfréttamaður eða eitthvað slíkt, verða þekkt andlit, vinna síðan prófkjör. Það er miklu betri leið ef þig langar í pólitík. Það er ekki gott fyrir flokkana því það þýðir að það er enginn til staðar til að sinna þessu daglegu starfi."

thorunn@frettabladid.is

PORSCHE

Porsche Cayenne Turbo 450 hö | Verð 4.890.000

Porsche Cayenne Turbo 12/2003, ekinn 115,000 km., 450 hö, leðurklæddur, Bose hljómtæki, topplúga, loftpúðafjöðrun, dráttarbeisli, litað gler, 18" felgur, heilsársdekk, leiðsögukerfi o.fl.

Staðgreitt kr. 3.990.000

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Bílabúð Benna notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - www.benni.is
S: 587 1000 - Opið í dag frá kl. 12 - 16

Engar viðræður í gangi að sögn upplýsingafulltrúa skilanefndar Landsbankans:

Bjóða 270 milljarða í Iceland

VIÐSKIPTI Fjárfestar frá Barein hafa lýst yfir áhuga á að kaupa verslanakeðjuna Iceland á 1,5 milljarða sterlingspunda, jafnvirði um 270 milljarða króna. Þetta hefur verið fullyrt í breskum fjölmiðlum undanfarna daga.

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans, sem á um 67 prósent í keðjunni, segir þó engar viðræður í gangi um söluna, hvað þá að borist hafi formlegt tilboð. Þó megi gera ráð fyrir því að keðjan verði seld á næsta ári.

Malcolm Walker og aðrir stjórnendur fyrirtækisins lýstu yfir áhuga á að kaupa keðjuna á milljarð punda fyrr í haust. Síðan þá hefur ekki orðið vart við mikinn áhuga, þar til fjárfestarnir frá Barein gerðu vart við sig, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Þá greindi fréttastofa Stöðvar 2 frá því á sunnudag að fjárfestar frá Mið-Austurlöndum hefðu hug á að kaupa leikfangaverslanirnar Hamley's fyrir jafnvirði tíu milljarða. Það munu ekki vera þeir sömu og hafa lýst yfir áhuga á Iceland-keðjunni.

- sh

ICELAND Malcolm Walker og aðrir stjórnendur félagsins lýstu fyrir áhuga á því fyrir skemmstu.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

Epli og spil

iMac 27”

3,2GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5670 512MB
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og
þráðlaus Magic Mouse

Öllum tölvum, sem keyptar eru fyrir jól, fylgir:

1 mánaðar áskrift hjá Tónlist.is
Nánar á www.tonlist.is

3 mánaða áskrift hjá Snara.is
Nánar á www.snara.is

Tilboð

Eye TV Hybrid USB sjónvarpsmóttakari
22.990.-
til jóla með keyptum tölvum hjá Epli.is

Verð: 299.990,-

MacBook Pro 13,3”

Intel Core 2 Duo
4GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
2x USB - FireWire 800
Baklýst íslenskt lyklaborð

Verð: 209.990.-

MacBook 13”

Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
2x USB
Íslenskt lyklaborð

Verð: 169.990.-

iPhone 4

iPhone 4 er án efa einn vandaðasti snjallsíminn á markaðinum í dag.

NOVA
1GB gagnanotkun á mánuði í 6 mánuði frá Nova fylgir öllum iPhone símum til jóla

Verð frá: 139.990.-

Afgreiðslutími jólin 2010

fös 17. des:	10-20
lau 18. des:	10-18
sun 19. des:	10-16
mán 20. des:	10-20
þri 21. des:	10-20
mið 22. des:	10-21
Þorláksmessa:	10-21
Aðfangadag:	10-12
27.-30. des:	10-18
Gamlársdag:	10-12

Ókeypis **námskeið** alla fimmtudaga

Lærðu að útbúa Jólakort í **iPhoto**

www.epli.is/fraedsla

iPod nano

8GB - 36.990.-
16GB - 44.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Njóttu öryggis

Mikið úrval slökkvitækja og öryggisbúnaðar
oryggi.is
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
VEFVERSLUN
PIPARTBWA- SÍA

Auglýsingasími
512 50 50

Allt sem þú þarft...

Ákærð fyrir að hafa dregið sér tólf milljónir króna:

Lögmaður sakaður um fjárdrátt

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært tæplega fimmtugan héraðsdómslögmann fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið sér tólf milljónir króna.

Konunni sem um ræðir er gefið að sök að hafa í nóvember 2006 og fram í febrúar 2007 í starfi sem héraðsdómslögmaður dregið sér og einkahlutafélögum sem hún stjórnaði milljónirnar tólf. Lögmaðurinn tók við fjármununum árið 2006 frá forsvarsmanni byggingafélags og áttu þeir að ganga sem kaupverð til greiðslu veðskulda á byggingalóð í Hafnarfirði eigi síðar en 1. desember sama ár vegna kaupa félagsins á lóðinni, samkvæmt kaupsamningi, sem lögmaðurinn samdi.

Konan lét leggja peningana inn á almennan tékkareikning í eigu einkahlutafélags síns, en ekki sérstakan fjárvörslureikning svo sem lögskylt er. Hún stóð ekki í skilum með kaupverðið heldur ráðstafaði fjármunum af reikningnum ýmist í eigin þágu eða inn á bankareikninga einkahlutafélaga sem hún stjórnaði.

- jss

FJÁRDRÁTTUR Lögmaðurinn tók við fjármununum frá forsvarsmanni byggingafélags.

ATARNA
SIEMENS
Þvottavél
WM 10A163DN
á hreint frábærum kjörum!
Tekur mest 5 kg, vindur upp í 1000 sn./mín.
Með íslensku stjórnborði.
Orkuflokkur A.
Jólaverð:
84.900 kr. stgr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



TANNLÆKNINGAR Landlæknir segir að athugað verði hvernig skráningu heilsufarsupplýsinga á stofu tannlæknisins á Suðurnesjum sé háttað.

Landlæknir skoðar reikninga tannlæknis

Forráðamenn Sjúkratrygginga Íslands leituðu álits landlæknis þegar ákveðið var að stöðva greiðsluþátttöku vegna verka ákærðs tannlæknis á Suðurnesjum. Landlæknir segir embættið ekkert hafa með þann þátt málsins að gera.

SJÚKRATRYGGINGAR „Það er alfarið mál Sjúkratrygginga Íslands," segir Geir Gunnlaugsson landlæknir spurður álits á ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) þess efnis að hætta viðskiptum við tannlækni á Suðurnesjum sem ákærður hefur verið fyrir fjársvik upp á 129 þúsund krónur. Geir segir landlæknisembættið ekkert hafa með þann þátt málsins að gera og sé það einungis á hendi Sjúkratrygginga.

Sjúkratryggingar rituðu landlæknisembættinu bréf vegna ákvörðunarinnar um stöðvun á endurgreiðslum til tannlæknisins þar sem segir að ákvörðunin verði tekin til endurskoðunar staðfesti landlæknir að starfsemi tannlæknisins uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf.

Spurður hvort embættið hafi svarað því bréfi segir landlæknir svo ekki vera, en hann og forstjóri SÍ hafi rætt málið.

GEIR GUNNLAUGSSON

Dómur hefur enn ekki gengið í málinu og spurður hvað það þýði verði tannlæknirinn sýknaður eða málinu vísað frá dómi segir landlæknir ákvörðunina um að kæra hann til lögreglu alfarið hjá SÍ. Komi til sýknu eða frávísunar verði SÍ eða stjórnvöld að taka ákvörðun í framhaldi af því.

Landlæknir segir hins vegar faglegan þátt málsins vera á borði landlæknisembættisins.

„Hinn faglegi þáttur í starfi tannlæknisins verður skoðaður og hvernig hann samræmist þeim reikningum sem eru fram reiddir af hans hálfu til Sjúkratrygginga. Það er vinna sem er í gangi hjá okkur." Landlæknir segir einnig að athugað verði hvernig skráningu heilsufarsupplýsinga á stofu tannlæknisins sé háttað. Ákveðnar reglur séu um hvað eigi að skrá í heilbrigðisþjónustu og hvernig eigi að skrá það. Landlæknisembættið muni fá tannlækni til að inna af hendi þá vinnu hvað varðar tannlækninn á Suðurnesjum.

„Þetta mál hefur verið lengi til skoðunar og Sjúkratryggingar hafa haft óþægilegan grun um að ekki væri allt með felldu. Þess vegna hafa ákveðnir þættir í starfi þessa tiltekna tannlæknis verið til skoðunar sem Landlæknisembættið hefur komið að fyrr á árum, áður en ég kom til starfa. En nú þegar liggja fyrir gögn sem sýna ósamræmi milli framlagðra reikninga og tannviðgerða." jss@frettabladid.is

Tillögur starfshóps um Friðarstofnun Reykjavíkur væntanlegar í byrjun nýs árs:

Reykjavík styðji við framgang friðar

REYKJAVÍK Tillagna um hvernig staðið verði að Friðarstofnun Reykjavíkur er að vænta í byrjun nýs árs.

Starfshópur fjögurra borgarfulltrúa hefur fjallað um málið síðustu mánuði, aflað upplýsinga og leitað hugmynda. Liður í því var fundur tveggja fulltrúa, Júlíusar Vífils Ingvarssonar og Óttars Proppé, með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta á dögunum. „Við höfum hitt ýmsa aðila sem hafa unnið að friðarmálum og alþjóðasamskiptum," segir Óttarr.

Unnið er á grundvelli tillögu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar sem samþykkt var í borgarstjórn á síðasta kjörtímabili. Er hún spunnin utan um Höfðafund Reagans og Gorbatsjovs 1986.

HÖFÐI Leiðtogar stórveldanna hittust í Reykjavík 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hugmyndin er að nýta styrkleika borgarinnar til að vinna að friðarmálum og sjá hvernig hún getur stutt við framgang friðar. Þetta er enn mjög opið. Reykjavík fer líklega ekki að keppa við risastórar og vel fjármagnaðar stofnanir í útlöndum þannig að við þurfum að nýta íslenska töfffaraskapinn til að gera eitthvað skemmtilegt," segir Óttarr.

Umhverfismál eru undirliggjandi í starfi hópsins, sem að sögn Óttars skilgreinir verkefni sitt vítt. „Friður felst ekki bara í því að stoppa byssukúlur heldur stuðla almennt að friðsamlegra og betra lífi." Endurnýjanleg orka og sjálfbær þróun skipti þannig máli. - bþs

FÉLAGSFUNDUR HJÁ VM
MIÐVIKUD. 15. DES. KL. 20
VM HÚSINU STÓRHÖFÐA 25
DAGSKRÁ
- Kynning á árangri VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs
- Niðurstaða á netkönnun um kröfur VM í komandi kjarasamningum.
- Staðan í kjaramálum
- Önnur mál
Félag vélstjóra og málmtæknimanna
VM ► Stórhöfða 25 ► 110 Reykjavík ► sími 575 9800 ► www.vm.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Ef þú vilt geta notið eftirlaunaáranna verður það mikilvægara með hverju árinu að greiða iðgjöld í frjálsa viðbótarlífeyristryggingu svo að þú eigir nægan höfuðstól til að geta látið drauma þína rætast

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VERSICHERUNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe

Lög um Stjórnarráð breytast talsvert

Í tillögum um breytingar á Stjórnarráðinu er mælst til samábyrgðar ríkisstjórna, hæfnisnefnda í ráðningum og skýrari laga um hlutverk ráðherra. Forsætisráðherra vonast til að frumvarp um málið verði lagt fram á vorþingi.

STJÓRNMÁL Stjórnarráðið, ráðuneyti, stofnanir og ríkisstjórn geta unnið betur saman og það er lykillinn að framtíðinni. Þetta kom fram í máli Arnars Þórs Ólafssonar, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu. Hann er formaður nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, en skýrsla nefndarinnar var kynnt í gær.

Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að tryggja eigi pólitíska samábyrgð ríkisstjórna í ákveðnum málum og koma betra lagi á ríkisstjórnarfundi. Þá er æskilegt að fjölga pólitískum aðstoðarmönnum og fjarlægja heiti ráðuneyta úr lögum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segist fylgjandi tillögum nefndarinnar og ætlar að beita sér fyrir því að þær verði að lögum. Hún vonast til þess að hægt verði að mæla fyrir frumvarpinu eftir áramót.

Í nefndinni sátu einnig Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur, Páll Þórhallsson og Hafdís Ólafsdóttir, skrifstofustjórar í forsætis- og fjármálaráðuneytum.

Nefndin telur að enn sé þörf fyrir sérstök lög um Stjórnarráð Íslands, en að fella eigi niður ákvæði laganna þar sem heiti ráðuneytanna eru tilgreind. Með þessum hætti geti hver ríkisstjórn ákveðið fjölda ráðuneyta og heiti þeirra, einkum við stjórnarmyndun.

Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU Nefndin kynnti niðurstöður skýrslu sinnar ásamt forsætisráðherra í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skilgreina á hlutverk ráðherra og ráðuneytisstjóra með skýrum hætti. Einnig telur nefndin æskilegt að tryggja með einhverjum hætti pólitíska samábyrgð ríkisstjórna í ákveðnum málum, en þó á hún ekki að verða fjölskipað stjórnvald. Ríkisstjórnin eigi þó að hafa meira að segja, til dæmis um veitingu æðstu embætta í ráðuneytum og stofnunum, stefnumótandi yfirlýsingar, fjárhagslega skuldbindandi ákvarðanir og þýðingarmiklar reglugerðarbreytingar.

Skýra þarf betur hlutverk ráðuneyta gagnvart sjálfstæðum stofnunum, en bæði Jóhanna og Arnar Þór nefndu í máli sínu að þetta hlutverk væri óskýrt í núverandi lögum. Ráðherrar hefðu jafnvel talið að þeir mættu varla tala við forstöðumenn slíkra stofnana.

Koma á mannauðseiningu á fót innan Stjórnarráðsins. Þá á að setja á fót annaðhvort hæfnismatsnefnd eða ráðningarnefnd þegar ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og forstöðumenn ríkisstofnana eru ráðnir.

thorunn@frettabladid.is

Meiri jól, meiri jól, meiri jól

Partý Alias spilið fylgir á meðan birgðir endast

Vodafone 845

Einn ódýrasti Android snjallsíminn á Íslandi í dag.Frábær snertiskjásími með 3.2 megapixla myndavél og tónlistarspilarara.

0 kr. útborgun

og 2.083 kr. á mán. í 12 mán.
Netið í símann, 100 MB, fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 24.990 kr.

Power to you

vodafone.is

Við afborgunarverð á farsímum bætist við 250 kr. greiðslugjald á mánuði.

HJÁLPARSTARF HEIMA OG HEIMAN

Hjálparstarf kirkjunnar

GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

HELMINGUR FRAMLAGA RENNUR TIL AÐSTOÐAR INNANLANDS

Í fátækustu ríkjum Afríku vinnum við að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu og almenna afkomu. Við eflum fólk til sjálfshjálpar og styrkjum konur sérstaklega.

Hér heima veitum við fjölskyldum í fjárhagsvanda aðstoð með ráðgjöf, mat, fatnaði, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn. Það eru því margir sem treysta á þitt framlag, bæði hér heima og erlendis.

Þú getur valið:
- valgreiðslu í heimabanka
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- frjálst framlag á framlag.is
- 907 2002 fyrir aðstoð innanlands
- 907 2003 fyrir aðstoð erlendis
- söfnunarreikning: 0334-26-50886 kt. 450670-0499

PIPARTBWA - SÍA - 102921

Menntamálanefnd gagnrýnir Hraðbraut í skýrslu:

Brást eftirlitsskyldu sinni

MENNTAMÁL Mennta- og menningarmálaráðuneytið brást eftirlitsskyldu sinni með framkvæmd þjónustusamninga við Menntaskólann Hraðbraut á árunum 2004 til 2007. Kemur þetta fram í nýrri skýrslu menntamálanefndar Alþingis.

Skýrslan er í heild hörð gagnrýni meirihluta nefndarinnar á starfshætti eiganda Hraðbrautar og þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, en ráðuneytið felldi niður skuldir skólans sem námu rúmum 92 milljónum króna.

Ólafur Haukur Johnsson, skólastjóri og eigandi Hraðbrautar, greiddi sér út alls 82 milljónir króna í arð á árunum 2003 til 2009, er kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem var með málið til umfjöllunar í haust. Þá námu ofgreiðslur úr ríkissjóði um 192 milljónum króna.

Einnig kemur fram að 95 milljónir voru greiddar út í arð frá fyrirtækinu Faxafen ehf. sem leigði skólanum húsnæði, en það er einnig í eigu Ólafs og eiginkonu hans.

- sv

TAIMOUR ABDULWAHAB Vinsæll í moskunni í Luton þar til hann fór að boða öfgar.

NORDICPHOTOS/AFP

Gagnrýndur fyrir öfgatrú

Maðurinn sem sprengdi sig í Stokkhólmi bjó á Englandi, þar sem múslimar gagnrýndu hann fyrir öfgar. Tókst ekki að valda því tjóni sem hann stefndi að.

SVÍÞJÓÐ, AP „Hann var með þrjú sprengjusett og ég held ekki að hann hafi ætlað sér að sprengja bara sjálfan sig í loft upp," segir Tomas Lindstrand, saksóknari í Stokkhólmi. „Þetta mistókst, sem betur fer."

Sprengjuárásin sem gerð var í miðborg Stokkhólms á laugardag kostaði engan annan en árásarmanninn lífið, en tveir vegfarendur særðust.

Lindstrand segir að sprengjumaðurinn hafi verið Taimour Abdulwahab, 28 ára gamall maður sem var ættaður frá Mið-Austurlöndum en fékk sænskan ríkisborgararétt fyrir átján árum. Hann hafði búið í Bretlandi undanfarin tíu ár en kom til Svíþjóðar núna í tengslum við afmæli föður síns.

Skömmu fyrir dauða sinn hafði hann sent hótunarskeyti í tölvupósti, þar sem meðal annars var talað um „heilagt stríð".

„Hann var vel búinn sprengjuefnum, svo ég tel óhætt að giska á að ferðinni hafi verið heitið á stað þar sem væri sem allra flest fólk, kannski á aðalbrautarstöðina, kannski í Åhlens-verslunarmiðstöðina," sagði Lindstrand.

Hann segir að Abdulwahab hafi verið með sprengjur festar við sig, fleiri sprengjur í bakpoka og loks var hann með „eitthvað sem leit út eins og þrýstipottur".

Að minnsta kosti hluta tímans í Bretlandi bjó hann í borginni Luton, sem er skammt norðan við London. Þar stundaði hann háskólanám árin 2001 til 2004. Einnig sótti hann þar miðstöð múslima í nokkra mánuði árin 2006 og 2007, en hætti að koma þangað eftir að hann fékk á sig gagnrýni fyrir að vera of róttækur.

Farasat Latif, ritari moskunnar í Luton, segir hann hafa verið vinalegan og líflegan mann sem til að byrja með var vel liðinn. Það hafi þó breyst þegar hann fór að boða öfgar í trúnni.

„Dag nokkurn við morgunbæn í ramadan-mánuði – þá voru um hundrað manns komnir þar saman – stóð bænaformaðurinn upp og afhjúpaði hann, varaði við hryðjuverkum, sjálfsvígssprengingum og slíku. Hann vissi að þessu var beint gegn sér og stormaði út úr moskunni. Hann sást aldrei aftur," sagði Latif.

Á sunnudaginn birtist nafn Abdulwahabs á vefsíðu tengdri hryðjuverkasamtökunum Al Kaída. Skilaboð frá honum bárust sænsku lögreglunni og sjónvarpsstöðinni TT á sunnudag, stuttu áður en hann sprengdi sig í loft upp í Stokkhólmi. Í skilaboðunum var minnst á heilagt stríð, talað um þátttöku sænska hersins í hernaðinum í Afganistan og minnst á sænska teiknarann, sem teiknaði Múhameð spámann í líki hunds.

gudsteinn@frettabladid.is

FÁÐU GÓÐAR JÓLAGJAFIR FYRIR N1 PUNKTANA ÞÍNA

Vr: A900 85060735
BUBBI – SAMTALSBÓK
FULLT VERÐ KR. 2.490
490 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A900 85060691
SODASTREAM
FULLT VERÐ KR. 24.990
13.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A156 85060669
REMINGTON SLÉTTUJÁRN
FULLT VERÐ KR. 8.990
2.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A703 85060730, A703 85060729
ALIAS / JUNIOR ALIAS
FULLT VERÐ KR. 6.490
4.490 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR

Vr: 063 BE0913690
VERKFÆRASETT
FULLT VERÐ KR. 9.990
4.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A891 85060702
SAMSUNG MYNDAVÉL
FULLT VERÐ KR. 26.990
19.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

FÆST Á N1 UM ALLT LAND.

Vr: A891 85060712
DVD SPILARI
FULLT VERÐ KR. 29.990
18.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A900 85060728
VAXI-n OG KENNSLUMYNDBAND Í FÖRÐUN
FULLT VERÐ KR. 6.990
2.990 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A850 7942, A862 85060733, A149 85060732
LEIKFÖNG
FULLT VERÐ KR. 2.590
590 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A642 453014
ANTHON BERG
FULLT VERÐ KR. 2.790
790 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A312 85060738, A312 85060740, A312 85060739, A900 85060741
GEISLADISKAR
FULLT VERÐ KR. 2.490
490 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR

FULLT VERÐ KR. 3.490
1.490 KR.
+1.000 PUNKTAR

Vr: A703 85060731, A312 85060737, A312 85060736
DVD MYNDIR
FULLT VERÐ KR. 2.690
690 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR

Fíton/SÍA

WWW.N1.IS

N1

FRÉTTASKÝRING: Varnarmál á Íslandi á krossgötum

Sögu Varnarmálastofnunar að ljúka

Fyrirséð var að það ár sem leið frá því ákveðið var að leggja niður Varnarmálastofnun þar til stofnunin verður lögð niður myndi vart duga til að koma málum hennar fyrir segir sérfræðingur í öryggismálum. Óvissa verður áfram um framtíðarfyrirkomulag varnarmála hér á landi.

Óvissa hefur ríkt um framtíðarfyrirkomulag varnarmála á Íslandi síðastliðið ár. Ríkisstjórnin ákvað í desember í fyrra að leggja Varnarmálastofnun niður frá og með komandi áramótum. Frumvarp þar sem ákvörðunin er lögfest var samþykkt á Alþingi í júní.

Stofnunin mun hafa verið starfandi í tvö ár og sjö mánuði þegar hún verður lögð niður, en hún tók til starfa 1. júní 2008.

Á því ári sem liðið hefur frá því ákveðið var að leggja Varnarmálastofnun niður hafa tveir starfshópar verið skipaðir til að vinna í málinu. Þeir hafa fengið það verkefni að fara yfir stöðu varnarmála og reyna að komast að niðurstöðu um hvar þeim málaflokkum sem Varnarmálastofnun sinnti væri best niður komið. Sá síðari hafði raunar líka það hlutverk að stýra daglegum rekstri Varnarmálastofnunar frá 1. september.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur gengið illa að ná samkomulagi um hvar ákveðnum verkefnum verði best fyrir komið. Síðastliðinn laugardag, þegar réttar þrjár vikur voru í lokun Varnarmálastofnunar, var tilkynnt að slíkt samkomulag hefði náðst.

Í samkomulaginu felst að flest verkefni Varnarmálastofnunar, þar með talinn rekstur loftvarnakerfisins, færast tímabundið til Landhelgisgæslu Íslands. Það fyrirkomulag verður endurskoðað fyrir 15. mars. Utanríkisráðuneytið mun áfram hafa milliríkjasamskipti á sinni könnu, og Ríkislögreglustjóri tekur við öryggisvottunum og þjóðaröryggisverkefnum.

Embætti ríkislögreglustjóra er ekki ókunnugt þeim verkefnum sem voru unnin hjá stofnuninni fyrir tíma Varnarmálastofnunar. Í gegnum þjóðaröryggisverkefnin munu starfsmenn embættisins hafa aðgang að hernaðarupplýsingum frá Atlantshafsbandalaginu (NATO).

Landssamband lögreglumanna gerði raunar athugasemd við það fyrirkomulag í umsögn um breytingu á varnarmálalögum fyrr á árinu. „Sjá má fyrir sér að verið sé að fela borgaralegum stofnunum að stunda hernaðarnjósnir, sem augljóslega samrýmast ekki þeim borgaralegu verkefnum sem þessar stofnanir eiga að fara með," segir meðal annars í umsögninni.

„Það kemur mér ekki á óvart að þetta hafi tekið svo langan tíma," segir Alyson Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og sérfræðingur í öryggismálum.

Hún segir að það hafi verið algerlega fyrirséð að langan tíma gæti tekið að skipta verkefnum þessarar nýlegu stofnunar á milli annarra stofnana ríkisins sérstaklega þar sem svo margar mismunandi skoðanir séu uppi um hvaða fyrirkomulag henti best.

Bailes skilaði umsögn um frumvarp þar sem meðal annars var mælt fyrir um lokun Varnarmálastofnunar um áramótin. Þar benti hún á að heppilegra væri að hafa í lögunum möguleika á að fresta lokun stofnunarinnar ef illa gengi að koma verkefnum hennar annað. Hún segir reynsluna því miður hafa sýnt að rétt hefði verið að hafa slíka heimild í lögunum.

Niðurstaðan sem kynnt var á laugardag er í grundvallaratriðum í takti við það sem búast mátti við, segir Bailes. „Það sem vekur athygli er að þetta er ekki lokaniðurstaðan í málinu heldur tímabundin lausn."

Óvissan ríkir eitthvað áfram

Óvissan heldur því áfram hjá bæði starfsmönnum Varnarmálastofnunar og erlendum samstarfsaðilum, þar sem enn á eftir að ljúka málinu varanlega. Meðal þess sem kanna á er hvort heppilegra sé að koma loftvarnakerfinu, með tilheyrandi eftirliti með ratsjárkerfinu, fyrir hjá Isavia ohf., sem áður var Flugstoðir ohf. og Keflavíkurflugvöllur ohf.

Loftvarnakerfið hefur verið helsta deiluefnið, og helsta ástæða þess að ekki tókst að koma verkefnum Varnarmálastofnunar í örugga höfn hjá öðrum stofnunum fyrir komandi áramót. Vitað er að bæði Isavia og Landhelgisgæslan hafa haft áhuga á því að taka við loftvarnakerfinu, og fá þær upplýsingar sem berast í gegnum það.

Nú hefur kerfinu verið komið fyrir hjá Landhelgisgæslunni, þó tímabundið sé. Bailes bendir á að það gæti hentað ágætlega, enda sé Landhelgisgæslan það næsta sem Ísland komist því að reka her. Þar sé bæði reynsla og þekking á samskiptum við NATO.

Ekki er útilokað að upp geti komið aðstæður þar sem hagsmunaárekstrar verða af því að hafa bæði samskipti við bandalagsríki og vörslu efnahagslögsögunnar á sömu hendi, segir Bailes. Það sé þó ekki víst að af slíku muni hljótast vandamál.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



HERSTÖÐ Íslendingar tóku í fyrsta skipti formlega ábyrgð á eigin vörnum eftir brotthvarf Bandaríkjahers frá herstöðinni á Miðnesheiði árið 2006. Síðan hefur lítill friður verið um málaflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Vinnulagið við lokunina gagnrýnt

Það vinnulag sem viðhaft var við lokun Varnarmálastofnunar hefur verið harðlega gagnrýnt. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu voru leiðbeiningar fjármálaráðuneytisins um sameiningu ríkisstofnana virt að vettugi.

Segja má að byrjað hafi verið á öfugum enda með því að ákveða fyrst að leggja Varnarmálastofnun niður, og svo reyna að koma verkefnum hennar fyrir með hagkvæmari hætti hjá öðrum stofnunum.

„Eðlilegur framgangur svona máls hefði verið að skilgreina varnarþarfir landsins fyrst, og finna svo lausnir sem passa við þörfina eins og hægt er," segir Alyson Bailes, sérfræðingur í öryggismálum.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að taka mætti undir slíka gagnrýni. Hann sagðist nú vilja horfa til framtíðar og á kostina við þessar breytingar, til dæmis sparnaðinn sem myndi nást með því að leggja Varnarmálastofnun niður. Enn hefur ekki verið upplýst hver sparnaðurinn verður í krónum talið.

Ferill málsins

2008
janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember

2009
janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember

2010
janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember

2010
janúar
febrúar
mars

1. júní 2008 - Varnarmálastofnun tekur til starfa.

10. maí 2009 - Endurskoðun á fyrirkomulagi varnarmála boðuð í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri grænna.

4. desember 2009 - Ríkisstjórnin ákveður að endurskipuleggja varnarmál Íslands og leggja Varnarmálastofnun niður.

4. desember - Ákveðið að skipa starfshóp til að fjalla um málefni Varnarmálastofnunar.

29. mars 2010 - Starfshópurinn kynnir stjórnvöldum niðurstöður sínar.

30. mars 2010 - Ríkisstjórnin samþykkir frumvarp um lokun Varnarmálastofnunar.

16. júní 2010 - Alþingi samþykkir að leggja Varnarmálastofnun niður.

1. september 2010 - Verkefnisstjórn tekur yfir stjórn Varnarmálastofnunar.

31. desember 2010 - Varnarmálastofnun lögð formlega niður.

15. mars 2011 - Endanlegt fyrirkomulag varnarmála á að liggja fyrir.

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

www.lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

Kannski er
jólagjöfin í Lyfju

Jólin eru tími til að gefa.
Í Lyfju finnurðu úrval af gjafavöru í pakkana til þeirra sem þér þykir vænst um. Við erum aldrei langt undan.

Mundu eftir jólahandbók Lyfju.

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 52431 11/10

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

Svefn & heilsa

Sofðu vel um jólin

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið gæða- og verðsamanburð

IQ-Care heilsudýnur. Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunarefni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.

Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst **20%** afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)



Saga heilsudýna. Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr.

Þór heilsudýna. Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.

Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr.

BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta
Frá 169.900 kr.
Svefnsófi frá 169.900 kr.

20% afsláttur
Vinsælasta jólagjöfin,
IQ-Care heilsukoddar.
3 stærðir.

BOAS leður hægindastóll.
Nokkrir litir
79.900 kr.

BOAS rafmagns lyftu stólar.
129.900 kr.

20% afsláttur
Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.
Frá 8.900 kr.
Nokkrar stærðir



S-cape Wallhugger stillanlegt rúm. Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu
649.000 kr.

Proflex stillanlegt rúm. Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.
2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýunu 349.900 kr.

Íslenskir svefnsófar. Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.
Svefnflötur 140x200 cm. 264.900 kr.

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

Meiri jól, meiri jól, meiri jól

Partý Alias spilið fylgir á meðan birgðir endast

Nokia X3

Þunnur og léttur sími með bæði hefðbundnu lyklaborði og snertiskjá. Farsíminn er með 5 megapixla myndavél, styður WiFi og honum fylgja auðveld forrit fyrir Facebook og MSN.

0 kr. útborgun

og 2.499 kr. á mán. í 12 mán.
Netið í símann, 100 MB, fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 29.990 kr.

Partý Alias spilið fylgir á meðan birgðir endast

LG Optimus One

Glæsilegur Google sími með Android 2,2 stýrikerfi, íslensku valmyndakerfi og snertiskjá. Farsíminn er með 3,15 megapixla myndavél og býður upp á flýtileiðir á vefsamfélög eins og Facebook. Með símanum fylgja mánaðaráskrift að Tónlist.is og platan Best of Bang Gang.

0 kr. útborgun

og 4.166 kr. á mán. í 12 mán.
Netið í símann, 100 MB, fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 49.990 kr.

power to you

vodafone.is

Við afborgunarverð á farsímum bætist við 250 kr. greiðslugjald á mánuði.

FRÉTTASKÝRING: Hvað þýða vegtollar á Suðvesturhorninu?

Vegatollar á Suðurlandsvegi skila 844 milljónum

Fólk sem þarf að aka um Suðurlandsveg vinnu sinnar vegna stendur undir nærri helmingi væntra skatttekna ríkisins af fyrirhuguðum vegatollum, samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Félag íslenskra bifreiðaeigenda gagnrýnir harðlega áætlanir um vegtolla. Gjöldin flýta vegbótum segir vegamálastjóri.

Nálægt því tvö þúsund manns sækja vinnu yfir Hellisheiði á degi hverjum. Áætlanir um vegagerð gera ráð fyrir að þeir, með öðrum sem leið eiga yfir Heiðina og fólki sem ekur endurnýjaða hluta Vesturlandsvegar og Reykjanesbrautar, greiði sérstakan vegtoll til að standa undir framkvæmdunum. Endanleg útfærsla gjaldtökunnar liggur ekki fyrir, en gert er ráð fyrir að hún hefjist árið 2015.

Nú þegar hagnast ríkið um sem nemur eitt þúsund krónur í hvert sinn sem einhver ekur fram og til baka milli Reykjavíkur og Selfoss. Er þá miðað við bíl sem eyðir 10 lítrum á hundraðið. Þannig greiðir fólk sem sækir vinnu yfir Hellisheiðina á smábíl sem eyðir sjö lítrum á hundraðið um 190 þúsund krónur í skatt í gegn um bensínverðið á ári. Skatttekjur af meðalstórum bíl nema 270 þúsundum og af jeppanum 430 þúsundum.

Sé einvörðungu horft til umferðar um Hellisheiði og þeirra talna sem Vegagerðin hefur gefið upp um mögulega gjaldtöku má áætla að skatttekjur ríkisins af þeirri gjaldtöku komi til með að nema rúmum 844 milljónum króna. Er þá miðað við sjö króna gjald af hverjum kílómetra leiðarinnar og meðalumferð eins og hún var á degi hverjum árið 2009.

Auka þarf tekjur um 30 þúsund

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) gagnrýnir fyrirhugaða gjaldtöku harðlega og segir fyrirhugaðar framkvæmdir bera mark af bruðli þar sem lagt sé í fjórar akreinar þegar þrjár nægi til að ná fram sömu markmiðum um öryggi og liðleika umferðar. Þá segist Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs Árborgar, gera ráð fyrir að um leið og tekin verði upp gjaldtaka eftir notkun vega þá hljóti bensíngjöld sem nú eru við lýði að falla niður.

„Tuttugu prósent íbúa Árborgar sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins og svo eru allmargir sem koma hingað í vinnu," segir Eyþór. Fimmtungurinn sem hann vísar til telur um 1.600 manns. Að því gefnu að um tvö þúsund manns fari til vinnu sinnar um Suðurlandsveg greiðir sá hópur rúmar 403 milljónir króna í vegatoll á ári þegar hann verður tekinn upp. Það er tæpur helmingur skatttekna sem ætla má að tollurinn skili.

Eyþór segir bæjarstjórn Árborgar enga kynningu hafa fengið á fyrirætlununum og kveðst gera ráð fyrir að kallað verði eftir fundi með samgönguráðherra vegna þess.

Runólfur hjá FÍB bendir á að til að standa undir mánaðarlegri útgjaldaaukningu megi áætla að þeir sem þurfa að aka um Suðurlandsveg til vinnu verði að auka tekjur sínar um að minnsta kosti 30 þúsund krónur á mánuði. Hann segir umræðu um tæknilausnir sem leysi af hendi bensíngjöld eingöngu til þess að draga athyglina frá því sem skipti máli hvað gjaldtökuna varðar því ólíklegt sé að af henni verði. „Hollendingar ætluðu að taka upp slíkt kerfi árið 2017 þar sem fylgst væri með umferðinni með gervihnattakerfi, en þeir hafa fallið frá því ótímabundið vegna kostnaðar," segir hann og telur nærtækara að líta til áætlana sem finna megi á vef Vegagerðarinnar og geri ráð fyrir fjórum gjaldhliðum á leiðinni frá Reykjavík til Selfoss.

„Hvaða sanngirni er í því að leggja þessi gjöld bara á þetta afmarkaða svæði," spyr Runólfur og bendir á að borga þurfi vegtoll vegna barns úr Vogum sem sækir tónlistarnám í Hafnarfirði, en ekki vegna barns sem sæki sama nám frá Seltjarnarnesi. „Og þó er vegalengdin sambærileg."

Víðast tveir plús einn

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir búið að ákveða að taka upp tolla, en gjaldtakan hefjist ekki fyrr en að framkvæmdum loknum. Endanleg útfærsla eða upphæðir liggi ekki fyrir og ráðist af þáttum á borð við fjármögnunarkostnað og stofnkostnað mannvirkja. Þá sé ekkert farið að huga að mögulegum afsláttargjöldum, eða öðru slíku. Hann segir töluna um sjö krónur á kílómetrann hafa verið setta fram sem hugmynd um á hverju menn kynnu að eiga von í gjaldtöku.

„Þetta gengur út á að gera vegina öruggari og fljótfarnari," segir Hreinn. „Og þó þetta sé kannski íþyngjandi fyrir einstaklingana sem nota mannvirkin þá er heilmikill samfélagslegur ávinningur af því að fara í þessar framkvæmdir. Þetta mun fækka slysum og auka greiðfærni. Og það tvennt skilar sér samfélagslega í gegn um önnur útgjöld, slysakostnað, eldsneytiskostnað og þar fram eftir götunum. Það er heilmikil arðsemi af því að fara í þetta fyrr en síðar. Annars yrði þetta kannski gert á 20 til 30 árum, ef þetta væru hefðbundnar ríkisframkvæmdir."

Hreinn bendir á að ákveðins misskilning hafi gætt í gagnrýni á flottræfilshátt við veglagninguna. „Það á að verða 2+1 vegur yfir alla Hellisheiðina sem er nú stór hluti af þessu og Vesturlandsvegurinn á allur að vera 2+1," segir hann, en slíkur vegur er þrjá akreinar þar sem eru til skiptis tvær akreinar í aðra áttina.

Tvöföldun Suðurlandsvegar er þegar hafin, en endað verður á tvöföldun vegarkaflans milli Hveragerðis og Selfoss, sem Hreinn gerir ráð fyrir að ljúki undir lok árs 2015. „Vesturlandsvegurinn fer ekki í gang fyrr en eftir í fyrsta lagi tvö ár uppi á Kjalarnesi og svo, á síðari hluta tímabilsins, Reykjanesbrautin framhjá álverinu."

Ögmundur Jónasson, ráðherra samgöngumála, segir valið standa á milli þess að fara hægt í uppbyggingu og endurnýjun veganna sem um ræðir, eða flýta framkvæmdum með stofnun opinberra hlutafélaga um verkefnin, en þau séu byggð upp samkvæmt forskrift Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hann kveðst telja aðstæður í efnahagslífinu kalla fremur á hraða uppbyggingu þar sem fjöldi fyrirtækja í þessum geira sé nú verkefnalaus eða verkefnalítill.

Ögmundur hafnar því að horfið sé frá áætlunum um að suðvesturhorn landsins sé eitt atvinnusvæði. „Öll nánari útfærsla er eftir og getur tekið breytingum," áréttar hann. „Þegar upp er staðið held ég að allir geti unað vel við sitt nema þeir sem andvígir eru þessari tegund fjármögnunar."

Ólíkar leiðir milli Reykjavíkur og Selfoss



Leið	Eknir km	Bíll 1	Bíll 2	Bíll 3
Hellisheiði 50 km	100	1.400 kr.	2.000 kr.	3.200 kr.
Kostnaður á ári		364.000 kr.	520.000 kr.	832.000 kr.
Nesjavellir 65 km	130	1.820 kr.	2.600 kr.	4.160 kr.
Kostnaður á ári		473.200 kr.	676.000 kr.	1.081.600 kr.
Mosfellsheiði 90 km	180	2.520 kr.	3.600 kr.	5.760 kr.
Kostnaður á ári		655.200 kr.	936.000 kr.	1.497.600 kr.
Með 700 króna veggjaldi á leiðinni um Hellisheiði:				
Hellisheiði 50 km	100	2.100 kr.	2.700 kr.	3.900 kr.
Kostnaður á ári		546.000 kr.	702.000 kr.	1.014.000 kr.

**Útreikningarnir miða við að bensín kosti 200 krónur lítrinn og að bíll eitt eyði 7 lítrum á hverja hundrað ekna kílómetra, bíll tvö 10 lítrum á hundraðið og bíll þrjú 16 lítrum. Þá er miðað við það í útreikningi á árskostnaði að ekið sé fram og til baka alla virka daga.*

GLAÐIR Hreinn Halldórsson vegamálastjóri og Ögmundur Jónasson ráðherra samgöngumála þegar fyrsta skóflustungan var tekin að breikkun Suðurlandsvegar í september sl. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Toshiba Satellite C650-176

- 2.0GHz Intel Dual Core T3300 örgjörvi
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

99.990

SJÓNVARPSFLAKKARI UNITED

H.264

United HD MMP 9590

Margmiðlunarspilari fyrir innbyggðan 3,5" harðan disk. Spilar HD H.264 MKV, DTS og Dolby Digital True HD skrár. HDMI, Composite og Optical tengi. USB tengi fyrir minnislykla og innbyggður SD/MMC kortalesari. HDMI kapall fylgir og fullkomin fjarstýring.

19.990

HÁSKERPU VEFMYNDAVÉL

Logitech HD WebCam C270

Vefmyndavél með HD 720P myndbands-upplausn, 3MP myndatöku, hljóðnema með Rightsound, Rightlight. Virkar með Windows Live Messenger, Skype o.fl.

5.990

ALHLIÐA FJARSTÝRING

Logitech Harmony Remote 300i

Fyrir 4 tæki. Styður yfir 5000 merki. Hnappur kveikir á sjónvarpi og afruglara samtímis. Auðvelt að bæta við tækjum í gegnum netið.

7.990

PHILIPS HÁTALARAR

Philips SPA1302

20W RMS magmiðlunarhátalarar með Analog Bass Boost. Bassabox og tveir hátalarar.

7.990

LASERMÚS

CoolerMaster Sentinel Advance

Hágæða leikjamús fyrir kröfuharða. 5600 DPI Twin Laser, Rapid Fire, innbyggt minni, lóð fylgja til að þyngja músina og margt fleira. Þessi er alvöru!

12.990

AKG ÞRÁÐLAUSHEYRNARTÓL

AKG K912

Þráðlaus heyrnatól með púðum sem þekja eyrun alveg og spöng sem aðlagar sig að notandanum. Þægileg, létt og með hleðslurafhlöðum með allt að 15 klst hleðslu.

12.990

PHILIPS MP4 SPILARI

Philips SA2ARA04K

GoGear 4GB Ariaz MP4 spilari með FullSound, 2.4" LCD litaskjá, diktafóni, RDS FM útvarpi með minnum, upptöku, tónjafnara, USB 2.0, hleðslurafhlöðu (45 klst). Geymir allt að 900 lög. Uppfæranlegur.

19.990

MARGMIÐLUNARTÖLVA

Ace INTEL 4

- ACE Special edition turnkassi - 460W
- Intel Core i5 750 2.66GHz
- 4GB Dual DDR3 1333MHz minni
- 1000GB WD Blue SATA 3 diskur
- DVD og CD skrifari
- 21.5" LED Philips 221EL2SB skjár
- 1GB ATI Radeon HD6850 skjákort
- 2.1 Logitech hátalarakerfi
- Realtek High Def 7.1 hljóðkort fyrir leiki ofl.
- Logitech Media 600 lyklaborð
- Manhattan Laser Gaming 1600dpi mús
- Windows 7 Home Premium - 64bit - Aero 3D

189.990

MARGMIÐLUNARTÖLVA

ACE INTEL 1

- CoolerMaster Elite 310 turnkassi - 460w
- Intel Pentium E5400 örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 500GB WD Blue - SATA3 diskur
- DVD / CD skrifari
- Intel GMA X4500 skjástýring
- Ubuntu Linux 10.04 stýrikerfi
- Realtek HD 7.1 hljóðkort - Surround - True Blue-Ray

59.990

Opið alla daga fram að jólum, sjá nánar um opnunartíma á TL.IS

TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

skoðun

greinar@frettabladid.is

Þörf er á opinberri rannsókn á endurskoðendum.

Kusk á hvítflibba

Þáttur endurskoðenda í bankahruninu er að stórum hluta óuppgerður. Endurskoðendur bankanna hafa verið gagnrýndir harðlega en saknæmt athæfi þeirra hefur ekki verið sannað. Álitshnekkirinn fyrir þessa stétt, sem á að vera ábyrg og grandvör, er hins vegar nokkur nú þegar.

Hlutur endurskoðenda var eitt þeirra mála sem rannsóknarnefnd Alþingis vísaði áfram til saksóknara. Nefndin taldi að endurskoðendur hefðu ekki sinnt skyldum sínum nægilega við endurskoðun reikningsskila bankanna 2007 og hálfsársuppgjöra þeirra 2008, meðal annars hvað varðar rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptavina, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér. Þá hefðu þeir látið hjá líða að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um ágalla í rekstri bankanna sem veiktu fjárhag þeirra.

Í skýrslu þingmannanefndar um viðbrögð við rannsóknarskýrslunni fengu endurskoðendur nýja dembu og voru meðal annars sakaðir um að bera „mikla ábyrgð á að slæmir viðskiptahættir bankanna og vanvirðing við lög og reglur hafi fengið að viðgangast“. Nefndin lagði til að löggjöf um endurskoðendur yrði endurskoðuð, að undangenginni „ítarlegri úttekt“ sem viðskiptanefnd Alþingis á að beita sér fyrir.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Slitastjórn Glitnis hefur stefnt endurskoðendum bankans, PWC, fyrir dóm í New York ásamt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og viðskiptafélögum hans. Þá hafa slitastjórn og skilanefnd Landsbankans boðað skaðabótamál á hendur sama endurskoðunarfyrirtæki.

Erlendir sérfræðingar hafa unnið skýrslur á vegum sérstaks saksóknara, sem sagt hefur verið frá undanfarið, annars vegar um Glitni og hins vegar um Landsbankann. Þar er enn hert á gagnrýninni á endurskoðendurna. Áfram er það PWC sem verður fyrir gagnrýninni, en ekki er útilokað að enn eigi skýrsla um störf KPMG fyrir Kaupþing eftir að líta dagsins ljós.

Viðbrögð endurskoðunarfyrirtækjanna hafa til þessa verið fremur rýr í roðinu. Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda hefur þó ályktað að mikilvægt sé að fram fari rannsókn opinberra aðila á því hvort endurskoðunarfyrirtæki bankanna hafi sinnt starfi sínu „af kostgæfni og samviskusemi og farið að þeim lögum og endurskoðunarstöðlum sem gilda um störf þeirra“. Stjórnin tók fram að áður en slík rannsókn hefði farið fram væri ekki hægt að kveða upp úr um hvort endurskoðendurnir hefðu brugðizt skyldum sínum.

Þetta er rétt hjá stjórn FLE. Hins vegar geta endurskoðunarfyrirtæki, eins og önnur fyrirtæki, tapað trausti jafnvel þótt þau hafi ekki aðhafzt neitt saknæmt. Það dugir ekki að vísa til ábyrgðar stjórnenda bankanna eins og PWC á Íslandi hefur gert. Spurningin er hvort endurskoðendurnir hafi spilað með í þeirri geggjun sem við vitum nú að ríkti í íslenzka bankakerfinu undir lokin.

Hið virta alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki Arthur Andersen fór með í fallinu þegar Enron-spilaborgin hrundi. Þá kom fyrir ekki, þótt stjórnendur fyrirtækisins væru að lokum sýknaðir af lögbrotum í Hæstarétti Bandaríkjanna. Orðsporið var ónýtt.

Meðal annars í því ljósi er rétt ákvörðun hjá PWC að bíða ekki niðurstaðna opinberrar rannsóknar, heldur að byrja að gera hreint fyrir sínum dyrum með því að svara þeim ávirðingum í garð fyrirtækisins sem hafa komið fram að undanförnu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Burt með eftirlit

Þótt hægt sé að hafa gaman af uppátækjum Ólafs Arnar Nielsen og félaga hans í Sambandi ungra sjálfstæðismanna verður seint sagt að þeir beri mikið skynbragð á raunveruleikann. Sjaldan hefur það þó verið eins lítið og nú, eins og sjá má af tillögum þeirra um að leggja niður aðra hverja ríkisstofnun á landinu. Þeir vilja ekki Samkeppniseftirlit eða Vinnueftirlit. Þeir vilja leggja af allar menningarstofnanir og þá eru þeir á móti því að ríkið láti fé af hendi rakna til æskulýðsmála.

Burt með flestallt

Svona má halda áfram. Efnahagsrannsóknir á vegum hins opinbera vilja þeir ekki sjá. Hvað þá að ríkið greiði í Bjargráðasjóð. Ríkissáttasemjari er líka óþarfur, eins og Hafrannsóknastofnunin. Þá á að færa greiðslu barnabóta og vaxtabóta úr höndum hins opinbera.

Burt með – eða nei annars

Einn er þó liðurinn sem mikilvægt er að viðhalda og þar bregðast ungliðarnir ekki frekar en venjulega. Því þótt þeir telji að leggja beri niður Varnamálastofnun ber að kalla „eftir stefnu og festu yfirvalda um þau verkefni sem stofnunin sinnti“. Eða svo við færum skoðanir skýrsluhöfundarins Gísla Freys Valdórssonar, blaðamanns á Viðskiptablaðinu, í orð: Ríkið á helst ekki að gera neitt – en loftrýmisgæslan er ómissandi.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Heilsugæslan er framtíðin

Stjórnmál

Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Íslendingar hafa löngum verið stoltir af öflugu velferðarkerfi og flaggskip þess hefur verið heilbrigðisþjónustan. Langlífi Íslendinga, lág dánartíðni nýbura og árangur í meðferð krabbameins eru meðal þess sem ber henni gott vitni. Framsóknarmenn eru hreyknir af því að hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar í heilbrigðisráðuneytinu um árabil. Við núverandi aðstæður hriktir hins vegar í stoðum velferðarinnar. Miklar kröfur eru gerðar um hagræðingu og niðurskurð og er heilbrigðiskerfið þar ekki undanskilið. Vilji menn hins vegar reyna að hagræða að einhverju ráði er nauðsynlegt að hverfa frá hinum hefðbundna flata niðurskurði og hugsa kerfið upp á nýtt.

> Ódýrasta heilbrigðisþjónustan er veitt á heilsugæslunni, en sú dýrasta á hátæknisjúkrahúsunum.

Ódýrasta heilbrigðisþjónustan er veitt á heilsugæslunni, en sú dýrasta á hátæknisjúkrahúsunum í Reykjavík og á Akureyri. Því þarf að efla heilsugæsluna. Ein helsta hindrunin við að byggja upp heilsugæsluna er skortur á heimilislæknum. Þessi skortur kemur í veg fyrir að hægt sé að taka upp valfrjálst tilvísunarkerfi, að danskri fyrirmynd, sem hvetur sjúklinga til að leita fyrst í þá heilbrigðisþjónustu sem ódýrust er fyrir samfélagið. Skortur á heimilislæknum og kostnaður við menntun þeirra hefur hvatt margar þjóðir til að leita annarra leiða til að sinna heilsugæslunni og þannig er ekki óalgengt í Bretlandi og Bandaríkjunum að undir stjórn lækna starfi aðstoðarmenn sem sinna ýmsum einfaldari læknisverkum. Í Svíþjóð og víðar eru starfandi hjúkrunarfræðingar sem hafa leyfi til að greina algenga sjúkdóma, ávísa lyfjum og panta rannsóknir. Hér á landi eru þegar nokkrir hjúkrunarfræðingar með slíka sérmenntun, en án lagaheimilda til að sinna þessum verkefnum.

Til að efla heilsugæsluna og hagræða án þess að fórna velferðinni þarf að auka samstarf og samvinnu milli heilbrigðisstétta og milli heilbrigðiskerfisins og ríkisins. Þannig þarf að veita fjárveitingu til að taka upp valfrjálst tilvísunarkerfi, innleiða nýjar starfsstéttir og efla þær sem fyrir eru og ýta undir þverfaglegt samstarf innan heilsugæslustöðvanna.

Þannig leggjum við grunn að betri heilsugæslu til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Íslensk stjórnsýsla og fangaflugið

Baráttan fyrir frjálsu upplýsingasamfélagi hefur undanfarnar vikur færst inn á nýtt svið þar sem vefsíðan Wikileaks hefur birt leyniskjöl ættuð frá utanríkisþjónustu Bandaríkjanna. Fjölmiðlar víða um lönd hafa gripið fegins hendi tækifæri til að rýna í upplýsingar sem almennt er haldið leyndum fyrir almenningi. Á hinn bóginn hafa bandarísk stjórnvöld gripið til aðgerða til að kæfa þessa frjálsu upplýsingamiðlun og notið þar liðsinnis ýmissa bandamanna. Meðal þeirra eru íslensk kreditkortafyrirtæki en mjög óvænt er að sjá þau í þessu pólitíska hlutverki.

Í sjálfu sér ber að fagna að leynd og pukri skuli aflétt af gögnum bandaríska utanríkisráðuneytisins. Birting þeirra staðfestir enda margt sem gagnrýnendur bandarískrar utanríkisstefnu hafa sagt á undanförnum árum. Skjölin staðfesta verstu hryllingssögur sem birst hafa af framferði Bandaríkjahers í Írak og Afganistan og má eflaust vænta frekari fregna af þeim hernaði á næstu vikum. Margt annað flýtur svo með sem taka verður með fyrirvara; oft eru gögnin ekki heimild um annað en heimsmynd bandarískra stjórnarerindreka, sem getur verið bjöguð á köflum.

Flest þau gögn sem birst hafa og varða Ísland eru hálfgert léttmeti og heimildargildi þeirra misjafnt. Það hefur t.d. ekkert sérstakt gildi að lesa afbakaðar lýsingar bandarísks erindreka á grein Vals Ingimundarsonar í Skírni 2006 þegar hver sem er getur lesið greinina sjálfa til að sannrýna hvað í henni stendur. Lýsingar skjalanna á íslenskum stjórnmálamönnum geta vissulega verið forvitnilegar en segja okkur þó fátt nýtt um íslenska pólitík.

Á hinn bóginn má greina alvarlegri tíðindi á grundvelli þessara gagna og snúa þau að íslenskri utanríkisþjónustu. Ef marka má hin birtu gögn hafa starfsmenn hennar verið opinskáir og fullir trúnaðartrausts í samtölum við bandaríska sendimenn. Öðru máli gegnir um afstöðu þeirra til almennings á Íslandi. Þannig er haft eftir íslenskum starfsmanni utanríkisþjónustunnar að þar á bæ hafi verið reynt að hylma yfir því sem gerðist í Kabúl 2004 þegar ráðist var á íslenska „friðargæsluliða“ í verslunarleiðangri með þeim afleiðingum að ung kona og barn létu lífið.

Enn skuggalegri var framganga utanríkisráðuneytisins í tengslum við hið illræmda fangaflug. Saga þess máls er í stuttu máli sú að árið 2005 vaknaði grunur um að bandarískar vélar sem flugu með

> Á hinn bóginn má greina alvarlegri tíðindi á grundvelli þessara gagna og snúa þau að íslenskri utanríkisþjónustu. Ef marka má hin birtu gögn hafa starfsmenn hennar verið opinskáir og fullir trúnaðartrausts í samtölum við bandaríska sendimenn. Öðru máli gegnir um afstöðu þeirra til almennings á Íslandi.

fanga til að pynta í öðrum löndum hefðu farið um íslenska lofthelgi og að slíkar vélar hefðu ítrekað lent á Keflavíkurflugvelli á árunum 2001-2005. Íslenskir fjölmiðlar fluttu fréttir af þessu en fengu lítil svör frá íslenskum stjórnvöldum. Núna er komið í ljós hvað ríkisstjórn Íslands aðhafðist í málinu. Geir H. Haarde hringdi í Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og fékk að eigin mati „fullnægjandi svör“. Í Wikileaks-gögnum kemur þó einnig fram að sendiherra Íslands í Washington hafi mótmælt ófullnægjandi útskýringum Bandaríkjamanna á fangaflugi CIA í íslenskri landhelgi.

Sumarið 2007 birtist svo skýrsla svissneska þingmannsins Dick Marty sem staðfesti aðkomu Íslands að fangafluginu. Þá lofaði utanríkisráðherra að málið yrði rannsakað. En í hinum leknu gögnum hafa bandarískir sendimenn eftir nafngreindum starfsmanni íslensku utanríkisþjónustunnar að rannsóknin hafi verið sýndarmennska og tilgangur hennar að þæfa málið og verjast óþægilegum spurningum stjórnarandstöðunnar. Vinna starfshópsins virðist ekki hafa snúist um rannsókn á hugsanlegum mannréttindabrotum eða hvort fangar væru fluttir til landa þar sem fyrirhugað væri að pynta þá, heldur íslenska pólitík. Íslensk stjórnvöld ætluðu sér aldrei að upplýsa þjóðina um fangaflugið heldur reyndu þau að leyna því hvernig þau hefðu gengið erinda erlends stórveldis í því máli.

Svona voru vinnubrögðin 2007 en nú á tímum gagnsæis og opinnar stjórnsýslu er stjórnvöldum ekki stætt á því að láta þessi mál liggja lengur í þagnargildi. Íslenska þjóðin hlýtur að eiga kröfu um að geta treyst eigin utanríkisþjónustu. Þess vegna verða stjórnvöld nú að bregðast við Wikileakslekanum á þann eina hátt sem er verjandi í lýðræðisríki. Það þarf að stofna óháða rannsóknarnefnd um fangaflugið sem tekur á öllum þáttum málsins, þar á meðal tilraunum fyrri ríkisstjórna til yfirhylmingar. Jafnframt þyrfti að rannsaka starfshætti utanríkisþjónustunnar í fleiri málum, t.d. þætti Íslands í stríðsrekstri NATO í Afganistan. Það er löngu tímabært að embættismenn utanríkisþjónustunnar átti sig á því að trúnaður þeirra er við íslensku þjóðina, en ekki við stóra bróður í vestri.

Nægir ný stjórnarskrá?

Nýverið var kosið til Stjórnlagaþings sem mun taka til starfa í febrúar 2011. Ætla má að væntingar til þingsins séu þær að íslenska stjórnkerfið verði betra og jafnvel lýðræðislegra en verið hefur. Varnaðarorðin hér eru að ný stjórnarskrá nægir ekki ein og sér til þess að um raunverulega breytingu verði að ræða á framkvæmd lýðræðis á Íslandi.

Kröfuna um að Stjórnlagaþing verði sett á laggirnar má rekja til óánægju með frammistöðu stjórnvalda um og eftir að efnahagskreppa skall á af fullum þunga haustið 2008. En að hverju beindist óánægjan í raun?

Hér er gagnlegt að gera greinarmun á hinni formlegu stjórnarskrá, þeirri sem er skrifuð, og hinni óformlegu stjórnarskrá sem er hvernig stjórnskipanin virkar í raun. Óánægja fólks beinist fyrst og fremst að hinni óformlegu stjórnarskrá – hvernig hlutirnir virka í raun – en ekki hinni skrifuðu stjórnarskrá. Hluti af framkvæmd lýðræðis er kosningakerfi og kjördæmaskipan, en það er einungis hluti. Það sem skiptir væntanlega meira máli varðandi frammistöðu stjórnvalda er það sem gerist á milli kosninga. Þannig mun breyting á kosningakerfinu skila sér í breytingum á vali á frambjóðendum, en ekki endilega breytingum á því sem gerist á milli kosninga – en það er einmitt það sem gerist á milli kosninga sem veldur óánægju eða ánægju fólks með lýðræði á Íslandi.

Stjórnlagaþingið á að taka til umfjöllunar málefni eins og íslenska stjórnskipun, hlutverk forseta, sjálfstæði dómstóla, kosningakerfi og kjördæmaskipan, lýðræðislega þátttöku almennings, framsal ríkisvalds til alþjóðastofnanna og umhverfismál. Eins og málefnin eru sett fram eru þau mjög opin og ekki liggur ljóst fyrir hvort þau muni bæta framkvæmd lýðræðis, hvorki við kosningar né á milli kosninga. Þar sem ánægja eða óánægja fólks beinist fyrst og fremst að því sem gerist á milli kosninga hvet ég fulltrúa Stjórnlagaþingsins og Alþingis til að hafa í huga að það nægir ekki eitt og sér að gera formbreytingar á framkvæmd kosninga eða auka hlut þjóðaratkvæðagreiðslna svo fátt eitt sé nefnt, til að bæta framkvæmd lýðræðis. Einnig þarf að taka fyrir það sem gerist á milli kosninga, sem er til dæmis hver ábyrgð ráðherra er í raun, gagnvart hverjum þeir bera ábyrgð og hver hefur eftirlit með störfum ráð-

> Óánægja fólks beinist fyrst og fremst að hinni óformlegu stjórnarskrá.

herra og þingmanna – á milli kosninga. Jafnframt þarf að hafa í huga að við búum í alþjóðlegu umhverfi og þess vegna er ekki hægt að gera stjórnvöld ábyrg fyrir öllu sem miður fer. Það er samt sem áður mögulega hægt að gera stjórnvöld ábyrg fyrir því hversu vel tekst til við forvarnir, til dæmis gegn alþjóðlegum efnahagskreppum og síðast en ekki síst viðbrögðum þeirra við áföllum, sem þau hafa þó ekki sjálf valdið.

Til að svara spurningunni sem var sett fram hér í upphafi, hvort að breyting á Íslensku stjórnarskránni nægi til þess að bæta framkvæmd lýðræðis á Íslandi, er svarið nei, það nægir ekki eitt og sér. Það er samt sem áður mikilvægt skref í áttina að betra og árangursríkara lýðræði en það er hin pólitíska menning – það er hvernig hlutirnir eru framkvæmdir í raun – sem skiptir mestu máli.

AF NETINU

Mitt Ungverjaland

Síðustu misseri hefur svo ítrekað komið í ljós að íslenskir vinstrimenn stjórna með samskonar skammsýni, frændhygli og poti og aðrir flokkar. Hvað eftir annað hafa þeir sem trúðu á þessa ríkisstjórn mátt gnísta tönnum til þess að bila ekki frekar en gömlu stalínistarnir í Ungó forðum.

Síðasta og stærsta áfallið er sá hörmulegi áfellisdómur sem kveðinn er upp yfir leiðtogum þessarar ríkisstjórnar með nýjum Icesave samningum. Nú blasir við að fúsk vorra bestu manna hafði næstum kostað þrælana á Volgubökkum hundrað og eitthvað milljarða.

Ég fæddist árið sem uppreisnin var gerð í Ungverjalandi. Ég hef kosið vinstri flokka í öllum kosningum sem ég hef haft rétt til að taka þátt í og stutt þeirra málstað og þeirra hugmyndir. Þetta er mitt Ungverjaland og hér lýkur minni samfylgd og mínum stuðningi.

pallvil.blog.is

Páll Vilhjálmsson

Hjúkrunarfræðingar og heilsugæslan – tími tækifæranna

Heilsugæsla

Helga Bragadóttir
dósent og varaforseti hjúkrunarfræðideildar HÍ

Tilefni þessara skrifa er frétt sem ber yfirskriftina Hugmyndir um nýja heilbrigðisstétt og birtist í Fréttablaðinu fimmtudaginn 9. des. sl. og greinar Elsu B. Friðfinnsdóttur 10. des. sl. og Helgu Sæunnar Sveinbjörnsdóttur og Áslaugar Birnu Ólafsdóttur 11. des. sl. Vil ég taka undir orð Elsu – ekki er þörf fyrir nýja heilbrigðisstétt, fremur umbætur á skipulagi og verkaskiptingu í heilbrigðisþjónustunni. Nú er kreppa sem krefst nýrrar hugsunar og endurskoðunar á allri nálgun okkar og atferli og fátt er svo með öllu illt að ekki boði eitthvað gott – tími kreppu er líka tími tækifæra, einnig í heilsugæslunni.

Hugmyndir þingmannanna sem velta fyrir sér úrbótum í heilbrigðisþjónustunni lúta m.a. að því að búa til nýja heilbrigðisstétt aðstoðarmanna lækna og/eða efla þátt hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni. Virtar alþjóðlegar stofnanir og ráð (s.s. ICN, IOM, WHO) vara eindregið við því að þjóðir heims reyni að ráða við vanda heilbrigðisþjónustunnar með því að búa til nýja starfshópa aðstoðarfólks. Miklu fremur beri að nýta til fullnustu þær heilbrigðisstéttir sem þegar eru starfandi. Ég held ég tali fyrir munn hjúkrunarfræðinga almennt þegar ég fullyrði að gera megi störf hjúkrunarfræðinga sýnilegri og að nýta megi betur starfskrafta þeirra, hvort sem um almenna hjúkrunarfræðinga er að ræða eða sérfræðinga í hjúkrun.

> Heilsugæslan gæti vissulega nýtt sér betur þekkingu og færni almennra hjúkrunarfræðinga og sérfræðinga í hjúkrun.

Eins og Elsa víkur að í grein sinni er hjúkrun í eðli sínu heilsugæsla. Öll nálgun hjúkrunar við viðfangsefni sín á samleið með hugsun heilsugæslu og forvarna. Rannsóknir frá öðrum löndum sýna að þar sem hjúkrunarfræðingar forflokka vandamál sjúklinga og veita ráðgjöf, hvort sem er við komu eða í síma, skilar það miklum árangri fyrir alla. Það sparar tíma og oft fyrirhöfn sjúklinga og heilbrigðisþjónustunnar og þar með umtalsverða fjármuni. Hér á landi hefur skort áhuga og vilja til að koma slíku skilvirku ferli á, enda kostnaðarleiðir og hvatar ekki til þess fallnir.

Heilsugæslan gæti vissulega nýtt sér betur þekkingu og færni almennra hjúkrunarfræðinga og sérfræðinga í hjúkrun. Þar sem umræddur vandi birtist að miklu eða einhverju leyti sem vandi heilsugæslulækna og að þeir anni ekki eftirspurn má vel hugsa sér þá breytingu á heilsugæslunni að fyrsti viðkomustaður eða samskiptaaðili sjúklings yrði hjúkrunarfræðingur sem forflokkaði vandamál sjúklings eða leysti það jafnvel. Hjúkrunarfræðingar geta tekið að sér almennt heilbrigðismat og greiningu á þörfum skjólstæðinga sem leita til heilsugæslustöðva og gera það nú þegar í einhverjum mæli. Hluti sjúklinga myndi að sjálfsögðu áfram þurfa læknis við en með tilkomu sérfræðinga í hjúkrun má ætla að hluta sjúklinga yrði sinnt af þeim. Rannsóknir vestan hafs og austan sýna að árangur af störfum sérfræðinga í hjúkrun í heilsugæslu er góður.

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur nú í rúman áratug boðið upp á framhaldsnám í hjúkrunarfræði og býður velkomna hjúkrunarfræðinga sem hafa hug á að starfa sem sérfræðingar í heilsugæslunni. Mikill áhugi og vilji er á að efla heilsugæsluna og leita nýrra leiða til að landsmenn allir geti áfram búið við örugga og góða heilbrigðisþjónustu. Ég fagna því allri frjórri umræðu stjórnmálamanna sem láta sig heilbrigðisþjónustuna og gæði hennar varða og heilsugæsluna sem málið snýst um og bendi á að Hjúkrunarfræðideild er sannarlega reiðubúin til samstarfs við að koma auga á tækifærin innan heilsugæslunnar með öflugri aðkomu hjúkrunarfræðinga, landi og þjóð til heilla.

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands

Er sem hér segir:

Reykjavík
Eskihlíð 2-4
14-15-21-22 des.
Frá kl 14:00

Reykjanesbær
Hafnargötu 29
22. des

Akureyri
Freyjusnesi 2
22. des

Sund bannað börnum

Sund

Ómar Stefánsson
bæjarfulltrúi í Kópavogi og sundpabbi

Dóninn ég, þurfti að lesa aftur yfir bréf mitt til Svandísar í Fréttablaðinu frá því á fimmtudaginn eftir að ég sá viðbrögðin. Ég sem hafði talið mig vera frekar kurteisan og ekki með sleggjudóma eða dónaskap og breytt meira segja fyrirsögninni úr „Leyfðu börnunum...“ í „Viltu leyfa börnunum að fara í sund Svandís“.

Það var nú annað í svari Svandísar til mín. En í grein hennar segir m.a. „hann furðar sig á“ og „Ómar telur það hið versta mál“, þetta eru ýkjur og er einfaldlega rangt. Ég skrifaði undir greinina sem „sundpabbi“ en Fréttablaðið bætti við fyrrv. bæjarfulltrúi í Kópavogi, sem er önnur saga. En Svandís gerir töluvert úr því að ég sé bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi. Bara svo það komi skýrt fram, þá er ég ekki að endurspegla skoðanir Framsóknarflokksins í Kópavogi hvað þá heldur skoðanir bæjarstjórnar Kópavogs, heldur mínar eigin í þessu máli. Nóg um það.

Svandís segir að „Breytingin er að sjálfsögðu til komin vegna öryggissjónarmiða“. Ég þóttist nú vita það, en sú tölfræði sem miðað er við er orðin 17-26 ára gömul og t.d. ekkert tekið tillit til þess að það hefur nánast orðið sprenging í ungbarnasundi síðan. Ég fullyrði að út frá öryggissjónarmiðum og smá skammti af forsjárhyggju væri álitamál hvort ekki ætti að banna eldri börnum að fara í sund án forráðamanna, jafnvel allt að 18 ára aldri. Það er best.

> Sú tölfræði sem miðað er við er orðin 17-26 ára gömul.

Þar sem rannsóknin sem Svandís vísar í var gerð 1984-1993 og síðan könnun sem gerð var 1998 er orðin gömul hefði ég í hennar sporum látið gera nýja rannsókn. Allt eiga þetta að vera tölur sem hægt er að nálgast hratt og örugglega og ættu að vera aðgengilegar í gegnum stjórnarráðið. Það er verið að taka mikilvæga ákvörðun sem bitnar á börnum.

Varðandi synd börn samkvæmt „gildandi skilgreiningum sundkennslu“ langar mig að benda á að börn sem eru að fara í sund sér til gamans eru ekki að synda tíu ferðir bringu og tíu ferðir skrið. Þau eru að fara til þess að busla, leika við félaga og fara í rennibrautir og leiktæki. Þar sem hún vitnar í að „Foreldrar hafa í flestum tilfellum ekki skýra mynd af því hvort barnið er synt eða ekki og treysta um of á gæslu sundlaugarvarða“ tel ég að foreldrar munu væntanlega halda áfram að treysta á gæslu sundlaugarvarða, því foreldrar muni eftir sem áður leyfa börnunum að busla í lauginni á meðan þeir eru í heitu pottunum.

Varðandi boð Svandísar um að ganga á hennar fund tel ég það óþarfa tímaeyðslu. Hún taldi ástæðulaust að gera nýja rannsókn til að afla nýrra gagna, en lét duga rannsókn frá síðustu öld. Dæmin sanna að Svandís hefur engan áhuga á umræðu um sínar ákvarðanir. Því hef ég ákveðið að ræða þetta ekkert frekar, þar sem Svandís hefur nóg að gera við að vernda landið fyrir brjálaða fólkinu í landinu sem vill skapa atvinnu.

Elica háfar

glæsileg hönnun og fágað yfirbragð

Platinum, Isobella, Twin, Wave og Grace háfar á tilboði*

elica COLLECTION

Verð frá kr.:
162.500

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*Tilboð gildir meðan birgðir endast

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Hvað þarf til að ríkisstjórn vakni?

Stjórnmál

Halldór Úlfarsson
matreiðslunemi

Ríkisstjórn Íslands er að fara dýrustu og verstu leið sem hægt er að fara í málefnum heimilanna. Ef þessi „endanlega“ leið sem nú er verið að fara er svona útpæld og góð, af hverju var hún ekki farin fyrir tveimur árum þegar þau tóku við? Nei, þetta er bara ein vitleysan enn; eitt af 50 úrræðum „eftir helgi stjórnarinnar“.

Það var svo gaman hjá þeim þegar þau tóku við. Steingrímur fór á fullt í Icesave og Samfylkingin á fullt í ESB, en þau gleymdu aðalatriðinu, sem voru heimili landsins og atvinnulífið. Ef það er eitthvað sem ætti að rannsaka hér á Íslandi um þessar mundir, þá er það verkleysi og vankunnátta ríkisstjórnarinnar síðustu tvö ár. Það er nefnilega þannig að þegar mjólkin er súr eða vond þá hellir maður henni niður eða hendir henni. Ríkisstjórnin sem nú situr minnir mann ansi mikið á vondu og súru mjólkina. Það er grátlegt að horfa upp á getuleysi hennar í flestum málum. Nú veit ég að þetta eru ekki nýjar fréttir, en þetta er bara svona og það vita allir Íslendingar nema þingmenn VG og Samfylkingar. Ólína Þorvarðardóttir talar um „úrtölufólk“ og þessi sama Ólína sagði einhvers staðar að hún vissi ekki hvað þetta fólk (8 þúsund manns) væri að gera fyrir utan Alþingishúsið 4. okt. sl. Mig langar að segja frú Ólínu að þetta fólk var þarna fyrst og fremst að mótmæla getuleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum heimilanna.

> Þetta fólk var þarna fyrst og fremst að mótmæla getuleysi ríkisstjórnarinnar.

Annað finnst mér svo ótrúlegt í þessu öllu en það er hvernig fréttamiðlar teikna þetta upp aftur og aftur. Tökum dæmi. Ríkisstjórnin þykist vera með enn eitt snilldar úrræðið og fréttamiðlarnir birta allt ádeilulaust eða í versta falli spyrja þeir Þórólf Mattíasson um hans álit á dellunni og ef einhver segir eitthvað annað en hann þá er það alltaf alveg galin hugmynd. Þingmaðurinn Magnús Orri talar um lýðskrum og svo er alveg yndislegt þegar Árni Páll og Jóhanna tala um samfélagslega ábyrgð eða með öðrum orðum: Gerið eins og við segjum hversu vitlaust sem það er og sýnið með því samfélagslega ábyrgð. Þau eru búin að hafa öll tækifæri í heiminum síðustu tvö ár til þess að taka á lánamálum heimilanna og koma á friði í landinu en þau kjósa áframhaldandi stríð við sitt eigið fólk.

Þessi ríkisstjórn hlýtur að hrökklast frá völdum fljótlega og ég skil reyndar ekki hvernig hægt er að stjórna landinu svona illa. Þau áttu að taka á þessum lánamálum strax og þau tóku við. Leiðin sem þau eru að fara núna á eftir að verða þjóðinni miklum mun dýrari þegar upp er staðið.

YFIRDÝNA INNIFALIN

ST. 90X200 SM. FULLT VERÐ: 29.950,-

24.950,-

VERÐ ÁN FÓTA

SPARIÐ 5.000

BASIC B20 boxdýna
Með tvöföldu gormakerfi og yfirdýnu. Góð dýna, miðlungsstíf með 115 BONELL gormum pr. m² í efra lagi og 150 gormum í neðra lagi.
Vönduð yfirdýna innifalin í verði. Verð án fóta.
Stærð: 140 x 200 sm. **49.900,-**

ÁFÖST YFIRDÝNA

SPARIÐ 30.000

ST. 153X203 SM. FULLT VERÐ: 109.950,-

79.950,-

VERÐ MEÐ FÓTUM

SWEET DREAM amerísk dýna
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu.
Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi.
Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 LFK BONELL gormar pr. m².
Hreint ótrúlegt verð! Fáanleg í þremur stærðum. Fætur fylgja með.

Allt fyrir svefninn

KRONBORG OF DENMARK

Koddi
50 x 70 sm.
2.495,-

60% DÚNN

SPARIÐ 2.000

VERÐ ÁÐUR: 6.995,-

4.995,-

KRONBORG COMFORT andadúnssæng
Mjög góð sæng, fyllt með 60% af dúni og 40% af fiðri.
Þyngd: 900 gr. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.
Koddi: 50 x 70 sm.

TUSINDFRYD gæsadúnssæng
Þessi sæng er fyrir kónga, greifa, prinsessur og....já, þig! Það er hreint ævintýri að sofa undir þessari sæng.
Fyllt með snjóhvítum gæsadúni.
Áklæði er úr 100% bómullarsatíni.
Sængin er saumuð í 5 x 7 ferninga.
Sængurtaska fylgir. St. 135 x 200 sm.

SPARIÐ 10.000

VERÐ ÁÐUR: 39.950,-

29.950,-

RINGSTED DUN

Koddi
50 x 70 sm.
6.995,-

SPARIÐ 8.000

VERÐ ÁÐUR: 24.950,-

16.950,-

RINGSTED DUN ROYAL gæsadúnssæng
Virkilega mjúk og góð sæng fyllt með gæsadúni og gæsafiðri.
Sængin er með áklæði úr 100% bómullarcambric og hvítum snúrukanti úr satíni. Sængin er saumuð í 4 x 6 sm. ferninga.
Sængurtaska fylgir. Sæng: 135 x 200 sm.

SPARIÐ 1.000

VERÐ ÁÐUR: 4.995,-

3.995,-

LUISIA sængurverasett
Mjög fallegt, rómantískt hágæða sængurverasett. Einstaklega mjúkt og notalegt. Efni: 100% hágæða bómullarsatín.

SOLFRID sængurverasett
Flott, straufrítt sængurverasett.
Efni: 55% polyester/45% bómull.
Tölur að neðan.
Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

33% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.495,-

995,-

NELL sængurverasett
Efni: 100% bómullarsatín.
140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.
140 x 220 sm. **3.495,-**

BÓMULLARSATÍN

KRONBORG OF DENMARK LUX

HREIN EFNI

VERÐ AÐEINS

2.995,-

SÆNG ST. 67x100 SM. ÁÐUR: 4.995,-

3.996,-

20% AFSLÁTTUR

DELFINEN sæng og koddi
Úrvals sængur og koddar, fyllt með hvítum gæðamiklum gæsadúni. Sængin er astma- og ofnæmisprófuð.
Sæng 150 gr: 67 x 100 sm. áður **4.995,- nú 3.996,-**
Sæng 300 gr: 100 x 140 sm. áður **9.995,- nú 7.996,-**
Koddi 55 gr: 40 x 45 sm. áður **2.495,- nú 1.996,-**
Koddi 110 gr: 40 x 45 sm. áður **3.495,- nú 2.796,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 14.12-16.12

BARNASTÆRÐ

1.495,-

Náttbuxur á börn og fullorðna
Margir litir fáanlegir.
Barnastærðir: 4 - 14 ára **1.495,-**
Fullorðinsstærðir: S - XXL **1.995,-**

Offramleiðsla lambakjöts

Landbúnaður

Kristján E. Guðmundsson
félagsfræðingur og framhaldsskólakennari

Þegar ég var unglingur að alast upp vestur á Snæfellsnesi á sjötta áratug síðustu aldar kom í heimasveit mína bandarískur maður sem fékk þar vinnu. Eftir nokkurra mánaða dvöl var hann orðinn leiður á lambakjöti og fór að langa í kjúkling í matinn sem hann var vanur heiman frá sér sem hversdagsmat. Hann spurðist fyrir um það hvort ekki væri hægt að fá slíkan mat. Það spurðist hins vegar fljótt um sveitina að þar væri komin „hænsnaæta“ og vissu menn ekkert fyrirlitlegra. Leit hans um sveitina bar ekki árangur og vildu bændur í sveitinni alls ekki að hann legði sér til munns varphænur þeirra. Lambakjöt skyldi hann éta og hana nú! Síðan þessir atburðir áttu sér stað hefur mikið vatn til sjávar runnið. Þá var búið á hverju koti og menn tóku allt sumarið í að heyja fyrir rollurnar þar sem hver hönd stórfjölskyldunnar var nýtt til að slá, raka og rifja.

Nú er öldin önnur, menn heyja fyrir tíu sinnum stærri bú á 2-3 vikum með stórvirkum vélum, smábýlin víðast aflögð, heilu sveitirnar eru víða nánast komnar í eyði. Um það bil sjö árum eftir að bandaríska hænsnaætan var að leita að varphænum sér til matar hóf veitingastaður í Reykjavík að bjóða þennan skelfilega mat, kjúkling, og meira að segja ætlaðist til að menn borðuðu hann með fingrunum! Og viti menn, smám saman fór hann að fást í kjötverslunum og einnig annað kjöt sem Íslendingar lögðu sér helst ekki til munns, svínakjöt.

Ég held að hvergi hafi átt sér stað eins mikil bylting í menningu okkar á síðustu fimmtíu árum og í matarmenningu. Það er himinn og haf á milli þess sem ungt fólk vill borða í dag og þess sem ég ólst upp við. Auk þess hefur alþjóðavæðingin haldið á fullu innreið sína í matarmenningu okkar. Fólk ferðast, kynnist annars konar mat, kryddi o.s.frv. Auk þess hafa innflytjendur sett mark sitt á matarmenningu okkur og auðgað hana. En hefur framleiðslukerfi okkar lagað sig að breyttum neysluvenjum? Nei, ekki nema að litlu leyti. Sett voru á stofn kjúklinga- og svínabú, sem mættu aukinni eftirspurn. Þessi bú njóta ekki niðurgreiðslna á framleiðslu sinni og framleiðsla og sala standast nokkurn veginn á. Þegar hins vegar neysla á lambakjöti minkaði smám saman í hlutfalli við aukna kjúklinga- og svínakjötsneyslu juku menn framleiðsluna á lambakjöti. Ástæðan var einföld. Lambakjötsframleiðsla var stórlega styrkt af skattgreiðendum í landinu, sem hvatti til aukinnar framleiðslu þar sem styrkirnir voru (og eru) bundnir framleiðslumagni. Menn sáu sér því hag í því að framleiða sem mest, óháð sölu. Ríkið tryggði kaup á öllu framleiddu lambakjöti, sem svo hlóðst upp í frystigeymslum með ærnum geymslukostnaði. Þegar kjötfjallið var orðið ærið og kostnaður óhóflegur að mati stjórnvalda var kjötið svo úðað með grænu eiturefni og urðað með stórvirkum jarðýtum! Nú gekk þetta svo fram af fólki að ráðamenn sáu ástæðu til einhverrar bragarbótar. Komið var á útflutningsskyldu sem svo var afnumin fyrir nokkrum árum.

> Hafa íslenskir skattgreiðendur greitt niður lambakjöt til útlendinga á þessum tíu árum sem nemur 5,8 milljörðum.

En hvernig hefur þróunin verið hin síðustu ár? Fyrir tveimur árum fór neysla á kjúklingakjöti fram úr lambakjötinu og nú er það komið í þriðja sæti, á eftir svínakjöti. En áfram héldu menn að framleiða lambakjöt enda styrkir bundnir framleiðslu. Ekki gátu menn grafið það og SÍS-frystigeymslurnar farnar svo því varð áfram að koma úr landi.

Ef framleiðsla og sala kindakjöts er skoðuð síðastliðin tíu ár (sjá töflu) má sjá að framleiðsla hefur verið töluverð umfram neyslu innanlands, allt frá 16% og upp í 31%. Árið 2008 tókst að auka sölu innanlands með dýru markaðsátaki en nú er allt komið í sama horfið, út þarf að flytja um þriðjung af allri framleiðslu.

Nú vill svo til að þessi framleiðsla nýtur mikils fjárstuðnings frá skattgreiðendum í formi beingreiðslna til bænda. Á síðustu fjárlögum var það 3,1

Umframframleiðslan

Ár	Umframframleiðsla tonn	Prósenta af framleiðslu	útflutningur tonn
2000	2.500	26	1.328
2001	1.848	21	1.398
2002	2.249	26	1.718
2003	2.423	28	2.431
2004	1.431	17	2.028
2005	1.406	16	1.320
2006	1.578	18	1.194
2007	1.705	20	1.078
2008	1.449	16	1.491
2009	2.741	31	2.600
Samtals útflutningur			16.586

heimild: Hagstofa Íslands (Bændablaðið fyrir 2009)



milljarður króna, sem þýðir að skattgreiðendur hér á landi eru að greiða um milljarð á ári fyrir framleiðslu á kjöti ofan í útlendinga! Útflutningur á lambakjöti fyrir allt þetta tímabil sem taflan sýnir, 2000-2009, nemur tæpum 16.600 tonnum. Miðað við beingreiðslur dagsins í dag (og að þær hafi haldið verðgildi sínu sem er á núvirði um 350 kr. á kíló) hafa íslenskir skattgreiðendur greitt niður lambakjöt til útlendinga á þessum tíu árum sem nemur 5,8 milljörðum. Í haust boðaði svo forstjóri SS að ekki yrði hækkað afurðaverð til sauðfjárbænda þar sem ljóst væri að meira en 30% af framleiðslu þeirra í ár yrðu að fara í útflutning þar sem miklu lægra verð fengist. Með beingreiðslum í ár er þetta þá komið í um átta milljarða króna frá aldamótum!!

Og nú þarf að skerða þjónustu á sjúkrahúsum víða um land og biðlistar lengjast.

Nú er vitað að margar sveitir eru frá fornu fari háðar framleiðslu sauðfjár og það er mikilvægt að viðhalda byggð í landinu. En það gerum við ekki með þessu móti. Það þarf að breyta í grundvallaratriðum stuðningskerfi við landbúnaðinn. Það verður að aftengja stuðninginn framleiðslunni þannig að hann hvetji ekki til offramleiðslu eins og nú er. Og hvar er náttúruverndarfólkið?

AF NETINU

Gjaldþrot er valkostur

Já, gjaldþrot er sannarlega kostur og það góður kostur fyrir marga. Ég þekki fólk sem hefur orðið gjaldþrota og líf þeirra varð annað og betra við það eftir það losnaði við Þrælaböndin. Eins og staðan er hjá mörgum þá yrði ég ekki hissa þó svo að holskefla gjaldþrota skelli á næstunni! [...]
Það á enginn heilvita maður að láta bjóða sér þá afarkosti sem eru í boði hjá svo mörgum.

Pressan.is

Bubbi Morthens

Saga hinna ábyrgðarlausu

Ábyrgðarlausir kjósendur kusu sér ábyrgðarlausa pólitíkusa, sem settu upp ábyrgðarlaust bankakerfi. Þegar það hrundi, héldu kjósendur áfram að vera ábyrgðarlausir. Ákváðu ábyrgðarlaust í þjóðaratkvæðagreiðslu, að þeir tækju ekki ábyrgð á ábyrgðarlausum bönkum. Mynduðu hagsmunasamtök ábyrgðarlausra óráðsíumanna og neita að borga af lánum sínum. Ábyrgðarlaust fólk framvísar allskonar lagakrókum gegn því að taka ábyrgð á IceSave. Ábyrgðarleysið er alfa og ómega þjóðarinnar. Nú vill ábyrgðarlausa fólkið aftur hindra, að venjulegt fólk endurheimti æru þjóðarinnar með friðarsamningi við útlönd.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

Stefnir - Samval

Þú vilt nýta *tækifærin* sem gefast og að vel sé hugsað um *fjárfestinguna* þína.

Stefnir – Samval er blandaður fjárfestingarsjóður með virka stýringu í skuldabréfum og hlutabréfum, auk sérhæfðra fjárfestinga. Við framkvæmd fjárfestingarstefnu er tekið mið af mati allra fjárfestingarteyma og fjárfest í þeim eignaflokkum sem taldir eru ákjósanlegastir hverju sinni. Með því að fjárfesta í Stefni – Samvali færðu aðgang að faglegri eignastýringu í einum sjóði.

Helstu kostir Stefnis - Samvals eru:

- Eignastýring í einum sjóði – góður kostur í langtímasparnaði
- Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem eru ákjósanlegastir hverju sinni
- Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- 10,6% meðalnafnávöxtun undanfarin 5 ár [1]

Eignayfirlit 30. 11. 2010 [2]



Stefnir – Samval er í rekstri Stefnis hf. Stefnir er sjálfstætt starfandi sjóðastýringarfyrirtæki í eigu Arion banka hf.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar og kynntu þér það sem við höfum að bjóða.
Við tökum vel á móti þér.

Hafðu samband
sími 444 7000 ∘ arionbanki.is

1) Upplýsingar fengnar frá Arion verðbréfavörslu fyrir tímabilið 30.11.2005-30.11.2010.
2) Upplýsingar eru fengnar frá Arion verðbréfavörslu.
Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

Arion banki

tímamót

timamot@frettabladid.is

GEORGE WASHINGTON (1732-1799) fyrsti forseti Bandaríkjanna, lést þennan dag 66 ára að aldri.

„Fáir eru svo dyggðugir að þeir standist hæsta tilboð.“

Merkisatburðir

1542 María Skotadrottning tekur við völdum.

1903 Wright-bræðurnir gera fyrstu tilraun sína til að fljúga í Kitty Hawk í Norður-Karólínu.

1908 Coot, fyrsti íslenski togarinn strandar við Keilisnes. Hann kom til landsins 1905.

1910 Útgáfa „Vísis til dagblaðs í Reykjavík“ hefst. Vísir er síðan sameinaður Dagblaðinu 26. nóvember 1981.

1935 Ofviðri um mest allt land. Tuttugu og fimm manns farast, flestir drukknuðu. Í Reykjavík slitna símalínur og reykháfar fjúka af húsum.

1977 Stórflóð og ofviðri valda tjóni á suðurströndinni, meðal annars á Stokkseyri. Þetta eru ein mestu flóð á 20. öld.

ÞETTA GERÐIST: 14. DESEMBER 1911

Roald Amundsen kemst á suðurpólinn

Roald Amundsen komst á suðurpólinn hinn 14. desember 1911, ásamt fimm manna liði með sextán hunda. Þetta var önnur tilraun Amundsens til að komast á pólinn, sú fyrri fór út um þúfur vegna kulda og óeiningar í liðinu.

Amundsen og menn hans fóru í annarri tilraun áður óþekkta leið eftir Axel Heibergjöklinum og náðu á suðurpólinn 35 dögum á undan leiðangri Roberts Scott. Amundsen nefndi búðir þeirra Polheim; heimili á pólnum og þar skildu þeir eftir lítið tjald og bréf til merkis um veru sína, ef þeir skyldu ekki komast lifandi aftur til byggða. Heimferðin gekk þó áfallalaust og þeir komu til búðanna í Framheim hinn 25. janúar 1912.

Árangur Amundsens var tilkynntur opinberlega þegar hann kom til Hobart í Ástralíu hinn 7. mars 1912. Við það tækifæri sagði Amundsen: „Sá sem undirbýr sig vandlega á sigurinn vísan og fólk kallar það heppni!“

Heimild: wikipedia.org

EYRARBAKKAKIRKJA 120 ÁRA: HÁTÍÐARHÖLD EFTIR FIMM ÁR

Fékk altaristöfluna í sárabætur

Eyrarbakkakirkja var vígð 14. desember 1890, en fram að því áttu Eyrbekkingar kirkjusókn í nágrannaþorpið Stokkseyri. Ekki verða þó nein hátíðarhöld í tilefni dagsins en stefnt að því að halda veglega upp á 125 ára afmæli kirkjunnar í staðinn. „Við verðum ekki með nein hátíðarhöld núna,“ segir sr. Sveinn Valgeirsson, núverandi sóknarprestur á Eyrarbakka. „Við höfum undanfarið staðið í miklum breytingum á kirkjunni, sem er auðvitað fjárfrekt, svo við ákváðum að fresta hátíðarhöldum þangað til á 125 ára afmælinu.“

Breytingarnar sem séra Sveinn talar um fólust í því að skipta um þak kirkjunnar og rúður í gluggum. Hann segir kirkjuna þurfa mikið viðhald og hafi það komið í ljós fljótlega eftir byggingu hennar. „Aðalforgöngumaðurinn um kirkjubygginguna var sóknarpresturinn, séra Jón Björnsson, og höguðu örlögin því svo að hann var fyrsti maðurinn sem kvaddur var frá Eyrarbakkakirkju en það var árið 1892, segir séra Sveinn.

Sögufrægasti gripur kirkjunnar er altaristaflan. Er það mynd af Jesú á tali við Samversku konuna við Jakobsbrunninn (Jóh. 4, 13-14) og stendur undir töflunni: „Hver sem drekkur af því vatni, sem ég mun gefa honum, hann mun aldrei að eilífu þyrsta.“ Tilurð hennar á sér sérstaka sögu. Séra Jón Björnsson sigldi til Kaupmannahafnar til þess að útvega kirkjuviðinn og freista þess að afla fjár til byggingarinnar. Gekk hann þá einnig á fund Kristjáns konungs IX og Louise drottningar. Hlaut hann þar góðar viðtökur en ekki treystist kóngur þó til að leggja fram fé. Louise gaf þó kirkjunni altaristöflu, sem hún hafði sjálf málað og er nafn drottningar á töflunni og ártalið 1891. „Kóngur vildi ekki styðja við byggingu kirkjunnar með fjárframlögum, en gaukaði þessari mynd eftir konu sína að Jóni í staðinn. Það má því segja að hann hafi fengið töfluna í nokkurs konar sárabætur,“ segir séra Sveinn og hlær.

Séra Sveinn segir mannlíf á Eyrarbakka gott, þar ríki gömul sönghefð og fólk sé mjög meðvitað um söguna og arfinn. „Hér hefur alltaf ríkt öflug sönghefð og það var rifjað upp fyrir mér um daginn að hátíðarsöngvar Bjarna Þorsteinssonar, sem alltaf eru sungnir á jólum, voru fyrst sungnir á Eyrarbakka, áður en þeir voru sungnir í Dómkirkjunni. Hér er líka elsta jólatré landsins og mikil rækt lögð við að varðveita minjar um fyrri tíma. Það er einmitt eitt af því skemmtilega við Bakkann hve hér er mikil saga og hvað fólk hefur sterka tilfinningu fyrir henni.“

fridrikab@frettabladid.is

SAGAN LIFIR „Hér er mikil saga og fólk hefur sterka tilfinningu fyrir henni,“ segir sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur á Eyrarbakka. MYND/ÁRNI SVANUR DANÍELSSON



DROTTNINGARMYND Altaristaflan í Eyrarbakkakirkju eftir Louise Danadrottningu er frá árinu 1891.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðbjartur Gestur Andrésson

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 8. desember síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 17. desember kl. 13.30.

Börnin.

---

†

Bróðir okkar,

Jón S. Hallgrímsson

Sæviðarsundi 11, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans, Landakoti, föstudaginn 10. desember. Útförin verður auglýst síðar.

Þórarinn Hallgrímsson, Helgi Hallgrímsson og fjölskyldur.

---

†

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Cornelía Ingólfsdóttir

Hrísmóum 1, Garðabæ, áður Háholti 15, Keflavík,

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 16. desember klukkan 13.

Þór Helgason
Karl Jóhann Ásgeirsson **Ragnheiður Helga Gústafsdóttir**
Þórólfur Ingi Þórsson **Eva Margrét Einarsdóttir**
Jóhannes, Gabríel og Lilja.

---

†

Okkar heittelskaði

Friðrik Helgi Jónsson

prófessor í sálfræði,
Meistaravöllum 11,

lést að heimili sínu sunnudaginn 12. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 20. desember klukkan 16.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrk, hjá Krabbameinsfélaginu, í síma 5401990.

Guðný Ágústa Steinsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Steinn Friðriksson **Marta Guðrún Blöndal**
Steinunn Friðriksdóttir.

---

†

Bróðir okkar og mágur,

Ólafur Ágústsson

Skaftahlíð 13, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörkinni Suðurlandsbraut 66 þriðjudaginn 7. desember, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 16. desember kl. 13.00.

Erla Eyjólfsdóttir
Loftur Andri Ágústsson **Kristjana Petrína Jensdóttir**
Ingibjörg Ágústsdóttir **Árni Sigurjónsson**
Svanhildur Ágústsdóttir

---

†

Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

Jóhannes R. Bergsteinsson

múrarameistari, Hrafnistu í Reykjavík,

lést föstudaginn 10. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda
Sigurbjörg Jóhannesdóttir **Örlygur Geirsson**
Ragnhildur Jóhannesdóttir **Sveinn Sigurkarlsson**
Guðbjörg Jóhannesdóttir
Sjöfn Jóhannesdóttir **Gunnlaugur Stefánsson**

Te og kaffi heldur úti skóla, Te- og kaffiskólanum, þar sem nemendum gefst kostur á að læra um sögu og uppruna kaffis, að þekkja muninn á kaffitegundum og blöndum, allt um viðhald kaffivéla og fleira. Áhugasamir geta sent Halldóri Guðmundssyni skólastjóra póst á dori@teogkaffi.is eða hringt í síma 555-1910.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Tilboð til jóla 40% afsláttur!

Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

Opið virka daga kl. 9 -18
og á **laugardögum** kl. 11 -16

Tilboðsverð 5.850 kr.

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

Úrval af jólagjöfum
fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00, lau 11:00-16:00
Dalvegi 16a, Rauðu músteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra

Patti.is

Íslenskir sófar sniðnir að þínum þörfum
Mál og áklæði að eigin vali.

Basel

Einnig fáanlegt í:

Aspen	Nice	Köln	Roma
Lyon	Paris	Milano	Vín
Boston	Písa	Rín	Valencia

Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttur náðu langt á Special Olympics:

Sætur en óvæntur sigur

Þórdís Erlingsdóttir og Katrín Guðrún Tryggvadóttir stoltar með verðlaunapeningana sem þær fengu fyrir frækilega frammistöðu á Evrópumótinu í skautum í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óhætt er að segja að Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttir hafi staðið sig vel á fyrsta Evrópumótinu í skautum í flokki Special Olympics, sem fram fór í Sankti Pétursborg í Rússlandi á dögunum. Þegar úrslitin voru kunngjörð kom í ljós að Katrín hafði hafnað í fyrsta sæti og Þórdís í öðru. Stúlkurnar voru að vonum ánægðar þegar tal náðist af þeim í Egilshöll þar sem þær voru ásamt mæðrum sínum við æfingar, en viðurkenna að árangurinn hafi hins vegar komið svolítið flatt upp á þær.

EINSTAKT TÆKIFÆRI

Nokkur eftirárshjól frá Linhai á sérstöku tilboði til áramóta. Hjólin koma götuskráð.

Öflugt vinnutæki með burðargrindum að aftan/framan og dráttarbeisli. Hjólin koma með beinni innspítingu og sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum.

Linhai 520
- ÞJARKUR
990.000 kr.
788.845 kr. án vsk.

Innifalið:
Fjórhjólataska og spil að verðmæti 79.800 kr.

VDO Offroad Line

Borgartún 36
105 Reykjavík
Sími 588 9747

Flestir gera sér dagamun í mat og drykk um jól. Sumir fara reyndar yfir strikið í þeim efnum. Á heilraedi.blogspot.is, vefsíðu Önnu Rögnu Magnúsardóttur, doktors í heilbrigðisvísindum, er að finna nokkur góð ráð gegn ofáti og hvaða afleiðingar ofát getur haft.

Jól og áramót án maka

Námskeið fyrir ekkjur og ekkla verður haldið á Heilsuhótelinu að Ásbrú milli jóla og nýárs en sá árstími getur verið sérstaklega þungbær þeim sem hafa misst maka sinn. Hugmyndin er að létta fólki lífið.

Heilsu- og þekkingarnámskeið um fráfall maka, fyrir ekkjur og ekkla verður haldið í fyrsta skipti á Heilsuhótelinu að Ásbrú í Reykjanesbæ milli jóla og nýárs. Námskeiðið stendur frá 27. til 30. desember og er ætlað ekkjum og ekklum, sextíu ára og eldri.

„Við munum skoða hvernig hátíðin og ýmsar hefðir fjölskyldunnar breytast þegar maki fellur frá og eins þau þáttaskil sem verða þegar nýtt ár gengur í garð. Þar að auki verður áhersla lögð á heilsusamlegt líf og verður boðið upp á göngur, leikfimi, hláturjóga og slökun svo dæmi séu nefnd," segir séra Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur, sem mun hafa umsjón með námskeiðinu ásamt fleirum. Hann hefur áralanga reynslu af því að vinna með fólki sem hefur misst og segir hátíðarnar mörgum sérstaklega erfiðar.

„Þetta er tími sem kallar oft fram sterkar andstæður; gleði, sorg, ljós og myrkur. Fólki tekst oft ágætlega að undirbúa jólin en rekur sig svo á þegar kemur að nýju ári. Áramótin eru gjarnan þrungin trega enda tímamót þar sem litið er til baka um leið og horft er fram á veginn án maka. Því fylgir í mörgum tilfellum mikil óvissa en við viljum nesta fólk inn í þennan tíma með ýmis ráð og verkfæri."

Bragi hefur langa reynslu af því að vinna með þeim sem hafa misst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagskráin alla dagana hefst rúmlega átta og lýkur á kvöldvöku klukkan 20 og ganga þátttakendur svo til náða. Megináhersla er lögð á hreyfingu, fræðslu, slökun og hollan mat. Þá verða reglulegar vinnustundir og viðtöl í umsjón Braga, Gunnars Gunnarssonar sálfræðings og Margrétar Jónsdóttur félagsfræðings. „Það verður því bæði lögð áhersla á að fólk hitti aðra með sambærilega reynslu en eins að það fái tækifæri til að ræða við okkur einrúmi," segir Bragi. Hann segir þegar farið að huga að því að hópurinn geti síðan hist með vorinu til að fylgja málum eftir. „Sorgarferlið getur tekið langan tíma og þó fólk hafi farið í gegnum allar árstíðirnar án makans þá getur ýmislegt orðið eftir. Sorgin hefur sinn tíma og það þýðir lítið að stytta sér leið. Það eru hins vegar til ýmis ráð og verkfæri til að létta fólki lífið."

vera@frettabladid.is

Precisely you...

DS ACTION
WWW.CERTINA.COM
CERTINA

Útsölustaðir:
GÞ skartgripir og úr, Bankastræti 12
Georg V Hannah, Keflavík
Gullúrið, Mjóddinni, Reykjavík
JB úr&skart, Akureyri

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

MEIRI GLAMÚR

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

JÓLAKJÓLAR

Áður 16.990
Nú 12.990
St. 36-46
Ótrúlegt úrval

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Hátíðarskófatnaður vandlátra herramanna

Vandaðir herraskór úr mjúku leðri, skinnfóðraðir.

Tegundir: 22101 og 23007
Stærðir: 40 - 47
Verð: 16.975.-

Misty skór
Laugavegi 178

Sími 551 2070.
Fram til jóla verður opið:
virka daga: 10 - 18
laugard. 18. des. 10 - 18
Þorláksmessu: 10 - 20
Aðfangadag: 10 - 12
Gleðileg jól !
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

Kynning

Fitness-réttirnir henta vel

Culiacan, sem nýlega flutti á Suðurlandsbraut 4a, er með gott úrval af hollum mat á góðu verði. Réttirnir kosta á bilinu 990-1.290 krónur.

Allir réttir eru útbúnir fyrir framan kúnnann, þannig getur hver og einn ráðið hvað hann tekur og hverju hann sleppir. Borðið er ávallt fullt af fersku góðgæti sem oftast er borðað með tortillu. Einnig eru salöt á matseðli sem eru líka mjög vinsæl.

Staðurinn hefur verið vinsæll hjá íþróttafólki því maturinn inniheldur fáar kaloríur en góða og fjölbreytta næringu.

Elín Hrund Guðnadóttir er ein þeirra sem stundað hafa Culiacan lengi. Hún er 26 ára, fitnesskeppandi. Elín byrjaði að keppa í módel-fitness 2009, en tveimur árum áður hafði hún farið sem áhorfandi á bikarmót í fitness og eftir það varð ekki aftur snúið. Hún segir að aðaláherslan fyrir fitness-keppni sé lögð á lyftingar. Til að byggja upp vöðva og móta líkamann þarf markvissar lyftingar og rétt mataræði. Hún æfir sex sinnum í viku alla jafna. Elín er líka að læra einkaþjálfun hjá Keili.

„Uppáhaldsrétturinn minn er Ultimo burrito," segir Elín. „Ég fæ mér sterka sósu á hann. Svona burrito get ég alltaf borðað. En þegar ég er að skera niður, henta Fitness-réttirnir mér mjög vel. Þeir duga mér í tvær máltíðir, t.d. í hádeginu og seinni part, eða seinni partinn og svo í kvöldmatinn. Þeir eru tvískiptir og mátulega lítið af hitaeiningum. Ég þarf að passa vel upp á orkuinntöku í niðurskurðinum, því annars losna ég ekki við fituna sem er nú tilgangurinn þegar maður sker niður. Þar fyrir utan tel ég ekki kaloríurnar en passa samt upp á hvað ég borða. Ég forðast djúpsteiktan mat, hvítan sykur, hvítt hveiti og passa upp á að fitan sem ég fæ sé góð, þ.e. ómettuð."

Ultimo burrito: Tortilla, kjúklingur, kryddhrísgrjón, fajitas, sterk sósa og sýrður rjómi. Grilluð með ostinum ofan á.

Elín Hrund Guðnadóttir er ein þeirra sem stundað hafa Culiacan lengi.



„Til að byggja upp vöðva og móta líkamann þarf markvissar lyftingar og rétt mataræði."

Á Culiacan er kjúklingurinn grillaður en aldrei djúpsteiktur, svo eru sósurnar og meðlætið mjög fitusnautt og ferskt, því allar sósur og salsa eru útbúnar frá grunni á staðnum. Til að fá góðu fituna sem allir þurfa er tilvalið að fá sér guacamole með matnum. Guacamole-ið á Culiacan er gert úr ferskum avókadó og kryddjurtum.

Culiacan er opið alla daga milli klukkan 10.00 og 22.00.

Sigur í höfn. Frá vinstri: Helga Olsen yfirþjálfari, Katrín, Þordís og Berglind Rós Einarsdóttir þjálfari.

Framhald af forsíðu

„Þetta var mjög gaman og líka mjög óvænt, loksins þegar þetta kom í ljós löngu eftir hádegi og skömmu fyrir verðlaunaafhendingu," segir Katrín enda eru þær Þórdís sammála um að sumir keppinautanna hafi verið ansi harðir í horn að taka. „Ég ákvað þó bara að reyna að gera mitt allra besta," segir Katrín brött.

Stúlkurnar hafa síðustu ár æft hjá Skautafélaginu Birninum undir handleiðslu Helgu Olsen yfirþjálfara, en auk þeirra æfa um tuttugu einstaklingar með fatlanir af einhverju tagi hjá félaginu. Mikill undirbúningur lá að baki þátttöku í mótinu í Rússlandi, meðal annars stífar æfingar. Katrín hafði áður keppt á Special Olympics árið 2009 og hafnaði þá í fimmta sæti en Þórdís þreytti nú frumraun sína á mótinu. Þeim fannst keppnin vera heilmikil upplifun og ekki síður skemmtilegt að heimsækja þetta fyrrverandi heimsveldi í fyrsta sinn.

„Það var gaman að koma til Rússlands, en það var svolítið kalt og sængurnar á hótelinu hefðu kannski mátt vera aðeins þykkari," viðurkennir Katrín. Spurðar hvernig fólkið hafi komið þeim fyrir sjónir segja þær að Rússarnir hafi verið ágætir þótt reyndar hafi vantað örlítið upp á kurteisina. „Annars hittum við alveg skemmtilegt fólk, þátttakendur frá hinum löndunum," segir Þórdís glöð í bragði og getur þess að alls hafi 40 keppendur frá sjö löndum tekið þátt í mótinu. „Já, ég hitti þarna voðalega skemmtilega finnska stelpu, hún dáðist mikið að kjólnum mínum," segir Katrín en íslenska fyrirtækið Arena á heiðurinn að búningum stúlknanna.

Þess má geta að Íslendingarnir lentu í ýmsum ævintýrum í ferðinni. Meðal annars varð búnaður Þórdísar eftir í Stokkhólmi og hún þurfti því að keppa með útbúnað frá öðrum. Á leiðinni heim urðu þær svo að taka krók til Lundúna vegna verkfalls starfsmanna Finnair, sem þær áttu bókað flug með frá Rússlandi til Finnlands. Stúlkurnar létu þessar hrakfarir þó ekki slá sig út af laginu heldur tóku að æfa aftur af fullum krafti eftir heimkomu, enda ýmislegt á döfinni. „Næst verður jólasýning hérna í Egilshöll, á föstudag og laugardag," segir Þórdís og alveg auðheyranlegt að þær stöllur hlakka mikið til. Þegar blaðamaður kveður vilja mæður stúlknanna koma sérstöku þakklæti á framfæri til starfsmanna Skautafélagsins Bjarnarins, Egilshallar, Arena og Landsbankans.

roald@frettabladid.is

Þykkara hár í nýjum lit á meðgöngu

Konur sem gengið hafa með barn hafa margar leitt hugann að því hvort hár þeirra eða húð hafi breyst á meðgöngunni. Það hafa vísindin staðfest.

Sumar óléttar konur fá dekkri hárlit á meðgöngu en á öðrum kemur meira rautt í hárið og freknur, sem konur kannast ekki við að hafa verið með áður, birtast óvænt. Þetta er ekki ímyndun heldur hafa vísindin nú sannað að þessar vangaveltur eiga við rök að styðjast. Samkvæmt Samtökum bandarískra fæðingar- og kvensjúkdómalækna er nefnilega ýmislegt sem getur gerst á meðgöngunni er tengist jafnvel hárgerð og stuðlar breytt á hormónastarfsemi að þessum breytingum.

Utan þess sem þekktast er, dekkri húð á brjóstum, andliti og eins konar ljósrar randar sem birtist á kviðnum og nær yfir hann endilangan, getur hár þykknað mikið og jafnvel farið að vaxa á nýjum stöðum líkamans. Slétt hár getur orðið krullað, krullað hár sléttara og brúnn hárlitur orðið rauður.

Brúnt hár getur orðið mjög rauðleitt á meðgöngu og slétt hár orðið hrokkið.

- jma

Yngra fólk getur unnið forvarnarstarf gegn beinþynningu síðar á ævinni. Þar skiptir réttur líkamsburður miklu máli, sem getur styrkt beinin. Á það við um legu, setu og hvernig staðið er en standa á jafnfætis án þess að láta þungann hvíla á öðrum hvorum fæti.

Heimild: www.doktor.is

Lín Design | Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

Í TOPPFORMI
MEÐ RÉTTU MATARÆÐI

„Til að halda mér í fremstu röð í minni grein á Íslandi þarf ég að æfa mjög vel, vera í góðu andlegu jafnvægi og huga vel að næringu. Ég hef vanið komur mínar á SAFFRAN frá því að staðurinn opnaði á Dalvegi. Maturinn er mjög bragðgóður og að auki er hann virkilega næringaríkur sem hjálpar mér við það sem ég tek mér fyrir hendur."

SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Kaffitár rekur vefverslun með kaffi og te en þeir sem versla þar fyrir fyrir 4.000 krónur eða meira í desembermánuði fá frían sendingarkostnað innanlands. Vöruúrval og allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.kaffitar.is

Koffínmagn er bæði háð kaffitegund og hve sterkt menn laga kaffið. Miða má þó við að í 200 ml kaffibolla séu um 100 mg af koffíni. Í svipuðu magni af svörtu tei eru 35 mg af koffíni. Í hálfum lítra af kóladrykk eru 65 mg af koffíni og í 100 grömmum af dökku súkkulaði eru 65 mg af koffíni.

visindavefur.is

Viðtakandi fær að túlka myndina

Kaffivélin er orðin að ómissandi hlut í lífi Arnaldar Gylfasonar forritunarfræðings. Þegar fjölskyldan fer í ferðalög um landið fær vélin sitt pláss í skotti bílsins. Aðalmálið er að ná mjólkinni mátulega þykkri til að hægt sé að móta úr henni lögulegar myndir. Það er áskorun.

„Ég hef alltaf sótt mikið í gott kaffi alveg frá því ég var unglingur í sveit að Búrfelli í Miðfirði, fjórtán, fimmtán ára. Þar komst ég á bragðið," segir Arnaldur Gylfason forritunarfræðingur. „Kaffiáhugamálið komst þó skyndilega á alvarlegra stig fyrir um það bil tveimur árum, þegar ég sá heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu. Hún var frá Te og kaffi og þar var mynd af kaffivélum í skærum litum. Ég fór daginn eftir og keypti mér svoleiðis vél. Síðan hefur þetta undið upp á sig. Ég fór að stúdera kaffi á netinu og sá að ég var alger byrjandi í þeim fræðum."

Kaffivélin hans Arnaldar er skærblá og skreytir heimilið. Svo er hún eiginlega orðin að ómissandi hlut í lífi hans þannig að þegar fjölskyldan fer í ferðalög innanlands er alltaf skilið eftir pláss í skottinu fyrir vélina, að hans sögn.

Arnaldur hefur þróað kaffikarlinn í sér á síðustu misserum. Segir það hafa tekið sinn tíma að læra á vélina og prófa sig áfram. „Ég var heillengi að ná tökum á mjólkinni. Aðalmálið var að ná henni góðri. Núna get ég gert lauf og hjarta í bollann, það tók heillangan tíma að ná mjólkinni réttri fyrir það. Ég fékk einkanámskeið hjá Sonju í Kaffismiðjunni eitt kvöld til að stíga næstu skref."

Nú kveðst Arnaldur nota öll tækifæri til að bjóða fólki að njóta góðs af kunnáttu hans í kaffigerð. „Ég býð fólki í fjallahjólaklúbbnum upp á kaffi stundum, enda stóð ég fyrir því að keypt væri vél í húsnæði hans. Þar á ég til að standa og skreyta bollana fyrir hvern og einn. Sú vél er reyndar öflugri en

„Ég fékk einkanámskeið hjá Sonju í Kaffismiðjunni eitt kvöld til að stíga næstu skref," segir Arnaldur, sem er í óðaönn að þróa í sér kaffikarlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mín og því þurfti annað lag við hana. En ég fór með hana upp í Te og kaffi og við lærðum saman á hana ég og kaffibarþjónninn og þá var það komið."

Arnaldur tekur fram að skreytingarnar séu áhugamál hjá sér og langt frá því jafn fullkomnar og hjá útlærðum kaffibarþjónum. „Við getum sagt að ég sé dálítið góður í að búa til nýjar myndir og oft leyfi ég þeim sem tekur við bollanum að túlka þær. Þar getur margt komið til greina." *gun@frettabladid.is*

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Rúbín kaffi-baunir fylgja

PHILIPS

Philips HD7740
KAFFIVÉL sem tekur kaffibaunir og skilar 2-12 bollum af kaffi. Með styrkstilli til að stilla kaffistyrk, LCD skjá, innbyggðum malara. Heldur heitu í 30 mín. Tekur baunir eða malað kaffi.

Malar baunir!

VERÐ
29.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700
• GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380
• SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Falleg piparkökuhús eru til sýnis í Kringlunni fram á laugardag.

Flottasta húsið valið

PIPARKÖKUKEPPNI STENDUR NÚ YFIR Í KRINGLUNNI.

Piparkökukeppni til stuðnings Barnaspítala Hringsins stendur yfir í Kringlunni. Þar gefur að líta falleg piparkökuhús af hinum ýmsu gerðum, stór, lítil, íburðarmikil og látlaus.

Á laugardaginn næsta, 18. desember, munu Jói Fel og Friðrika Geirsdóttir velja flottustu piparkökuhúsin í Kringlunni. Þá verður einnig staðið fyrir uppboði á flottustu piparkökuhúsunum og rennur allur ágóðinn til Barnaspítalans.

Vegleg verðlaun eru veitt, þar á meðal gjafabréf í Kringluna og bíómiðar í Kringlubíó.

jólagjöfin hennar

ÞRIÐJUDAGUR 14. DESEMBER 2010

NORDICPHOTOS/GETTY

Uppruna jólagjafanna má rekja aftur til Rómaveldis hins forna.

● SAGA JÓLAGJAFANNA Sá siður að skiptast á jólagjöfum er í hugum margra það sem jólin snúast um og hversu illa sem á stendur reyna allir sem vettlingi geta valdið að gleðja sína nánustu með gjöfum um jól. En hvernig upphófst þessi siður?

Uppruna jólagjafanna má rekja allt aftur til Rómaveldis hins forna. Rómverjar héldu hátíðina Saturnalia hinn 25. desember ár hvert. Þá skreytti fólk híbýli og torg og gaf hvert öðru gjafir. Eftir að kristnin yfirtók þessi hátíðahöld hélst sú hefð að gefa gjafir, en á miðöldum bannaði kaþólska kirkjan þennan sið á þeim forsendum að hann ætti rætur í heiðni. Sú ákvörðun mætti mikilli mótspyrnu almennings og loks veitti kirkjan gjafaskiptunum blessun sína á þeim forsendum að vitringarnir þrír hefðu gefið Jesúbarninu gull, reykelsi og myrru. Eftir að heilagur Nikulás var síðan gerður ábyrgur fyrir gjöfunum í hugum barna var ekki lengur um minnstu mótspyrnu að ræða af kirkjunnar hálfu og fremur hvatt til gjafanna en latt.

Glæsilegt úrval af undirfötum og náttfatnaði.

Lífstykkjabúðin
Laugavegi 82 • Sími 551 4473

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
N1
Veiðikortið fæst á N1

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

Hin klassíska sýn á eiginmanninn sveittan og hlaupandi niður Laugaveginn korteri fyrir lokun á Þorláksmessu í leit að gjöf fyrir eiginkonuna, á sér dyggan stuðningsmann í söngvaranum Páli Rósinkrans. Hann játar fúslega að hann sé oftar en ekki einn af þeim sem taki þátt í karladeild Þorláksmaraþonsins. „Það er engin regla en það endar yfirleitt á því að ég er í síðasta lagi, ég get ekki neitað því.“

Páll Rósinkrans hjólar ekki lengur einn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eftirminnilegasta gjöfin kom hins vegar þegar hann tók sér aðeins meiri tíma og umhugsun við gjafakaupin. „Sjálfur átti ég hjól en var orðinn leiður á því að hjóla alltaf einn. Þess vegna gaf ég konunni minni hjól til þess að hún gæti komið með mér.“ Hjólinu var vel tekið og urðu túrarnir ófáir. „Þetta var sem betur fer ekki ein af þessum gjöfum sem safna ryki úti í bílskúr,“ segir Páll. „Við förum enn saman út að hjóla, sem er miklu betra en að standa einn í þessu.“

- tg

Helgar meyjar og reiðhjól

Það er ekki tekið út með tómri sældinni að velja réttu gjöfina fyrir makann. Það er svo margt sem getur farið úrskeiðis. Stundum tekst þó vel til og úr verður ógleymanleg minning.

Þegar þungarokkarinn Björgvin Sigurðsson, söngvari og gítarleikari Skálmaldar, er inntur eftir eftirminnilegum gjöfum sem vakið hafa lukku hjá spúsu hans nefnir hann forláta spegil. „Ég hugsaði ekki mikið út í það, spegillinn var bara fallegur og mig langaði að gefa konunni minn hann,“ segir Björgvin.

Félagar Björgvins eru fljótur að benda á að slíka gjöf sé hægt að lesa á marga vegu, og ekki alla Björgvini í hag.

„Þetta er bara fallegur spegill og falleg kona sem á skilið að horfa mikið á sjálfa sig.“

Aðrir meðlimir hljómsveitarinnar vildu sem minnst tjá sig um málið, enda uppteknir á tónleikaferðalagi í Svíþjóð, nema hvað þeir samsinntu því að kona Snæbjörns væri vissulega falleg.

- tg

Björgvin (lengst til hægri) og Skálmaldarmenn eiga ekki í vandræðum með að finna góðar gjafir fyrir sínar spúsur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þorgrímur Þráinsson mælir með undirfötum fyrir konuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson kveðst ekki verja miklum tíma í að velta fyrir sér jólagjafakaupum fyrir sína heittelskuðu. Frekar taki hann skyndiákvörðun og fram til þessa hafi það gefið mjög góða raun.

„Undantekningin á því var þó í fyrra þegar ég, tveimur mánuðum fyrir jól, keypti handa konunni minni forláta styttu af Maríu mey í versluninni Frúnni í Hamborg á Akureyri. Þetta er ofboðslega falleg antíkstytta frá því á stríðsárunum, flutt inn til landsins frá Belgíu, og hefur nú eignast góðan stað heima. Konan var alveg voðalega ánægð með hana.“

Spurður hvort einhver gjöf hafi hitt sérstaklega í mark segist Þorgrímur ekki muna eftir neinu ákveðnu en getur þess að undirföt veki hins vegar alltaf lukku. „Fallegur undirfatnaður er auðvitað klassísk jólagjöf frá körlum til sinna heittelskuðu,“ segir hann en viðurkennir að yfirleitt hætti hann sér ekki út í slík kaup án þess að fá góðar ráðleggingar frá sérfræðingum.

„Annars erum við nú bæði komin á þann stað að við myndum alveg þiggja peninga til að kaupa eitthvað sjálf. Persónulega finnst mér það ekkert síðra en að kaupa kannski eitthvað sem lítil not reynast fyrir.“

- rve

Gjafir sem á aldrei að gefa henni

1. Heimilistæki. Gömul tugga, ég veit, en samt eru enn til karlar sem halda að heimilistæki séu í lagi sem jólagjöf. Þau eru það ekki.

2. Baðvog. Alveg sama þótt hún tali sí og æ um það að hún þurfi að passa þyngdina. Jólin eru ekki rétti tíminn til að minna á það vandamál.

3. Sjálfshjálparbók. Hún er kannski ákafur lesandi slíkra bóka, en hún vill samt ekki fá það staðfest að þú teljir hana þurfa á hjálp að halda.

4. Föt sem eru ekki í hennar stíl. Allar konur hafa sinn sérstaka stíl í fatavali og ef þú þekkir hann ekki ertu í slæmum málum.

5. Nefháraklippur. Bara eitt orð: ALDREI.

the PIER

Okkar jól erv ykkar jól

The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880

Alternativ næturkrem **2890.-**

Alternativ andlitsserum **2690.-**

Alternativ Serum hylki **4490.-**

Alternativ dagkrem **2.890.-**

Alternativ hreinsimjólk **2990.-**

Fínerí fyrir frúna

Hugmyndaauðgi sumra er af skornum skammti þegar kemur að jólagjöfum handa hinni heittelskuðu. Hér eru nokkrar ábendingar um klassískar gjafir sem varla geta klikkað.

Karafla og sex glös úr Fenia-kristal frá Tékklandi. Bohemia Kristall Glæsibæ. 39.800 krónur.

Rauðir háhælaðir skór með skrauti á hælnum. Skónet.is Glæsibæ. 7.990 krónur.

Ilmvatnið Hypnotic Poison frá Dior. Snyrtivöruverslunin Glæsibæ. 8.485 krónur.



Ikita hálsmen og eyrnalokkar. Snyrtivöruverslunin Glæsibæ. Hálsmen 6.500 krónur, eyrnalokkar 3.900 krónur.

Tuðra með útsaumuðu rósamunstri. Kolrassa Glæsibæ. 7.590 krónur (20% afsláttur veittur af verðinu þessa dagana)

Vasi úr Fenia kristal frá Tékklandi. Kristallinn er handmálaður með 24 kt. gyllingu og postulíni. Bohemia Kristall Glæsibæ. 15.800 krónur.

Undirföt geta verið góð hugmynd í pakkann. Betra er þó að vera viss um að konunni líki slíkar gjafir. Þessi fallega samfella er frá La Senza og kostar 9.900 krónur.

● NUDD OG VELLÍÐAN Ein af betri gjöfum sem hægt er að gefa konu er tími fyrir hana sjálfa og ekki er verra ef dekur fylgir í kaupbæti. Kostnaðarhliðin við slíka gjöf er æði misjöfn enda bjóða snyrtistofur og nuddstofur upp á gjafabréf í ýmsar meðferðir, allt frá handsnyrtingu og andlitsbaði upp í nudd af ýmsum toga.

Snyrtistofur hafa boðið upp á gjafapakka þar sem raðað er saman hinum ýmsu meðferðum sem hafa það að markmiði að láta konunni líða vel, jafnt andlega sem líkamlega. Þessi lausn getur hentað þeim sem þjást af valkvíða.

Ef buddan leyfir er einnig góð hugmynd að kaupa gjafakort fyrir tvo. Þannig fær konan ekki aðeins dekur heldur einnig góða samverustund með sínum heittelskaða.

● BÚ-BÚ-BÚSTAÐAFERÐ Flestir kunna að meta það að komast í sveitasælu stöku sinnum, grilla, slappa af og liggja í heitum potti undir berum himni. Því er gjafabréf í bústað góður kostur þegar velja skal jólagjöf. Gildir það um hvort kynið sem er. Það sparar líka búðarferð og tíma því slík gjafabréf fást á netinu á http://bungalo.is/gjafabref

E&Co. – Ljósmynd Ari Magg



Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar. Opið alla daga frá 10 til 19. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310 og Geysir Haukadal, sími 480 6803.

● FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSAR Konur sem þyrstir í fróðleik má gleðja með því að borga fyrir þær námskeiðsgjöld á eitthvert af þeim fjölmörgu námskeiðum sem eru í boði. Í Endurmenntun Háskóla Íslands má í janúar læra um Kóraninn, taka þátt í yndislestri með Einari Kárasyni, læra um íslensku stjórnarskrána eða læra ensku. Einnig eru fjölmörg námskeið í boði hjá Mími símenntun, Opna háskólanum í HR og víðar.

● GEFÐU LJÓÐABÓK

Oft er talað um skartgripi sem persónulega jólagjöf en ein sú allra persónulegasta gjöf sem hægt er að gefa er ljóðabók.

Margar góðar ljóðabækur hafa verið gefnar út síðustu árin og vert að lesa sig í gegnum þær áður en sú sem hugnast manni best er valin. Eldri bækur eiga þá ekki síður upp á pallborðið.

Þá má jafnvel opna ljóðabóina áður en hún er gefin, skrifa fallega kveðja fremst í bókina og merkja jafnvel við nokkur fallegustu ljóðin með litlum miða og smáskilaboðum áður en bókinni er loks pakkað inn. *- jma*

● HANDVERK OG HÖNNUN Það kennir sannarlega ýmissa grasa á sölusýningunni Eitthvað íslenskt að Skólavörðustíg 14 sem verður höfð opin alla daga fram að jólum. Íslenskir hönnuðir, listiðnaðar- og handverksfólk bjóða þar úrval af vörum sínum, allt frá fallegum postulínsmunum upp í ullarvörur sem gætu vafalaust glatt marga um jólin. Meðal þátttakenda eru Nadine glerperlur, Volcano-Iceland, Hafdís Brands, Sigrún Lára Shanko, Kristján Maack, Fafutoys, Sæunn Þorsteins, Eva Vilhelms og Heggur. Þess má geta að hluti sýningarinnar tekur reglulega breytingum og er barnakrókur á svæðinu. Á morgun verður haft opið frá klukkan 10 til 18 og eftir það frá klukkan 10 til 22.

Stórir pakkar stjarnanna

Demantar eru bestu vinirnir söng Marilyn Monroe. Sjálf þáði hún veglegar gjafir og hlutir í hennar eigu hafa svo gengið áfram til núlifandi stjarna svo sem Vanessu Paradis.

Marilyn Monroe var oft sein á tökustað og dvaldi oft langdvölum í hjólhýsi sínu á tökustað í slopp. Eiginmaður hennar til níu mánaða, Joe DiMaggio, gaf henni því púðurdós með klukku í.

Sumir segja að gulltryggt sé að skór slái í gegn sem gjöf til konu. Skór eru yfirleitt ofarlega á vinsældarlistum sem gerðir eru yfir vinsælustu jólagjafirnar. Söngkonan og fyrirsætan Vanessa Paradis hefur líklega þegið eina best heppnuðu skógjöf síðari tíma en eiginmaður hennar, leikarinn Johny Depp, gaf henni skópar sem eitt sinn var í eigu goðsagnarinnar Marilyn Monroe. Skórnir eru frá sjálfum Salvatore Ferragamo sem hannaði einmitt ófá skópörin á Hollywood-stjörnurnar. Paradis er svo ánægð með skóna að hún gengur aldrei í þeim utandyra.

Marilyn Monroe sjálf þáði ótal gjafir um ævina og aðdáendur hennar hafa haft veg og vanda af að setja upp reglulegar sýningar á hlutum er voru í hennar eigu. Hefðbundnar Monroe-gjafir voru skartgripir, pelsar og fatnaður, enda fataskápurinn hennar einn sá glæsilegasta fyrr og síðar.

Einn af skemmtilegri hlutum sem hún fékk að gjöf er gullpúðurdós sem inniheldur litla klukku. Púðurdósina þáði hún af eiginmanni sínum til níu mánaða, hafnaboltaleikmanninum Joe DiMaggio, sem fannst hún heldur óstundvís. „Til Marilyn, ég vona að þetta hjálpi þér að vera á réttum tíma, ástarkveðja, Joe," stóð innan í dósinni.

Elizabeth Taylor og Richard Burton í fyrra skiptið sem þau giftu sig. Taylor fékk gjarnan fallegar gjafir frá Burton, þar á meðal demantsnælu.

Eitt heitasta ástarsamband allra tíma er eflaust samband leikaranna Richards Burton og Elizabeth Taylor en þau giftust tvisvar um ævina. Burton var maður góðra gjafa og ein af þeim þekktari er undursamlegur höfrungur, í nælulíki, úr demöntum. Leikarinn keypti nælu-na í tilefni af velgengni kvikmyndar sem hann lék aðalhlutverkið í, The Night of the Iguana.



Brad Pitt og Angelina Jolie hafa gefið hvort öðru fremur flippaðar gjafir sem og börnunum sínum. Jolie fékk mótorhjól frá eiginmanninum þegar hún varð 35 ára.

Hringur sem Monroe fékk gefins frá Joe DiMaggio, sem gaf henni ófáar gjafirnar.

Svo farið sé til nútímans aftur er ein þekktasta kvikmyndastjarna okkar tíma, Angelina Jolie, með mótorhjóladellu líkt og eiginmaður hennar, Brad Pitt. Það kom því fáum á óvart þegar Jolie fékk mótorhjól á 35 ára afmæli sínu. Henni þykir víst sérstaklega gaman að mótorhjólastökkum. *juliam@frettabladid.is*

ÞÆGILEGAR ABC aðhaldssokkabuxur frá Oroblu fyrir jólatónleikana og jólahlaðborðin,

Konur þurfa ekki endilega að vera með aukakíló sem þær vilja fela, til að þurfa á aðhaldssokkabuxum að halda. Margar sem eru búnar að eiga börn eru með slappari húð en áður, burtséð frá fituhlutfalli og aukakílóum. ABC sokkabuxur eru draumur hverrar konu, „bumba yfir streng" hverfur, sokkabuxurnar rúlla ekki niður og konur verða allar stinnari og sléttari, passa betur í fötin og líður einfaldlega betur í fötunum sínum. ABC buxurnar eru einnig með þannig áferð að sokkabuxurnar loða ekki við fatnað, fatnaðurinn situr því á glæsilegri máta. ABC sokkabuxurnar slétta magasvæðið, lyfta upp og undirstrika rassinn ásamt því að styðja við mjaðmir og hliðar, til bæði með og án stuðnings niður á læri. ABC sokkabuxurnar eru til bæði í 40 og 20 denum í svörtum og sun lit, ráðleggjum eindregið 40 den fyrir konur sem eru þéttvaxnar því þær eru hærri upp og rúlla því síður niður. Báðar týpur er hægt að nota við opna skó.

LJÓSMYND AÐ GJÖF

Skemmtilegar tækifærismyndir prentaðar út á góðan pappír og settar í fallegan ramma eru frábærar jólagjafir. Hvort heldur um er að ræða uppstillta mynd af barnabörnunum í sparifötunum, stemningar úr sumarleyfinu, vandræðaleg móment úr vinkonupartíinu eða hvaða minningar það nú eru sem gefandinn og þiggjandinn eiga sameiginlegar frá liðnum árum, má telja víst að myndin veki gleði og styrki tengslin innan fjölskyldunnar eða vinahópsins.

● DEKURDAGUR HEIMA

Eiginmenn og unnustar með mjúka fingur og gott hugmyndaflug ættu að bjóða sínum heittelskuðu upp á dekurdag heima. Með því að láta renna í sjóðheitt freyðibað, kveikja á kertum og spila rólega tónlist má búa til heilsulindarstemningu í baðherberginu heima. Að því loknu er tilvalið að frúin fái gott heilnudd með ilmandi olíum. Ódýr en samt spennandi kostur sem eykur nánd.

Til að slíkur dekurdagur virki eins og skyldi þarf að velja stundina vel, koma börnunum í pössun og ýta öllum öðrum erindum yfir á aðra daga.

● HAMUR HANDA HENNI

Hamur er nýtt íslenskt fatamerki en að því standa þær Dagný Gréta Ólafsdóttir, Harpa Hrund Pálsdóttir og Klara Rut Ólafsdóttir. Þær hanna það sem þeim dettur í hug þá stundina en undanfarið hafa þær einbeitt sér að kjólum, herrabolum, blúnduslám og hettutreflum. „Við einfaldlega hönnum alls konar, gerum alls konar og segjum alls konar," segir Harpa Hrund. „Vörurnar okkar fást í Collective of Young Designers, sem er til húsa í kjallaranum hjá Hemma og Valda, og á Hamur.is. Svo komum við til með að vera í Fígúru á Skólavörðustíg þegar fram líða stundir."



Undir formerkjum Hams gefst hönnuðunum kostur á að hanna nær hvað sem er.
MYND/HEÓ

●WORN BY WORSHIP

Nokkrir ungir íslenskir hönnuðir hafa tekið sig saman og stofnað vefverslunina Worn by Worship. Versluninni er ætlað að vera bæði sölutorg þeirra og sýningarrými svo hægt sé að kaupa vörur þeirra milliliðalaust. Hönnuðirnir sem standa að síðunni eru 8045, Dýrindi, Eygló, Mundi, REY, Royale Extreme, Shadow Creatures og Sonja Bent en þeir hanna ýmist kjóla, peysur, klúta, kápur, boli, buxur og skart.

Tíu prósent af allri sölu fara til góðgerðarmála en meðal þeirra félaga sem hljóta framlög eru Rauði Kross Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Sólheimar, Dýrahjálp Íslands og UNICEF. Á slóðinni www.wornbyworship.com. er því bæði hægt að kaupa innlenda vöru og styrkja gott málefni.

Sonja Bent er ein þeirra sem býður upp á sína hönnun á síðunni.

REY hefur vakið athygli fyrir kjóla sína.

Sértilboð

- *50 mín nudd með Baðstofu kr. 7.200.-*
  fullt verð kr. 8.700.-
- *Andlitsbað ásamt litun og plokkun á augarbrúnir kr. 9.900.-*
  fullt verð kr. 13.100.-
- *Jólaskrúbb með Baðstofu kr. 5.900.-*
  fullt verð kr. 7.400.-
- *Parafínmaski á hendur með litun og plokkun kr. 4.700.-*
  fullt verð kr. 6.200.-

Gjafabréf frá Laugar Spa í jólapakkann er gjöf sem endurnærir líkama og sál. Skoðið úrvalið á laugarspa.is

LAUGAR
Sími: 533 1177

Hreysti og hamingja í pakka

Það er hægur leikur að gleðja konur sem hneigjast að útivist eða einhverjum íþróttum. Veldu gjöf sem tengist áhugamálinu. Lendirðu í ógöngum er einfaldlega alltaf hægt að leysa málið með gjafabréfi í verslun með góðu úrvali af slíku.

Íslensk knattspyrna 2010 eftir Víði Sigurðsson, Eymundsson Kringlunni, á 5.990 krónur.



Boot Camp Hámarksárangur, eftir Arnald Birgi Konráðsson og Róbert Traustason. Eymundsson, Kringlunni,

The Complete Encyclopedia of Golf, Eymundsson Kringlunni. Kostar 5.995 krónur.

ROME Detail, Brimi, Laugavegi, á 72.290 krónur. Bindingarnar kosta frá 26.990 krónum.

ROME JETT snjóbretti, fæst í Brim við Laugaveg, á 61.990 krónur. Bindingarnar kosta frá 26.990 krónum.

Súrefnissokkar sem henta vel í hlaup og aðrar íþróttir. Halda hita og auka blóðflæði og súrefnisstreymi til kálfa. Afreksvörur, Glæsibæ. Kosta 7.990 krónur.

Belti fyrir hlaupara með tveimur vatnsbrúsum, fæst í Afreksvörum í Glæsibæ, á 4.990 krónur.

Smith Cascade skíðagleraugu, Fjallakofinn, Reykjavíkurvegi, á 8.995 krónur.

Jólaórói Georgs Jensen nýtur stöðugra vinsælda og er orðinn safngripur á mörgum heimilum hérlendis.

Níundi áratugurinn í jólagjöfunum hennar

Dagblaðaauglýsingar níunda áratugarins gefa ágætis innsýn inn í hvað vinsælt var í jólapakkana. Sem var oftar en ekki náttföt og trimmgallar.

Svokallaðir „velour“-sloppar voru mikið auglýstir á fyrri hluta níunda áratugarins en efnið kemur líka fyrir í heilum samfestingum sem vinsælir voru á sama tíma. Þá má ekki gleyma fyrirbæri sem þá kallaðist trimmgalli og var léttur æfingagalli. Enn var nokkuð mikið saumað eftir sniðum í heimahúsum á þessum tíma og saumasnið, „hundruð mismunandi pappírssnið“ var jólagjöfin árið 1985.

Náttfatnaður hvers kyns er fyrr og síðar vinsæl jólagjöf fyrir bæði kynin og fólk á öllum aldri. Náttfatnaðurinn var eins og nú, úr silki, satíni og bómull en auk þess var angóranærfatnaður á alla fjölskylduna vinsæll í pakkana, bæði ermar, síðermabuxur, langerma- og stuttermabolir.

Af öðru má nefna Georg Jensen óróann sem hefur verið skotheldur í pakkana mörg ár í röð fyrir safnara sem eru ansi margir hérlendis. *- jma*

Angóranærfatnaður, sloppar og trimmgallar áttu upp á pallborðið í kringum 1985.

Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Pósturinn kemur pökkum utan af landi til skila endurgjaldslaust, þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús.

Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

PÓSTURINN allur pakkinn

Rambar á það rétta

Flestum karlmönnum leiðist búðarráp og þeir taka fagnandi vaxandi úrvali gjafavara á netinu.

Innlendir hönnuðir eru margir duglegir að uppfæra síðurnar sínar, þeirra á meðal Ágústa Arnardóttir á www.arfleifd.is. Hún sérhæfir sig í fatnaði, töskum og skarti úr íslensku leðri sem hún skreytir með hrosshári og fleiri íslenskum hráefnum. „Vörurnar eru allar handgerðar og sérhannaðar út frá náttúrulegu lagi skinnanna. Svo nota ég hreindýrshorn og hrosshár og fleiri íslensk hráefni. Hlutirnir eru einstakir hver fyrir sig og ég er alltaf að breyta til," segir hún og tekur fram að gegnum Arfleifðarsíðuna sé hægt að fara inn á vinnublogg hennar, Facebook-síðu og myndasíðu sem hún uppfæri á hverjum degi.

„Hlutirnir eru einstakir hver fyrir sig og ég er alltaf að breyta til," segir Ágústa.

MYND/ARFLEIFD.IS

Ágústa kveðst nota hreindýrshorn til að loka flestum töskum og spurð um gerð leðursins nefnir hún lambskinn, hreindýraleður og selskinn. „Kindaskinnið nota ég bæði sem leður og mokkaskinn," lýsir hún. „Ég fæ öll skinnin frá Sjávarleðri á Sauðárkróki og var sú fyrsta sem bað um að öll hráefnin væru sett saman í litapott því ég vil geta fengið fiskiroð, lambaleður, hreindýraleður og mokkaskinn í sama litatóni. Svo er líka gaman að nota andstæða liti saman því þeir hafa sömu metaláferðina og falla vel hver að öðrum," segir hún og bætir við. „Uppáhaldið mitt núna er að taka silfurgráan lit og hvítsilfraðan og skeyta saman."

Ágústa gefur persónulegar ráðleggingar um gjafaval að eigin sögn. „Ég er orðin ansi nösk á að hjálpa herrunum að finna hina fullkomnu gjöf," segir hún. „Þeir lýsa dömunni bara og ég ramba á það rétta." - gun

Taska úr hlýra, karfa og laxaroði. Vasalokið er þorskroð og lokurnar úr hreindýrshornum.

MYND/ARFLEIFD.IS

Mögnuð örlög, ljóðakonfekt og skvísubækur

Konur eru auðvitað eins misjafnar og þær eru margar og erfitt að alhæfa um lestrarefni sem höfði sérstaklega til kvenna. Nokkrar bækur úr flóðinu þetta árið komast þó nálægt því að vera skyldulesning fyrir konur og ber þar fyrst að nefna **Ljósu** eftir Kristínu Steinsdóttur, sem nokkuð örugglega tryggir andvökunótt við lestur. **Hreinsun**, eftir Sofi Oksanen, segir sögu tveggja kvenna af ólíkum kynslóðum og er auk þess mögnuð lesning sem engin kona verður svikin af. **Stolnar raddir** eftir Hugrúnu Hrönn Kristjánsdóttur myndi sennilega flokkast sem „chick lit" og ætti því að vera sérlega kærkomin hjá kvenþjóðinni sem kvartað hefur sáran undan skorti á þeirri bókmenntagrein í íslensku bókaflórunni. **Doris deyr** eftir Kristínu Eiríksdóttur speglar vel veruleika ungra kvenna og ***Geislaþræðir*** Sigríðar Pétursdóttur hlýja um hjartarætur. **Svar við bréfi Helgu** eftir Bergsvein Birgisson og **Sýrópsmáninn** eftir Eirík Guðmundsson eru feykilega vel skrifaðar bækur sem skemmta, hrífa og næra sálina og **Dagur kvennanna** eftir Megas og Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur er auðvitað sjálfvalin fyrir þær ástarsöguþyrstu.

Það ætti ekki að vera nokkur vandi að finna góða bók handa elskunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Konur hafa orð á sér fyrir að vera ljóðelskari en karlar og **Blóðhófnir** Gerðar Kristnýjar svíkur engan ljóðaunnanda. **Þrjár hendur** Óskars Árna er líka konfekt fyrir ljóðelskar sálir og **Moldarauki** Bjarna Gunnarssonar sömuleiðis.

Ekki má gleyma **Dömusiðum** Tobbu Marinós fyrir þær sem vilja rækta dömuna í sér og **Loksins sexbomba á sextugsaldri** eftir Helgu Thorberg gefur dömum á miðjum aldri góðar hugmyndir um endurstokkun lífsins. - fsb

Hver var heilagur Nikulás?

Fyrirmyndin að jólasveini nútímans, Heilagur Nikulás, er talinn hafa verið uppi frá 270 til 6. desember 343. Hann var biskup í Myra í Grikklandi og gekk einnig undir nafninu Nikulás kraftaverkamaður vegna þráláts orðróms um að hann væri fær um að framkvæma kraftaverk í anda Krists. Hann hafði einnig orð á sér fyrir að gefa fátækum gjafir í laumi og lauma peningum í skó þeirra sem stilltu þeim upp fyrir framan hús sín. Það var því upprunalega hann sem börn töldu koma með gjafirnar um jólin og sú hugmynd þróaðist yfir í jólasveininn sem er algengastur á Vesturlöndum í dag, Santa Claus. Nafnið Santa Claus er afbökun á hollensku útgáfunni af nafni heilags Nikulásar, Sinterklaas.

Orðrómurinn um góðverk hans og kraftaverk breiddist hratt út á meðal frumkristinna og árið 1087 voru jarðneskar leyfar hans grafnar upp og fluttar til Bari á Ítalíu þar sem þær hvíla enn í dag. Hátíðisdagur honum til heiðurs, Nikulásarmessa, er haldinn hátíðlegur á dánardægri hans 6. desember.

Nafnið Santa Claus er afbökun á hollensku útgáfunni af nafni heilags Nikulásar, Sinterklaas.

UPPSELT

BUBBI MORTHENS

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2010 Í HÁSKÓLABÍÓI

BYLGJAN KYNNIR:

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN **23. DESEMBER** OG HEFJAST **KL. 22.00.** SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **PRIME.IS.**

prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA

BYLGJAN 989

PHILIPS



AMBILIGHT BAKLÝSING

ambi light

Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

Philips 32PFL7605H
32" Full HD LCD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Net TV (YouTube o.fl) ofl.

TILBOÐ
179.995
FULLT VERÐ 229.995

ambi light · Pixel Precise HD · 100Hz CLEARLCD 2 ms · HD Natural Motion · Full HD 1080p · 20W RMS SOUND · NetTV · dlna CERTIFIED · DVB TC TERRESTRIAL/CABLE

Philips 37PFL7605H

TILBOÐ
229.995
FULLT VERÐ 279.995

Philips 42PFL7695H

TILBOÐ
279.995
FULLT VERÐ 299.995

Philips 46PFL7605H

TILBOÐ
349.995
FULLT VERÐ 449.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Smá ylur í kroppinn

Fátt jafnast á við rjúkandi heita og ljúffenga kaffidrykki í kuldanum og ekki spillir fyrir ef þeir eru líka svolítið jólalegir. Fréttablaðið fékk þrjú kaffihús til að útbúa drykki sem fullkomna jólastundirnar. *- rve*

APPELSÍNUMOKKA AÐ HÆTTI CAFÉ PARÍS.

Arnór Bohic

6 cl af espresso kaffi (Cellini-kaffi)
9 cl af kakói (sterkt)
sneið af appelsínu og rifinn appelsínubörkur
rjómi
vanilluflórsykur
mulinn kanill

Setjið sterkt espresso kaffi, um það bil 6 cl, í glas eða bolla. Því næst 9 cl af kakói (eða meira til að fá mildara bragð) út í það. Kreistið mátulega stóra og safaríka appelsínusneið yfir og setjið þeyttan rjóma ofan á. Stráið vanilluflórsykri og muldum kanil yfir þetta. Skreytið með rifnum appelsínuberki.

JÓLADRAUMUR AÐ HÆTTI DRAUMAKAFFIS Í MOSFELLSBÆ

Guðmundur Ármannsson

1 msk. Amaretto-síróp
tvöfaldur espressó (Lavassa)
1 bolli af súkkulaði
smá kanill
rjómi
súkkulaðispænir
kanilstöng

Setjið matskeið af Amaretto-sírópi í (kaffi)glas. Hellið svo tvöföldum Lavassa-espressó út í og hrærið saman. Hellið því næst einum bolla af súkkulaði saman við og blandið saman. Gott er að strá smá kanil yfir og setja þeyttan rjóma ofan á. Svo getur verið flott að skreyta með Amaretto-sírópi, kanil, súkkulaðispæni og kanilstöng.

JÓLALEGUR KAFFIDRYKKUR AÐ HÆTTI GATA

Jóhannes Arason

Fyrir fjóra.
60 g malað kaffi
1 tsk. kanill
1 tsk. vanilLusykur
1 tsk. kardemommudropar
1 l af vatni hellt yfir (upp á)
1 peli af rjóma
2 kanilstangir
1 msk. eftirréttakurl
Baileys eða brandý eftir smekk (má sleppa)

Skammtið kaffi, kanil, vanillusykri, kardimommudropum og vatni í fjögur há glös. Hellið Baileys eða brandý út í eftir smekk. Handþeytið rjóma og setjið ofan á. Skreytið með kanilstöngum og eftirréttakurli, en í það má nota mylsnu af hafrakexi, súkkulaðibitakökum, brownies, gulrótarkökum eða öðru góðgæti.

Í norðanverðri Austur-Afríku eru á kreiki goðsögur um uppruna kaffis og kaffidrkkju.

Tár og kaffi

Kaffi og kaffdrykkja tengjast þjóðtrú Oromo-ættbálksins í Afríku.

Kaffi gegnir veigamiklu hlutverki í trú Oromo-ættbálksins sem hefst við í Eþíópíu norðan til í Austur-Afríku. Meðlimir ættbálksins trúa því að fyrsti kaffirunninn hafi sprottið upp af tárum sem eins guðanna á að hafa fellt vegna dauða mikilhæfs seiðkarls. Eftir það hefur verið rík hefð fyrir því innan ættbálksins að gróðursetja kaffirunna á gröfum voldugra seiðkarla.

Samdi tónverk um áhrif kaffidrykkju

Eftir Johann Sebastian Bach liggja fjölmörg klassísk verk. Þeirra á meðal er kantata nokkur um kaffidrykkju.

Þýska tónskáldið Johann Sebastian Bach (1685-1750) samdi ýmsar perlur um ævina og þar á meðal kantötu eina, Schweigt stille, plaudert nicht, sem fjallar um kaffidrykkju.

Bach samdi kantötuna, sem þó væri nær að kalla stutta óperu í léttum dúr, á árunum 1732 og 1734. Hún fjallar um kaffifíkn, sem þótti orðið vaxandi samfélagslegt vandamál á átjándu öld í Leipzig í Þýskalandi, þar sem Bach bjó sjálfur frá 1723 og allt til dauðadags.

Í verkinu er að finna nokkuð skondinn texta, sem eignaður er Christian Friedrich Henrici, og þar á meðal þessar línur: „Fái ég ekki þrjá bolla af kaffi á hverjum degi mun ég í þjáningu minni skreppa saman eins og grilluð geit.“ Verkið var frumsýnt í Leipzig árið 1734. *- rve*

Johann Sebastian Bach var án efa eitt merkasta tónskáld barokktímabilsins. Hann samdi meðal annars Slá þú hjartans hörpustrengi.

Það er kaffitími núna

Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

Taktu þér kaffitíma núna

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.

BKI Classic
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.

BKI Extra
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir kaffitímann
Kíktu á bki.is

BÍLAR & FARATÆKI

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

Harley-Davidson umboðið
Grensásvegi 16, 108 Reykjavík
Sími: 510 9090
http://www.harley-davidson.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

MMC L200 DOUBLE CAB 38". Árgerð 2005, ekinn 56 þ.km, DÍSEL, 5 gírar. Verð 3.680.000. Rnr.152601

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

100bilar.is

Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á planið hjá okkur, Skráið bílinn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bílar.is,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292

Skoda Octavia station 4x4, árgerð 2002, ek 120 þús.km., vetrardekk, nýleg tímareim og góð þjónustubók, 100% lánað, verð kr. 1.050.000,- 821-6292

Huyndai Santa Fe diesel, sjálfskiptur, árgerð 2006, ekinn 162 þús.km., vetrardekk, toppbogar, álfelgur, þjónustubók og fleira, 100% lánað, verð kr. 1.980.000,- 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

STÓRA BÍLASALAN

Nissan Double Cab DIESEL Árgerð ,07/2006, ekinn 114þ.km, bsk, góður bíll! Er á staðnum. Ástandsskoðun til. Frábært verð aðeins 1.590.000kr! Raðnúmer 151238. Nánari upplýsingar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is

Bílar til sölu

7 Manna Diesel!!!
Peugeot 406 HDi Diesel árg 2000 ekinn 328 þ km, 5 gíra, 7 manna, eyðsla pr 100km 4-6L ,skoðaður 2011, krókur, nýleg sumar og vetrardekk, mikið endurnýjaður s.s. allt í bremsum, kúplingssett og svinghjól, tímareim og vatnsdæla, rafgeymir, CD, ný smurður, bíll í 100% standi og klár í akstur verð aðeins 590.000- upplí síma 861-7600

Til sölu WV Polo árg. ,98 beinsk. 3ja dyra ek. 147 þús nýsk. Góð vetrardekk. Verð 275 þús. Uppl. s. 868 2352.

Tilboð
MMC Pajero 2.8 d. árg. ,00 ek. 240 þús. Sjsk., leður, cruise, 35" dekk. Selst á 750 þús. stgr. S. 773 8099.

Til sölu Toyota Corolla 1600 árg. ,93 Sjsk., ek. 162 þús. Góðu bíll. V. 250 þús. S. 897 7910.

Til sölu Subaru Legacy station árg.'96 , ek. 197 þús,ssk. Þarfnast smá viðhalds. V. 190 þús. Uppl. í s. 863 0611.

Ódýr sendibíll, Hyundai H100 gracé árg.'96. Góður mótor.Tilboð óskast. Uppl. í s. 860 2130.

Til sölu Benz árg. ,91 ek. 350 þús. Í þokkalegu ástandi. Uppl. í s. 824 8537.

250-499 þús.

Gott verð !!!!!!
M.Benz C180 árg 1994, ekinn 309 þ km, sjálfskiptur, heilsársdekk, álfelgur, CD, skoðaður 2010, mikið endurnýjaður, s.s. tímakeðja, spyrnufóðringar framan, gormaskálar framan, hjólalegur framan, lakk gott, góður bíll verð 450.000- upplí síma 899-8789

Sjálfskiptur á 350þ
Dodge Stratus árg 97 ekinn 108 þ m 2.4 vél sjálfskiptur CD skoðaður 2011 ný vetrardekk, tímareim, olía, verð 450.000- verð nú 350.000- upplí síma 8617600

Jeppi á 350.000-
Jeep Grand Cherokee Limeted árg 95 ekinn 216 þ km 4.0 vél sjálfskiptur leður cruse skoðaður 2011 innflutttur nýr verð aðeins 350.000- stgr upplí síma 861-7600

SVAKA TILBOÐ 290 ÞÚS!
Ford Explorer 4.0 árg. ,99 sjálfskiptur, ný skoðaður 2011, nýleg dekk, afturhjóladrfis bíll. ásett verð 650 þús. TILBOÐ 290 ÞÚS.

Bílar óskast

Toyota Rav-4 óskast, gamall, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 898 6869.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

!!! 0-250þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Jeppar

Pajero árg. 2000 ek. 182þ. sjálfsk. toppl. leður, 32" dekk og fl. Glæsilegt eintak, nýsk. S. 892 5257 & 588 0115.

Sendibílar

568 5000 NS BÍLA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vespur

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Ný sending af rafvespum komnar. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum

Ný sending af Vespum á frábæru verði kr 229,999 Hagkaup Garðabæ 563 5412

Fjórhjól

TIL SÖLU ÞETTA FRÁBÆRA 520CC FJÓRHJÓL. LINHAI 520, FJÓRHJÓLADRIFIÐ, SJÁLFSKIPT, GÖTUSKRÁÐ. 2008 ÁRGERÐ. EKIÐ CA 3500KM. FESTINGAR FYRIR SPIL OG DRÁTTARKÚLU. VERÐ AÐEINS 770 ÞÚS. UPPL. Í SÍMA 616 8631

Kerrur

HESTAKERRUR.
Nýjar og notaðar 3, 4 og 5 hesta kerrur. Íslensk framleiðsla Upplýsingar: 8941236 mosblikk@mosblikk.is

Vinnuvélar

LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is

Bílaþjónusta

Flutningar, partý, hóp
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

Hjólbarðar

Dekk og felgur á ýmsa bíla, einnig varahlutir í bíla. Uppl. í síma 896 8568.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA ...NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir
S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partabilar.is 770-6400
Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Viðgerðir

Allar almennar bílaviðgerir. Tímareimaskipti, tölvulesum margar gerðir bíla. Bifreiðaverkstæðið Höfði, Hamarshöfða 6 sími 578 0118 eða hofdi6@gmail.com

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningaþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og húsfélög.
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 3374.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Jólatilboð
Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf
Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m², gólffleti
Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full málað loft.
Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu
Aðeins kr. 500.000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.
Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

Trésmíði
Öll almenn trésmíðavinna innan sem utan.
20 ára reynsla.
Tilboð/tímavinna
ALPAR slf.
Uppl. hjá Guðmundi í síma 895 6820 eða
alparslf@hotmail.com

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Golflist
99% RYKFRÍTT
Borna

Ég og Jói ehf. Getum bætt við okkur verkum. Öll almenn smíði, lítil sem stór verk. Tilboð eða tímavinna. 37 ára reynsla. Öll réttindi til staðar. Jóhannes Þ. Guðbjartsson. Byggingameistari GSM: 848-4031

Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ökeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

ÓDÝRAR
TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

Partýbúðin, best geymda leyndarmál jólanna!
Frábært úrval JÓLAvara, margar gerðir af öllu eftirfarandi: Knöll, búningar fyrir börn og fullorðna, húfur, skegg, gleraugu, eyru, hanskar, skógjafir, hreindýrahorn, gervisnjór, gasblöðrur, veggskraut, loftskraut, hurðahengi, gluggaskreytingar, límmiðar, pokar, pakkakort, diskar, glös, servíettur, dúkar, skálar, bakkar, krúsir, borðskraut, bökunaráhöld, bökunarvörur, skrautkerti (200 gerðir), kertastjakar, reykelsi, o.fl. o.fl. Og að sjálfsögðu ALLT til áramótanna! Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534, opið alla daga.

Nudd

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

THE BEST TANTRIC WHOLE BODY MESSAGE ON DOWN TOWN ANYTIME 24/7. S. 869 8602.

EKKERT SEX NUDD / NO SEX MASSAGE
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Rafvirkjun

Raflagnir og dyrasímaþjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAFNEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
kboga@simnet.is

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
562 8211

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

908 1888
Spásími Daddýar alla daga næstu viku.

250 kr. mínótan.

KEYPT & SELT

Til sölu

Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur-skápar yfirfarið til sölu.Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!! ...eftir þínu höfði.
www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT

Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!! ...eftir þínu höfði.
www.prentlausnir.is

Bílar til sölu

Nýlegir, yfirfarnir og í toppstandi

KIA cee'd
árg. 2008, ekinn 52 þús.
1600cc, dísil, beinsk.
Verð 2.420.000

Volkswagen Polo
árg. 2007, ekinn 60 þús.
1390cc, bensín, beinsk.
Verð 1.480.000

Skoda Octavia 4x4
árg. 2008, ekinn 81 þús.
1900cc, dísil, beinsk.
Verð 2.750.000

Sértilboð
Toyota RAV4 (ný tímareim)
árg. 2005, ekinn 93 þús.
2000cc, dísil, beinsk.
Verð 2.090.000

KIA Sorento Luxury
árg. 2007, ekinn 47 þús.
2500cc, dísil, sjálfsk.
Verð 4.350.000

Mercedes-Benz E280 4MATIC
árg. 2007, ekinn 259 þús.
2987cc, dísil, sjálfsk.
Verð 5.490.000

Sértilboð
Hyundai Getz
árg. 2008, ekinn 46 þús.
1400cc, bensín, beinsk.
Verð 1.200.000

KIA Carens, 7 sæta (DVD)
árg. 2007, ekinn 102 þús.
2000cc, dísil, sjálfsk.
Verð 2.490.000

Volkswagen Golf Plus
árg. 2007, ekinn 68 þús.
1600cc, bensín, beinsk.
Verð 2.050.000

Honda Accord
árg. 2010, ekinn 22 þús.
2000cc, bensín, sjálfsk.
Verð 4.850.000

Við eigum toppeintök af notuðum bílum.
Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu á www.askja.is og finndu bíl að þínu skapi.

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is

Klassískur gítar full stærð poki, neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gítarinn ehf, Stórhöfða 27 Sími:552 2125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp,rafmagnsheilsurúm með nuddi, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

ÞVOTTAVÉLAR

Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Óskast keypt

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

20 feta gámur óskast fyrir lítið. S. 898 6869.

Vélar og verkfæri

Hitamyndavélar Laser hitamælar Röramyndavélar plastlagnaverkfæri Plastsuðuvélar www.stor.is

Til bygginga

Atvinna

Verslun

20% afsáttur af yfirhöfnum allan desember.
Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd þegar þér hentar
Vöðva og/eða slökunarnudd Sjá www.nudd.biz Sími 77-22-600

HEIMILIÐ

Dýrahald

Silky Terrier hvolpar til sölu. Gott verð. Uppl í s. 697 9509

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

SPOT Neyðarsendir
Ferilvöktun, OK skilaboð, Hjálpar og Neyðarskilaboð GPS móttakari og Globalstar sendir. AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

Byssur

Sími 517-8878 / 897-7547. Einnig velkomið að líta við í verslun okkar í Dugguvogi 17-19. 2.hæð

Hestamennska



Í jólapakkann.
Pískar frá kr. 1390 Hestar og menn. Ögurhvarfi 1, 203 Kópavogi

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Til sölu

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG

sími 896 4661

Herbergi til leigu í Álftamýri. Uppl. í S. 865 9637.

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

Ný 4ra herb. íbúð til leigu f. 50ára+. Laus strax. Uppl. í S. 892 0185 / 565 0111.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 35 þús. S. 895 0482. Eftir kl. 16.

Húsnæði óskast

3ja herb. íbúð óskast til leigu í Grafarvogi eða á sv. 112. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 695 1580 & 845 5677.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Geymsluhús.is
Innri Njarðvík,fellih,tjaldv,bílar ofl. ATH!gott verð!! Ekki seinna vænna en koma verðmætum í skjól!! Ennþá nokkur pláss laus. 770-5144 og 857-3609

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

Viðskiptatækifæri

Viltu vinna sjálfstætt? Erum með laust herbergi fyrir nuddara, snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing. Erum á besta stað í 105 Reykjavík. Frábært verð og flottur staður! Áhugasamir hafi samband í síma: 696-5685.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Einkamál

Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt videóspjall.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

Jólapakkinn heim að dyrum

Veldu hvort þú sendir pakkann á pósthús eða heim til viðtakanda. Jólapakkarnir rata rétta leið með Póstinum.

PÓSTURINN

allur pakkinn

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA — 15–1822

STARFSFÓLK ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU Setur fimmtíu jólapakka undir jólatréð í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gefa umhverfisvænar jólagjafir

Ísafoldarprentsmiðja gaf í gær fimmtíu jólapakka sem settir voru undir jólatréð í Kringlunni. Ísafoldarprentsmiðja, sem er elsta prentsmiðja landsins, hlaut á dögunum Svansvottun og að sögn Gunnars Haraldssonar, sölu- og markaðsstjóra, var hugsunin sú að fagna þeim áfanga með því að láta gott af sér leiða, bæði með því að gefa umhverfisvænar gjafir og gleðja börn sem þyrftu á því að halda um jólin. „Við vildum láta eitthvað gott af okkur leiða í þessu árferði," segir Gunnar. „Jólin eru nú einu sinni fyrir börnin og okkur fannst virkilega gaman að geta notað tækifærið og stungið þessum fimmtíu pökkum undir jólatréð." Gunnar vill alls ekki gefa upp hvaða gjafir leynist í pökkunum. „Það má aldrei segja hvað er í jólapökkum," segir hann. „En ég lofa því að þetta eru góðar gjafir."

- fsb

Viðurkenning fyrir rannsóknir

American Anthropologist Association (AAA) ákvað á aðalfundi sínum að veita Fornleifastofnun Íslands, og erlendum samstarfsaðilum hennar, viðurkenningu fyrir rannsóknir sínar í Mývatnssveit. Rannsóknin var fólgin í athugun á framvindu landnáms á Íslandi og áhrif mannsins á umhverfið. Aðalhöfundar greinarinnar eru Thomas McGovern, Orri Vésteinsson, og Adolf Friðriksson, en alls eru 18 höfundar að greininni og þar af sex íslenskir vísindamenn eða erlendir vísindamenn búsettir á Íslandi.

ADOLF FRIÐRIKSSON Segir verðlaunin hafa komið þægilega á óvart.

„Við vissum að Ísland væri heppilegur rannsóknarvettvangur að mörgu leyti. Hér gerist lokakaflinn í forsögu Evrópu. Járnaldarbændurnir sem hingað komu fluttu með sér þekkingu sína og reynslu, menningu og siði og mörkuðu fyrstu spor mannkyns á ónumdu landi. Það er óvenjulegt fyrir fornleifafræðinga að hafa aðgang að jafn skýrum ummerkjum um athafnir mannsins frá þessu tímabili," segir Adolf. „Að auki er eldvirknin hér kostur, en hún gefur okkur möguleika á að finna aldur mannvistarleifa út frá legu gjóskulaga í jarðveginum. Þessi atriði hafa laðað erlenda vísindamenn til landsins, og viðurkenningin er kærkomin staðfesting alþjóðlega vísindasamfélagsins á gildi þessara rannsókna á Íslandi."

Það skýtur skökku við að á sama tíma og fornleifarannsóknir hérlendis hljóta alþjóðlegar viðurkenningar mun innlent framlag til greinarinnar verða skorið niður um 80 prósent á næstu þremur árum, samkvæmt útreikningum Félags íslenskra fornleifafræðinga. Þar að auki verða engir nýnemar teknir inn í fornleifafræði við Háskóla Íslands þar sem ekki fæst fjármagn til þess.

- tg

FORNLEIFAFRÆÐI Erfiðara verður fyrir framtíðarkynslóðir að framkvæma rannsóknir hér á landi en skorið hefur verið grimmt niður. Myndin er tekin í Fornleifaskóla barna á Skútustöðum í Mývatnssveit.

Gospeltónar á aðventu

Gospelkór Jóns Vídalíns stendur fyrir jólatónleikum á morgun, miðvikudaginn 15. desember í hátíðasal Fjölbrautaskólans í Garðabæ klukkan 20. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og fer ágóðinn í að leysa þrælabörn úr ánauð á Indlandi. Er það verkefni á vegum hjálparstarfs kirkjunnar sem Vídalínskirkja hefur tekið þátt í.

Gospelkór Jóns Vídalíns er samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Vídalínskirkju. Hann var stofnaður árið 2006 og hefur verið starfræktur síðan og er eini gospelkórinn á landinu fyrir utan Gospelkór Reykjavíkur sem samanstendur eingöngu af fólki á aldrinum 16-26 ára.

Á jólatónleikunum mun kórinn syngja lög bæði á ensku og íslensku. Þau taka oft á tíðum þekkt popplög sem eru sett í gospelbúning. Þar má nefna Another Day in Paradise eftir Phil Collins, Somebody to Love með Queen, You Got the Love með Florence and the Machine og Will You Be There með Michael Jackson.

Kórstjóri og píanóleikari er Ingvar Alfreðsson, Smári Alfreðsson á saxófón, Brynjólfur Snorrason á trommum, Jóhann Ásmundsson á bassa og Pétur Valgarð Pétursson leikur á gítar.

ÞEKKT POPPLÖG Kórinn mun syngja lög bæði á íslensku og ensku.

†

Móðursystir okkar,

Bryndís Jóhannsdóttir

áður Hlaðhömrum 3, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jóhann Ólafsson
Bryndís Fanný Guðmundsdóttir

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, tengdadóttir og frænka,

Guðríður Emmý Bang

lést á heimili sínu 22. nóvember og var jarðsungin frá Kliplevkirkju á Jótlandi þann 30. nóvember. Minningarathöfn verður haldin í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 16. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Emmýjar er bent á bankareikning sonar hennar: 525-14-402400, kt. 110506-3410.

Sigurður Már Bang
Guðmundur Árni Bang
Þórey Bang
Arna Gerður Bang
Ágúst Einarsson
og fjölskylda.

Björn Jósef Bang
Gerður Guðjónsdóttir
Hlynur Hilmarsson
Margeir Ingólfsson
Sveindís Þórunn Pétursdóttir

†

Elskulegur faðir, tengdafaðir og afi,

Þór Ingólfsson

Suðurtúni 5, Álftanesi,

áður til heimilis að Goðatúni 13, Garðabæ, lést á Líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 8. desember. Útför hans fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 16. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Kiwanisklúbbsins Setbergs, (banki 318 hb. 13 Reikningur 700103 kt. 610983-1469).

Karl Rúnar Þórsson
Þórunn Erla Ómarsdóttir
Dagrún Birta Karlsdóttir
Rannveig Þóra Karlsdóttir

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Emilía Þórðardóttir

frá Grund á Akranesi, Háabergi 35, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi þann 8. desember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 16. desember kl. 15.00.

Pálína Pálsdóttir
Ragnheiður Pálsdóttir
Ólafur Ragnar Pálsson
Þórður Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn

Jóhannes Einarsson
Þorsteinn Auðunn Pétursson
Þorbjörg Þórisdóttir
Þorbjörg Guðbrandsdóttir

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Sólveig Guðmundsdóttir

lögfræðingur,
Tjarnargötu 28, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 22. desember kl. 13.00.

Björn Líndal
Sigyn Eiríksdóttir
Signý Eiríksdóttir
Óskar Eiríksson
Vigdís Eva Líndal
Guðmundur Páll Líndal
og barnabörn

Friðrik Dagur Arnarsson
Jón Tryggvason
Emma Peirsson
Þórhallur Axelsson
Kristín Lára Helgadóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

Ingveldur Guðmundsdóttir

lést þriðjudaginn 30. nóvember á Landspítalanum Háskólasjúkrahúsi – Fossvogi. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni fimmtudaginn 16. desember kl. 13.00.

Amalía Berndsen
Sigríður Berndsen
Berglind Berndsen
Birna Berndsen
barnabörn og barnabarnabarn
Elín Guðmundsdóttir

Sveinbjörn Þór Haraldsson
Björn Jónsson
Guðmundur Gíslason
Birkir Marteinsson
Gunnar Kristjánsson

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FLJÓTLEGT OG ÓDÝRT
998 KR. MATUR FYRIR 3-4

BURRITOS M.KJÚKLINGI OG TACOSÓSU
900g/ hita í 180c ofni í 15-20 mín.

ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR M/SPAGHETTI
1100g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.

LASAGNE M. ÍSLENSKUM OSTI
1000g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.

FULLELDAÐ: ÞARF AÐEINS AÐ HITA Í 15 TIL 20 MÍN

ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAKK

N.F. GRÆNMETISBUFF 1000g

ÍSLANDSNAUT FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI

BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800G

BÓNUS HRÁSALAT

MS GRJÓNAGRAUTUR

KOKTEILSÓSA FABRIKKUNNAR
FABRIKKUSÓSAN *(með öllum mat)*

FABRIKKU SÓSURNAR KOMNAR Í BÓNUS

Bónus Engiferdrykkurinn
Tvær flöskur á verði einnar
298 kr.

froosh
fruit: bottled
Gleymum ekki hollustunni í desember

FROOSH DRYKKIRNIR 250ml **298 KR** FL.

Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

krossgáta



LÁRÉTT
2. umrót, 6. í röð, 8. skip, 9. stroff, 11. komast, 12. hlutdeild, 14. svall, 16. drykkur, 17. fjallaskarð, 18. angra, 20. hljóta, 21. kvenflík.

LÓÐRÉTT
1. hljóta arf, 3. frá, 4. sandgrynning, 5. knæpa, 7. kurteisi, 10. að, 13. háttur, 15. hestur, 16. ósigur, 19. skammstöfun.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. rask, 6. rs, 8. far, 9. fit, 11. nú, 12. aðild, 14. slark, 16. te, 17. gil, 18. ama, 20. fá, 21. pils.
LÓÐRÉTT: 1. erfa, 3. af, 4. sandrif, 5. krá, 7. siðsemi, 10. til, 13. lag, 15. klár, 16. tap, 19. al.

METSÖLULISTI HAGKAUPS
6. - 12. des.

1. Léttir réttir Hagkaups
2. Stóra Disney matreiðslubókin
3. Eldað með Jóa Fel
4. Furðustrandir
Arnaldur Indriðason
5. Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir
6. Lífsleikni Gillz
7. Gunnar Thoroddsen
Guðni Jóhannesson
8. Þokan
Þorgrímur Þráinsson
9. Útkall
Óttar Sveinsson
10. Dömusiðir Tobbu

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Þú ert í hættu!

BAKÞANKAR sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar

Jólasveinar eru á sveimi. Íslensku jólasveinarnir eru fullkomin andstæða hinna erlendu og rauðklæddu sánkti Klásusa. Íslensku sveinarnir gáfu ekkert. Þeir voru bófar, þrjótar og meira að segja dýraníðingar. Þeir tóku það, sem fólk þurfti að nota til að lifa. Þegar gaurarnir höfðu lokið spellvirkjum sínum kom síðasti jólasveinninn. Manstu hver hann var og hvaða hlutverk hann hafði? Það var að stela ljósinu úr húsinu. Við getum túlkað það svo, að eftir illvirki bræðra hans hafi Kertasníkir gert hinstu tilraun til að hindra jólakomuna og eiginlega stela jólunum. Ljósið kemur með jólunum. Ljóslaus jól eru mistök, engin jól. Myrk jól eru merkingarleysa.

FÓLK fyrri tíðar var ekki kjánar, sem trúðu blint á ævintýri. Sögur um sveinana voru sagðar til að miðla þeim mikilvæga vísdómi, að allir verði að gæta sín, að við ættum að passa okkur. Þetta voru kennslusögur til að minna á, að sótt væri að dýrum, vinnu, stofnunum, lífsviðurværi og heimilum. Jafnvel sálarlífi fólks er hætt. Fólk ætti að gæta sín og sinna. Skilaboðin voru skýr: Þú ert í hættu!

FJÖLDI jólasveina var breytilegur. Hversu margir jólasveinarnir eru á Íslandi núna? Fleiri en þú hyggur. Jólasveinarnir eru gráðugir og vilja ná af okkur því góða, sem við njótum og höfum að láni. Þeir vilja líka skemma þann samfélagsvef, sem við höfum byggt upp og búum.

ÞEGAR reynt er að plata okkur til að sóa eða hafa af öðrum eru jólasveinar á ferð. Þeir vilja eyðileggja vinnu okkar og öryggi. Þeir ógna og valda kvíða. Íslenskur efnahagur hrundi vegna jólasveina. Fjöldi fólks hefur liðið vegna spellvirkja af jólasveinataginu. Jólasveinar eru í opinberri stjórnsýslu líka, í pólitík, í íþróttafélögum, á vinnustöðum nærri þér, í trúfélögum og góðgerðastofnunum, í þínu húsi. Góð heimili og góðgerðafélög eru í sérstöku uppáhaldi jólasveina. Þangað leita þeir og þykjast góðir.

ALLIR eru í hættu. Allir geta breyst í jólasveina því í okkur býr geta til umbreytingar. Aðeins vilji til góðs er haldgóð vörn. Þann vilja þarf að stæla með ákvörðun, æfingum og lífsafstöðu. Spyrðu þig reglulega: Er ég jólasveinn? Er hann innan í mér? Já, hvar leitar þú hamingju? Hver eru viðmið þín, gildi, lífshættir, vonir og þrá? Þeir bræður eru á ferðinni allt árið: Þar sem menn eru þar eru jólasveinar! Hver ert þú?

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hvernig þekkja má þá sem eiga ekki börn

Róar ófríska konu

Chris Rock nýtti húmorinn á frekar óhefðbundinn hátt um helgina, þegar hann kom ófrískri konu til hjálpar í verslunarmiðstöð í New Jersey. Konan var að stíga af rúllustiga þegar hún skyndilega missti legvatnið. Leikarinn var ekki langt undan og hóf að segja konunni og nærstöddum alls konar brandara í von um að róa þá ófrísku. „Hann fékk fólkið og ófrísku konuna til að hlæja," segir sjónarvottur, en Chris dvaldi með henni þar til sjúkraflutningamenn fluttu hana á nærliggjandi sjúkrahús.

STUNDUM ER GOTT AÐ VERA FYNDINN Chris Rock róaði ófríska konu í verslunarmiðstöð með því að segja brandara.

Coldplay sendir frá sér þemaplötu

Chris Martin, söngvari bresku hljómsveitarinnar Coldplay, hefur upplýst að væntanleg plata hljómsveitarinnar sé þemaplata (e. concept album).

Nafn plötunnar og útgáfudagur eru enn á huldu, en Martin sagði í viðtali við BBC að þetta væri mjög persónuleg plata. „Á plötunni er sagt af tveimur einstaklingum sem eru frekar týndir, sagan er sögð frá þeirra sjónarhorni. Þau hugsa eins, en eru í erfiðu umhverfi og fara í ferðalag saman."

Hljómsveitin vinnur að nýju plötunni ásamt Brian Eno og upptökustjóranum Marcus Dravs. Hún fylgir eftir plötunni Viva La Vida or Death and All His Friends sem kom út fyrir tveimur árum. „Við erum búnir að eyða tveimur árum í að framleiða mikinn hávaða," sagði Martin um gerð plötunnar.

NÝ PLATA Í BÍGERÐ Chris Martin og félagar í Coldplay segja sögu á væntanlegri plötu sem er í vinnslu.

JOLIE OG SHILOH Jolie fær lítinn tíma með sjálfri sér en stendur á sama.

Erfitt að vera ein í baði

Leikkonan Angelina Jolie segir það ekki fara í taugarnar á sér hve lítinn tíma hún hefur fyrir sjálfa sig. Hún undrast raunar hve vel hún taki þessu, því áður fyrr naut hún þess að vera í ró og næði. „Maður ætlar kannski í bað en þá eru allir að reyna að komast inn. Maður gefst bara upp. Ég hef oft komið sjálfri mér á óvart því mér finnst gott að vera ein. Ég er undrandi á því hve rosalega ánægð ég er yfir því að vera umvafin fjölskyldunni," sagði Jolie.

Vinna enn og aftur saman

Leikstjórinn Martin Scorsese hefur staðfest að hann muni starfa með Robert De Niro í níunda sinn í glæpamyndinni The Irishman. Þessa dagana er verið að fjármagna myndina og vonast er til að tökur hefjist á næsta ári. De Niro og Scorsese unnu fyrst saman við Mean Streets árið 1973. Eftir það tóku við myndir á borð við Taxi Driver, New York, New York, Raging Bull, The King Of Comedy, Goodfellas og Casino. The Irishman er byggð á skáldsögu Charles Brandt, I Heard You Paint Houses, og fjallar um verkalýðsforingja sem verður leigumorðingi mafíunnar. Steve Zallian, sem skrifaði handritin að Gangs of New York og Cape Fear, verður handritshöfundur myndarinnar. Nýjasta verkefni Scorsese er þrívíddar-barnamyndin Hugo Cabret þar sem Sacha Baron Cohen er í einu aðalhlutverkanna. Hún er væntanleg á hvíta tjaldið eftir eitt ár.

FÉLAGAR Leikstjórinn ætlar að starfa með De Niro í níunda sinn við myndina The Irishman.

NICK CAVE Í BÍÓI PARADÍS Ástralska kvikmyndin Ghosts of the Civil Dead verður sýnd á vegum kvikmyndaklúbbsins Arnarhreiðursins í Bíó paradís annað kvöld. Myndin er frá 1988. Nick Cave leikur í myndinni, semur tónlist og skrifar handrit ásamt leikstjóraranum John Hillcoat, en þeir leiddu aftur saman hesta sína árið 2005 í myndinni The Proposition. Myndin hefur aldrei verið sýnd í kvikmyndahúsi hér á landi áður og verður þetta eina sýningin.

Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

Spilakvöld
ÞRIÐJUDAGINN 14. DESEMBER KL. 20:00 Á SÚFISTANUM

Spurt að leikslokum
Allir spurningastokkar
Tilboð 1.690 kr.

Flakk
Kapphlaupið að forna hliðinu
Tilboð 6.490 kr.

Heilaspuni
Spil fyrir skapandi Íslendinga
Tilboð 5.990 kr.

Enn meiri popppunktur
Íslenska tónlistarspilið
Tilboð 7.490 kr.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Mannlífsmyndir úr þorpinu

Bækur/ ★★

Ein báran stök
Ólafur Haukur Símonarson

Söguhetjan í skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar, Ein báran stök, er kunnugleg persóna úr fyrri verkum höfundarins; unglingurinn listhneigði sem er á skjön við samfélag sitt, en sér í gegnum sortann og verður um leið nokkurs konar samviska þorpsins. Hér heitir hann Gvendur fingralangi, föðurlaus pían ónemi sem talinn er skrýtin skrúfa, geðveikur eða jafnvel leynihommi. Sagan er sögð út frá hans sjónarhóli, en hann virðist hafa þann sjaldséða eiginleika að sjá í gegnum veggi og heyra samræður í húsum, þótt hann sé þar ekki staddur.

Sagan gerist í tilbúnu íslensku sjávarþorpi, Litlu-Sandvík, þar sem kvótakóngurinn og eigandi útgerðar og fiskvinnslu hefur tögl og haldir og ráskast með líf og eigur samborgaranna. Aðrar persónur eru einnig gamalkunnar klisjur; amman ráðagóða, þunglyndi frændinn, móðirin sem stakk af, sparisjóðsstjórinn í teinóttu jakkafötunum, kráareigandinn sem er fyrrverandi fyllibytta en hættur að drekka, dóttir hans sem lent hefur í slagtogi við fordekraðan son kvótakóngsins sem jafnframt er dópsali þorpsins, bóksalinn umbótasinnaði, presturinn ofsatrúaði og hans geðveila kona sem heldur við kvótakónginn, gamli kvótakóngurinn sem braust til áhrifa með svikum og prettum, dóttir hans, fyrrverandi píanóleikarinn, sem flutt er heim eftir þungan harm og svo auðvitað hið nýríka barnabarn þorpsins sem kemur eins og guð úr vélinni og setur allt jafnvægi í samfélaginu úr skorðum.

Sagan ber öll einkenni þess að hafa verið skrifuð sem sjónvarpsþáttaröð í anda Himinblámans og Hvaleyja og ekkert nema gott um það að segja. Hið nýja trend í norrænni sjónvarpsþáttagerð er jú hið afskekkta samfélag sem einhver utanaðkomandi afkomandi fyrrverandi íbúa kemur inn í og setur í uppnám. Vandamálið hér er að það form hentar skáldsögu ekki sérlega vel, persónur eru of margar og ekki fylgt eftir sem skyldi, fyrir nú utan það að klisjurnar virka mun verr á prenti en í mynd.

Samfélagið sem hér er lýst er hið hefðbundna íslenska sjávarþorp sem við þekkjum úr ótal skáldsögum, en gallinn er sá að það samfélag ber öll merki síðustu aldar og nútímaskírskotanir eins og handrukkarar, peningaþvætti og tilraunir til að gera þorpið vistvænt og breyta því í náttúruparadís fyrir erlenda ferðamenn eru ekki nóg til þess að lesandinn kaupi það að hér sé raunsæ lýsing á íslensku sjávarþorpi dagsins í dag á ferðinni.

Margar skemmtilegar og myndrænar senur eru í bókinni Ólafur skrifar lipran og flæðandi texta og hefur oft á tíðum húmorískt sjónarhorn á viðfangsefnið. Pælingar Gvendar fingralanga eru líka á köflum bráðskemmtilegar og ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að gera áhorfsvæna þáttaröð upp úr sögunni.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Ein báran stök er fínasta hugmynd að sjónvarpsþáttaröð en gengur ekki alveg upp sem skáldsaga.

Dæmisögur um gort og græðgi

Bækur ★★★★

Arngrímur apaskott og hrafninn
Kristín Arngrímsdóttir

Apaskott miðlar málum

Arngrímur apaskott og hrafninn er eigulegur gripur. Sagan er stutt og söguþráðurinn einfaldur – bókin er því kjörin handa yngstu lesendunum sem eru að fikra sig upp úr harðspjaldabókum.

Sólrún, Amma Sólrún og Arngrímur apaskott eru aðalsöguhetjur bókarinnar, rétt eins og í fyrri bókinni, Arngrímur apaskott og fiðlan. Í þessari sögu hefur að vísu farist fyrir að kynna söguhetjur svo það verður dálítið ruglandi að kvenpersónurnar bera sama nafn. Arngrímur er svo fulltrúi smábarna á svæðinu: aðeins á skjön við umhverfi sitt, ómálga, en fjarska sætur og skemmtilegur.

Klippimyndir Kristínar eru glaðlegar og frumlegar. Í þeim er heilmikill húmor og þó þær séu einfaldar er ýmislegt að gerast á síðunum sem upplagt er að ræða við yngstu lesendurna.

Söguþráðurinn er ekki bráðfrumlegur – krummi stelur glingri af ömmu en iðrast svo gjörða sinna þegar honum er útskúfað frá samfélaginu og allir sættast að lokum fyrir tilstilli Arngríms. En textinn er góður og það er skemmtilegt að lesa bókina fyrir litlar manneskjur.

Niðurstaða: Toppgæði á bæði myndum og texta, kjörin fyrir yngstu lesendurna.

Bækur ★★★★★

Skrímsli á toppnum
Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal

Kúnstin að eiga vin

Skrímslabækur Áslaugar Jónsdóttur og félaga hennar Kalle Güettler og Rakel Helmsdal hafa komið reglulega út á Norðurlöndum frá árinu 2004 og notið mikilla vinsælda.

Bækurnar segja fyrst og fremst af stóra og litla skrímslinu sem þurfa að glíma við sömu vandamál og allir hinir, þrátt fyrir að vera skrímsli. Í þessari sögu reynir litla skrímslið að segja stóra skrímslinu að þau séu alveg jafnfrækin í fjallaklifri, sem er ekki alls kostar nákvæmt. Minnimáttarkenndin vinnur þar gegn litla skrímslinu sem hefði betur þegið hjálp hins stóra vinar síns – tilfinning sem eflaust allir kannast við.

Áslaug er höfundur myndanna sem eru stórskemmtilegar eins og í fyrri bókum hennar. Uppsetning bókarinnar er til fyrirmyndar, þar sem hver síða endurspeglar gjörvöll þá atburði sem á henni eru.

Skrímslabækurnar fjalla flestar að einhverju marki um samskipti manna (eða skrímsla) og þær myndir sem fólk hefur af öðrum og reynir að skapa af sjálfu sér. Í fáum orðum og mörgum pennastrikum eru kallaðar fram samannlegar tilfinningar sem hljóta að kalla fram ótal bros hjá lesendum.

Niðurstaða: Enn ein fjöður í skrímslahattinn.

Bækur ★★★

Kanínan sem fékk aldrei nóg
Huginn Þór Grétarsson

Útrásarkanína í klandri

Huginn Þór Grétarsson sendir frá sér fjölda myndabóka á ári hverju sem litríkar myndir eftir erlenda listamenn prýða, sem eru að sumu leyti ólíkar því sem sést í öðrum íslenskum barnabókum.

Meðal nýjustu afurða Hugins er sagan Kanínan sem fékk aldrei nóg. Sagan segir skemmtilega frá gráðugri kanínu sem leiðist út í vafasama viðskiptasamninga til að komast yfir mun meira grænmeti en hún gæti nokkurn tímann þurft á að halda og í myndmálinu er kanínan óhikað borin saman við fjármálabraskara. Vert er að vara við því að kanínunni hegnist grimmilega fyrir græðgina.

En Akkillesarhæll Hugins er stíll sagnanna. Textinn er ekki jafngóður hugmyndunum og myndlýsingunum. Skrúðmælgin ber Hugin stundum ofurliði og tilhneiging til stuðlunar gerir textanum enga greiða. Þegar fer að síga á seinni hluta sögunnar þéttist svo lesmálið fullmikið á síðunum. Hér er skortur á ritstjórn rót vandans, algengur kvilli í bókaflórunni fyrir þessi jól. Það er leitt að sjá hve litlar umbætur hefðu breytt miklu.

Arndís Þórarinsdóttir

Niðurstaða: Sniðug dæmisaga með flottum myndum, en textanum er ábótavant.

FRUMLEG OG ÖGRANDI



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„... merkilegasta skáldskaparrit þessa árs ...“ PBB / FT

„... frábær bók og sönn.“ KS / MIDJAN.IS

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

GÓÐ LESNING Á FRÁBÆRU VERÐI!

STORMURINN
Björgvin G. Sigurðsson
2.786kr/stk
Verð áður 3.980

JÓNÍNA BEN
Sölvi Tryggvason
2.786kr/stk
Verð áður 3.980

GJAFAKORT NETTÓ
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

GILDIR **TIL 19.** DESEMBER
Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birt með fyrirvara um prentvillur

15 RÍKI Í BANDARÍKJUNUM banna notkun salvíu, en Miley Cyrus sést reykja efnið í myndbandi sem nýlega var sett á netið. Sala á salvíu hefur stóraukist í kjölfarið.

EMAMI

www.emami.is

EMAMI HEFUR OPNAÐ Í KRINGLUNNI

Í tilefni að því fylgir **frír bolur eða leggings** með öllum kjólum til jóla, í báðum verslunum okkar. Íslensk hönnun á góðu verði.

Verslanir EMAMI Kringlunni s: 5717070 Laugavegi 66 s: 5111880

Justin Bieber slær Eminem og Lady Gaga við á Youtube

Ef Justin Bieber væri Íslendingur hefði hann verið fermdur fyrir tveimur árum. Hann er orðinn alþjóðleg ofurstjarna – á einu ári. Bieber bætti enn einni rósinni í hnappagatið á dögunum þegar kom í ljós að myndband hans við lagið Baby var það vinsælasta á Youtube á árinu.

BIEBER Í HÆSTU HÆÐUM Vinsældir Justins Bieber eru með ólíkindum. NORDICPHOTOS/GETTY

Myndband hjartaknúsarans barnunga, Justin Bieber, við lagið Baby er vinsælasta myndband vefsíðunnar Youtube á árinu. Örvæntingarfullar unglingsstúlkur og fjölskyldufeður í afneitun hafa horft meira en 407 milljón sinnum á myndbandið, sem kom út 12. febrúar í ár. Það þýðir að horft hefur verið á myndbandið 1,3 milljón sinnum á dag frá því að það kom út. Ótrúlegur árangur hjá kanadíska undrabarninu.

Youtube tilkynnti á sunnudag að myndbandið væri það vinsælasta á árinu. Mia Quagliarello, yfirmaður hjá Youtube, segir vinsældir á Youtube endurspegla áhuga fólks og hvað vekur mesta athygli. Fréttirnar eru athyglisverðar í ljósi þess að lagið Baby náði aldrei toppi Billboard-vinsældalistans, sem hefur hingað til þótt endurspegla hvaða tónlist er vinsælust í Bandaríkjunum.

Bieber skýtur listamönnum á borð við Shakiru, Rihönnu, Eminem og Lady Gaga ref fyrir rass, en þau raða sér í næstu sæti topp 10-listans, auk þess sem Bieber á þar þrjú myndbönd til viðbótar. Uppgangur Justins Biber hefur verið ótrúlegur, en hann gaf út fyrstu plötuna sína, My World, í fyrra. Hún fór á toppinn víða um heim og hann fylgdi henni eftir með My World 2.0 á þessu ári auk þess sem hann sendi frá sér My World Accoustic, sem inniheldur órafmagnaðar útgáfur af lögum hans.

atlifannar@frettabladid.is

VINSÆLUSTU MYNDBÖNDIN Á YOUTUBE

1. Justin Bieber - Baby ft. Ludacris
2. Shakira ft. Freshlyground - Waka Waka (This Time for Africa) (The Official 2010 FIFA World Cup Song)
3. Eminem - Love the Way You Lie ft. Rihanna
4. Eminem - Not Afraid
5. Rihanna - Rude Boy
6. Justin Bieber - Never Say Never ft. Jaden Smith
7. Justin Bieber - Never Let You Go
8. Lady Gaga - Alejandro
9. Justin Bieber - Somebody to Love Remix ft. Usher
10. Lady Gaga - Telephone ft. Beyonce

★★★★
„Bráðskemmtilegur aldarspegill ...“
AB / MORGUNBLAÐIÐ



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
2. PRENTUN VÆNTANLEG
„Hádramatísk ævisaga, skemmtileg aflestrar.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

Kate komin með kjólahönnuð

Mikil spenna og eftirvænting hefur ríkt í tískuheiminum yfir því hver muni hanna brúðarkjól Kate Middleton, tilvonandi eiginkonu Vilhjálms Bretaprins. Nú virðist sem niðurstaða sé komin í málið, en breski fatahönnuðurinn Bruce Oldfield hefur að sögn slúðurmiðla orðið fyrir valinu. Flestir spáðu því að hin 28 ára gamla Kate myndi fá uppáhalds fatahönnuð sinn Ben de Lisi, sem hannar undir merkinu Issa, til að hanna kjólinn en svo virðist ekki vera. Bruce Oldfield hefur hins vegar fengið margar stórglæsilegar konur til að klæðast kjólum sínum en meðal þeirra eru Barbra Streisand, Catherine Zeta-Jones, Rihanna og Díana prinsessa heitin.

Kate og Vilhjálmur munu ganga í það heilaga þann 29. apríl næstkomandi og fjölmargir hafa sagt að um brúðkaup áratugarins verði að ræða.

OLDFIELD HANNAR FYRIR KONUNGLEGT BRÚÐKAUP Bruce Oldfield fær að hanna brúðarkjól Kate Middleton.

NÝTT KORTATÍMABIL
Opið til kl. 22 til jóla
BIOTHERM
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF BIOeffect™ húðdropar
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
SENSAI Kanebo INTERNATIONAL
LANCÔME PARIS
nails inc. LONDON
SHISEIDO
MAC
Þriðjudagstilboð
JÓLASPRENGJA
20%
afsláttur
af öllum snyrtivörum
Aðeins í dag
fókus
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Hollywood stígur í vænginn við Óskar frænda

Um þetta leyti ársins eru tvö orð vinsælust í Hollywood: „Oscar buzz“ eða „Óskarsmöguleiki“. Tilnefningarnar verða ekki tilkynntar fyrr en á nýju ári en aðrar verðlaunahátíðir eru farnar að draga upp víglínuna.

HUGSANLEGIR YFIRBURÐIR

Gagnrýnendur spá því að **The Social Network** eigi eftir að ná sér í komandi Óskarsverðlaun með nokkrum glæsibrag. **Colin Firth** þykir koma sterklega til greina sem sigurvegari í karlaflokki fyrir leik sinn í The King's Speech og **Natalie Portman** er enn sem komið er sigurstrangleg fyrir The Black Swan. Hún mun þó eflaust fá harða samkeppni frá Nicole Kidman fyrir Rabbit Hole og **Halle Berry** í Frankie and Alice.

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum eru þegar farnir að velta vöngum yfir hvaða myndir, leikarar og leikkonur eigi möguleika á gullkarlinum góða. Þeir nota gjarnan orðin „Oscar buzz“ sem þýðir að viðkomandi mynd, leikari eða leikkona þykir vera í þeim gæðaflokki að hún verðskuldi tilnefningu til Óskarsverðlauna. Svokallað Óskarstímabil í Ameríku er einnig nýhafið og kvikmyndaverin keppast við að frumsýna „vandaðar“ kvikmyndir og kynna þær í fjölmiðlum sem Óskarsvænar.

Og það er kannski ekki seinna vænna. Mánudaginn 27. desember verða kjörseðlar sendir út til Akademíunnar og föstudaginn 14. janúar lýkur kosningu, atkvæðin verða talin og tilnefningarnar tilkynntar við hátíðlega athöfn í Samuel Goldwyn-kvikmyndahúsinu þriðjudaginn 25. janúar. Stóra stundin rennur síðan upp sunnudaginn 27. febrúar. Þangað til leggja starfsmenn kvikmyndaveranna og framleiðendur á sig mikla vinnu við að kynna hugsanlegar keppendur.

Flestir fjölmiðlar vestanhafs telja öruggt að The Social Network, Facebook-myndin eftir David Fincher, verði tilnefnd til Óskarsverðlauna. Sumir ganga jafnvel svo langt að telja spennuna fyrir í flokknum „besta myndin“ alls enga, The Social Network eigi eftir að sigra nokkuð örugglega enda hefur hún sópað til sín verðlaunum hjá gagnrýnendum í New York, Los Angeles og Boston. Þar sem tíu myndir eru tilnefndar er ómögulegt að spá fyrir um hverjar eiga eftir að etja kappi við Facebook-skrímslið, kúrekatryllirinn True Grit eftir Coen-bræður gæti verið þar á meðal, ástralska kvikmyndin Animal Kingdom hefur fengið frábæra dóma og svo má ekki gleyma vísindaskáldsögutryllinum Inception eftir Christopher Nolan.

Í leikaraflokknum hefur ekki borið mikið á Óskarsmöguleikum hvað karlpeninginn varðar. Nafn Justins Timberlake hefur þó verið nefnt í því samhengi en honum þykir takast nokkuð vel upp í margnefndri The Social Network. Orðin hafa einnig verið notuð yfir frammistöðu Colins Firth í The King's Speech, kvikmynd um talörðugleika Georgs sjötta sem hann sigrast á með nokkuð sérstökum hætti. Natalie Portman þykir hins vegar vera í forystu hvað varðar Óskarsvænleika snertir fyrir leik sinn í The Black Swan og framleiðendur Frankie and Alice eru farnir að nota orðin tvö til að lýsa túlkun Halle Berry á geðklofasjúklingi. Þá hefur Nicole Kidman fengið svipaðar upphrópanir í blöðunum fyrir kvikmyndina Rabbit Hole.

freyrgigja@frettabladid.is

Elín sleikir sárin með samnemanda

Á meðan fyrrverandi eiginmaður hennar, Tiger Woods, rembist eins og rjúpan við staurinn við að ná tökum á sveiflunni og koma ferli sínum aftur í gang er Elin Nordegren nú sögð komin með nýjan kærasta. Sá er víst nemandi við háskóla í Flórída, eins og Elin, og er 35 ára maður frá Suður-Afríku. „Það hafa verið kossar og faðmlög en ég veit ekki hvort þetta hefur gengið eitthvað lengra,“ sagði heimildarmaður The Sun sem greindi fyrst frá málinu. Elin er ekki á flæðiskeri stödd eftir að gengið var formlega frá skilnaði hennar og Tigers því samkvæmt fréttum fékk hún hundrað milljónir dollara frá kylfingnum lausláta.

Elin hefur ekki viljað tjá sig við fjölmiðla eftir fjölmiðlafárið og raunar hefur henni tekist merkilega vel upp að halda sig fjarri kastljósinu, hún talaði til að mynda aðeins einu sinni opinberlega eftir að tugir ástkvenna fyrrverandi eiginmanns hennar stigu fram. Og hún hefur aldrei tjáð sig um hvað gerðist þegar Tiger klessti á fyrir utan heimili þeirra í Flórída.

Tiger hefur sjálfur kúrt kvenmannslaus og það hefur gengið erfiðlega hjá honum að koma golfinu aftur í samt lag. Hann missti nýverið efsta sætið á styrkleikalista kylfinga yfir til Bretans Lee Westwood og tapaði í bráðabana á eigin boðsmóti sem haldið var fyrir stuttu eftir að hafa verið í forystu nánast allan tímann. Elinu gengur hins vegar vel í námi sínu en hún er að læra sálfræði.

Á ÓLÍKUM STAÐ Á meðan Tiger Woods reynir að koma ferli sínum aftur á flug er Elin Nordegren komin með nýjan kærasta upp á arminn.

ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Hurley og Arun Nayar eru skilin eftir þriggja ára hjónaband.

Hjónabandi Hurley lokið

Leikkonan Elizabeth Hurley hefur skilið við eiginmann sinn, indverska viðskiptajöfurinn Arun Nayar, eftir þriggja ára hjónaband. „Þetta var slæmur dagur. Svo að það sé nú á hreinu þá hættum við Arun saman fyrir nokkrum mánuðum. Vinir okkar og fjölskyldur vita af þessu,“ skrifaði hin 45 ára Hurley á Twitter-síðu sína. Erlendir fréttamiðlar höfðu greint frá sambandi hennar og fyrrverandi krikketstjörnunnar Shane Warne frá Ástralíu. Í kjölfarið ákvað Hurley að láta vita um stöðu mála í einkalífi sínu á Twitter.

Við erum í jólaskapi!
Frábær tilboð!

TENGI

Nýjar vörur

SPRING sturtuhaus
Kringlóttur 20 cm
Verð: 9.257,- kr
Tilboðsverð: 6.500,- kr



FONTE handsturtuhaus
Stærð 67 mm.
Verð: 1.098,- kr
Tilboðsverð: 890,- kr

SKINNY handsturtuhaus
Verð: 1.989,- kr
Tilboðsverð: 1.500,- kr

ALMAR

EMOTION sturtuhaus
Kringlóttur 10 cm
Verð: 3.809,- kr
Tilboðsverð: 2.500,- kr

....ekki missa af þessu....

HANSA

HANSAECOJET 1-3 stillingar
Sturtustangasett
Verð frá 6.913,- kr
Tilboðsverð frá: 4.199,- kr

Sturtubarki 150 cm
Tvöfaldur
Verð: 1.910,- kr
Tilboðsverð: 1.400,- kr

MORA Cera
Sturtutæki. með upp eða niðurstút.
Tilboðsverð: 19.950,-

mora ARMATUR

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Zoolander 2 kemur brátt

Owen Wilson hefur sefað aðdáendur kvikmyndarinnar Zoolander og upplýst að það styttist í framhaldsmyndina. „Það er komið virkilega gott handrit," sagði gamanleikarinn við fjölmiðla um helgina en Owen lék ofurfyrirsætuna Hansel í fyrri myndinni.

Wilson leikur reyndar á móti Ben Stiller í kvikmyndinni Little Fockers en það er þriðja myndin um Gaylord Focker og samskipti hans við tengdapabba sem er fyrrverandi CIA-maður leikinn af Robert De Niro. „Við hittumst áðan og við vorum að tala um að fara að gera aðra Zoolander-kvikmynd," bætti Wilson við.

Zoolander sló eftirminnilega í gegn árið 2001 en hún sagði frá frekar vitgrönnu karlmódeli, leiknu af Ben Stiller, sem reynir að hafa hendur í hári brjálaðs tískumógúls en sá hyggst ráða forsætisráðherra Malasíu af dögum. Fyrsta myndin halaði inn sextíu milljónir í miðasölu og tilkynnti framleiðslufyrirtækið Viacom í nóvember að Zoolander 2 myndi koma fyrr en síðar.

SANNFÆRÐUR Owen Wilson bregður sér aftur í hlutverk Hansels í Zoolander 2.

Pollapönk tekur fram úr Botnleðju í plötusölu

Hljómsveitin Pollapönk er að taka fram úr Botnleðju í vinsældum ef marka má seldar plötur. Sömu meðlimir eru í báðum sveitum, þeir Heiðar og Halli.

Nýjasta plata Pollapönks, Meira pollapönk, hefur selst í um tvö þúsund eintökum, sem er svipað og jafnvel ívið meira en þrjár síðustu plötur Botnleðju. Haraldur Freyr Gíslason og Heiðar Örn Kristjánsson eru meðlimir beggja sveitanna, en Botnleðja hefur ekki starfað undanfarin sjö ár.

„Eftir að Fólk er fífl kom út varð mögulegt að skrifa diska og ég held að það sé mesta breytingin í þessu. Við vorum kannski að spila á tónleikum og vorum beðnir um að árita skrifaða diska," segir trommarinn Halli. Fólk er fífl kom út 1996 og seldist í 4.500 eintökum á meðan Magnyl sem kom út tveimur árum síðar seldist mun verr, í 2.000 eintökum. Plöturnar sem komu á eftir, Douglas Dakota og Iceland National Park, seldust í 1.500 til 2.000 eintökum hvor.

BOTNLEÐJA Rokksveitin gaf síðast út plötu árið 2003.

„Plötusala hefur dregist mikið saman síðan Botnleðja var starfandi en á móti kemur að Pollapönkið á stærri markhóp," segir Halli. Hann segir vinsældir Pollapönksins ekki hafa komið sér á óvart. „Platan er meiriháttar góð og við erum að spila mikið. Þetta kemur mér ekkert á óvart en við erum gríðarlega þakklátir samt sem áður. Við trúðum alltaf á að þetta væri meiriháttar góð plata og gæti náð til margra, ekki bara barnanna."

Heldurðu að þín verði frekar minnst sem Pollapönkara í stað Botnleðjurokkara í framtíðinni? „Það er ómögulegt að segja en ég myndi ekki fúlsa við því. Mér finnst bæði jafngott," segir Halli og bætir við: „Það er að koma smá Botnleðjufílingur í mig sem hefur ekki verið áður. Það getur vel verið að við gerum eitthvað á nýju ári."

freyr@frettabladid.is

POLLAPÖNK Pollapönkið virðist vera að taka fram úr Botnleðju í vinsældum.

Borgaði 41 milljón í skatt

Bandaríska leikaranum Nicholas Cage tókst að nurla saman rúmum 360 þúsund dölum eða 41 milljón króna til að greiða skattinum í Bandaríkjunum. Þetta kom fram á Wikileaks-síðu fræga fólksins, TMZ. Cage skuldaði skattinum fjórtán milljónir í ógreidda skatta og gjöld fyrir árin 2002, 2003, 2004 og 2007 en hefur nú innt af hendi greiðslu í reiðufé til skattsins samkvæmt skjölum sem TMZ hefur undir höndum.

Cage hefur átt í fjárhagserfiðleikum að undanförnu. Hann höfðaði mál gegn fyrrverandi viðskiptafélaga sínum, Samuel Levin, og krafðist tuttugu milljón dala í skaðabætur vegna stórkostlegs taps og lélegra ákvarðana. Fallið var frá málsókninni í september og er talið að samið hafi verið um málið utan dómstóla. Cage var síðan gert að greiða Nevada-bankanum tvær milljónir vegna láns og hús hans í Las Vegas selt á uppboði. Cage skuldaði þá bankanum rúmar tvær milljónir í afborganir.

SKULDUGUR Nicholas Cage er stórskuldugur eftir alls konar brask á undanförnum árum. GETTY IMAGES/NORDIC PHOTOS

58·12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is

stefánsson & stefánsson

KRISTINN STEINDÓRSSON er þessa dagana hjá sænska liðinu Örebro. Kristinn, sem er leikmaður Breiðabliks, verður hjá liðinu næstu daga og mun meðal annars spila tvo æfingaleiki með liðinu. Strákurinn hefur verið á faraldsfæti því á dögunum var hann hjá þýska liðinu Greuther Fürth.

BIKARLEIKUR Fjölnir tapaði síðast í Vesturbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Powerade-bikarinn:

Fjölnir sækir KR heim

KÖRFUBOLTI Í gær var dregið í átta liða úrslit í bikarkeppni karla og kvenna.

Í karlaflokki eru tveir slagir hjá liðum í efstu deild. Hið unga og efnilega lið Fjölnis sækir KR heim og Njarðvík, sem sló út bikarmeistara Snæfells í síðustu umferð, fer í Hafnarfjörðinn og spilar við Hauka.

Grindavík fær Laugdæli í heimsókn en neðrideildarlið fá ekki sjálfkrafa heimaleik þegar svona langt er liðið á keppnina.

Borgnesingar þurfa síðan að keyra á Sauðárkrók þar sem liðið mætir Tindastóli sem hefur verið á uppleið síðustu viku.

Það er mikill Suðurnesjaslagur í kvennaflokki þar sem Grindavík mun heimsækja Keflavík.

Topplið Hamars mun sækja Snæfell heim og er líklegt til afreka enda ekki enn búið að tapa leik í vetur.

Njarðvík tekur á móti Haukum og svo þurfa KR-stelpur að keyra upp í Borgarnes.

Leikirnir verða spilaðir í kringum helgina 8. og 9. janúar. **- hbg**

Drátturinn

8 liða úrslit karla

Haukar - Njarðvík
KR - Fjölnir
Grindavík - Laugdælir
Tindastóll - Skallagrímur

8 liða úrslit kvenna

Snæfell - Hamar
Njarðvík - Haukar
Keflavík - Grindavík
Skallagrímur - KR

LANDSLIÐSHÓPURINN Þau Jakob, Ragnheiður og Hrafnhildur eru klár í slaginn. MYND/SUNDSAMBANDIÐ

Þrír Íslendingar á HM í Dubai:

Mótið hefst á morgun

SUND Þrír íslenskir sundmenn munu taka þátt í heimsmeistaramótinu í 25 metra laug sem hefst í Dubai á morgun.

Þetta eru þau Jakob Jóhann Sveinsson, Ragnheiður Ragnarsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir.

Ragnheiður hefur verið í Dubai síðan EM í Eindhoven lauk í lok nóvember og ætti því að vera vel klár í slaginn. Þau Jakob og Hrafnhildur komu aftur á móti til borgarinnar síðasta föstudag ásamt Klaus Ohk landsliðsþjálfara og urðu þar fagnaðarfundir er þau hittu Ragnheiði. **- hbg**

Mun taka ákvörðun sem er rétt bæði fyrir mig og landsliðið

Guðjón Valur Sigurðsson er kominn af stað með Rhein-Neckar Löwen eftir meiðsli og hefur staðið sig ótrúlega vel í fyrstu leikjunum með liðinu. Hann skoraði til að mynda fimm mörk í seinni hálfleik gegn Gummersbach um helgina. Hann er farinn að horfa til Svíþjóðar þar sem HM verður í janúar.

HANDBOLTI Í byrjun þessa mánaðar lék Guðjón Valur Sigurðsson sinn fyrsta handboltaleik í tíu mánuði en hann hefur glímt við meiðsli. Á sunnudag skoraði hann svo fimm mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen gegn Gummersbach þar sem hann innsiglaði sigur síns liðs.

„Það er góð tilfinning að vera farinn aftur að klæða sig í treyju, setja smá harpix á puttana og vera með," segir Guðjón, sem spilaði meira um helgina en hann reiknaði með.

„Vinstri hornamaðurinn var búinn að standa sig vel í fyrri hálfleik en hann hefur náttúrlega spilað gríðarlega mikið upp á síðkastið. En þetta gekk bara ágætlega."

En hvar stendur Guðjón núna í endurkomunni?

„Það er rosalega erfitt að segja. Ég er mjög ánægður með æfingaformið mitt sem slíkt, ég get tekið þátt í öllu á æfingum. Ég reyni að lyfta mikið og hlaupa aukalega til að ná upp styrknum," segir Guðjón.

„Það er bara eins og svart og hvítt að æfa eða spila. Eins og þessi leikur á sunnudaginn sem spilaðist eins og hálfgerður borðtennisleikur í seinni hálfleik. Það er rosalega erfitt að æfa þannig en maður þarf að ná sér í meiri leikæfingu og það hefur allavega gengið vel í þessum tveimur leikjum sem ég hef spilað. Nú er bara að reyna að komast á þann stað sem ég vil vera á."

Guðjón ætti að fá góð tækifæri á næstunni til að komast í betri leikæfingu.

„Það hafa verið erfiðir leikir en á miðvikudag er bikarleikur gegn þriðjudeildardeildarliði og ég er að vonast til að fá að spila aðeins meira þar. Hver mínúta telur núna," segir hann.

Miðar allt út frá HM

Guðjón er algjör lykilmaður í íslenska landsliðinu og viðurkennir fúslega að miða allt við að vera orðinn klár fyrir heimsmeistaramótið.

Á RÉTTRI LEIÐ Frammistaða Guðjóns í fyrstu leikjunum eftir löng meiðsli er framar vonum og í raun lyginni líkust. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

> Ef ég er ekki í standi til að standast væntingar er engin ástæða til að fara á mót eins og heimsmeistaramótið.
>
> **GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON**
> LEIKMAÐUR RHEIN-NECKAR LÖWEN

„Ég hef miðað allt út frá HM síðan í maí. Maður vill samt ekki vera með stórar yfirlýsingar því það getur margt gerst. Þetta mót er stórt og erfitt, margir leikir spilaðir á stuttum tíma. Ég tek stefnuna þangað en það er hvorki skynsamlegt né raunhæft núna að segjast ætla að gera hitt og þetta."

Það er um mánuður í HM sem haldið verður í Svíþjóð að þessu sinni. „Ég tek á endanum ákvörðun sem er rétt bæði fyrir mig og fyrir liðið. Ég er með skýrt hlutverk og þessu fylgir mikil ábyrgð, ég veit til hvers er ætlast af mér. Ef ég er ekki í standi til að standast væntingar er engin ástæða til að fara á mót eins og heimsmeistaramótið," segir Guðjón.

Þéttur pakki er við toppinn í þýsku deildinni en Rhein-Neckar Löwen er sem stendur fimm stigum á eftir toppliði Hamburg.

„Það eru nokkrir leikir sem sitja í okkur. Það er tapið í Magdeburg og svo var tapið gegn Flensburg okkur dýrt en þeir voru einfaldlega betri en við á þeim degi. En við erum í alveg þokkalegum málum, ef við stöndum okkur þá getur ýmislegt gerst. Hamburg á eftir að spila erfiða útileiki," segir Guðjón.

„Álagið hefur verið mikið og til dæmis er álagið á Óla (Ólaf Stefánsson) það mesta sem hann hefur lent í á ferlinum. Sá sem spilar sömu stöðu og hann sleit krossbönd og hann hefur þurft að spila mikið. Svo hefur álagið á hornamönnunum verið mikið."

Guðjón er þó bjartsýnn fyrir seinni helming mótsins. „Þetta getur allt saman snúist við. Ef við náum að klára þennan mánuð vel getum við verið mjög sáttir."

elvargeir@frettabladid.is

Rúnar Kristinsson þjálfari KR segir að það sé forgangsatriði hjá liðinu að fá Guðjón Baldvinsson aftur:

Er þessi Gary Martin einhver leikari?

FÓTBOLTI Sú saga hefur gengið um netheima að KR væri að tryggja sér enska sóknarmanninn Gary Martin frá ÍA. Martin kom til Skagamanna um mitt sumar í fyrra og skoraði tíu mörk í níu leikjum í 1. deildinni. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, kom af fjöllum þegar hann var spurður út í þennan orðróm.

„Ég hef aldrei heyrt minnst á þetta nafn. Er þetta einhver leikari? Það var einhver sem spurði mig hvort það væri Englendingur á leiðinni til okkar en ég kannast ekkert við þetta. Við erum ekki að fara að taka inn einhvern Englending," sagði Rúnar en í lok síðasta sumars skrifaði Martin undir nýjan eins árs samning við ÍA.

Varðandi leikmannamál KR segir Rúnar að það sé í forgangi að reyna að fá sóknarmanninn Guðjón Baldvinsson aftur til liðsins. Guðjón er að reyna að fá sig lausan frá sænska liðinu GAIS en hann spilaði um helgina æfingaleik með Stjörnunni, uppeldisliði sínu.

„Við förum mjög varlega í allt enda litlir peningar til hjá okkur eins og annars staðar. Við fylgjumst vel með því sem er í gangi hjá Guðjóni og erum bara að vinna í því að hann komi í KR. Það er forgangsatriði hjá okkur núna. Hann veit það sjálfur," sagði Rúnar.

ÁFRAM Í VESTURBÆNUM? KR-ingar leggja mikla áherslu á að halda Guðjóni Baldvinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR hefur fengið til sín tvo leikmenn í vetur, markvörðinn Hannes Þór Halldórsson frá Fram og varnarmanninn Gunnar Þór Gunnarsson sem kemur frá Norrköping í Svíþjóð. Gunnar er þó á meiðslalistanum sem stendur og byrjar ekki að æfa strax með Vesturbæjarliðinu.

„Gunnar kemur hingað í kringum hátíðarnar og þá munum við spjalla við hann. Hann fór í aðgerð í ágúst vegna krossbandsslita í hné. Hann er á hverjum degi hjá sjúkraþjálfara í Svíþjóð og er að vinna skynsamlega í sínum málum. Við reiknum ekki með því að hann geti byrjað að æfa með okkur fyrr en í febrúar eða mars. Hann fær þann tíma sem hann þarf til að ná sér," sagði Rúnar.

- egm

Góðar jólagjafir - frábært verð!

Glæsilegt úrval jólagjafa á frábæru verði fyrir alla!
Intersport óskar þér og þínum gleðilegra jóla!

13.990
(fullt verð 16.990)

ADIDAS J DOWN JACKET
Aðsniðin dúnúlpa með hettu sem taka má af.
Dömustærðir.

12.990
(fullt verð 17.990)

MCKINLEY CRESTONE AQX
Gönguskór með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu.
Dömu- og herrastærðir.

1.990

2.990
(fullt verð 4.490)

NORTHBROOK CABLE BEANIE
Prjónahúfa með kaðlamynstri. Dömustærðir.

NORTHBROOK TEDDY MITTEN
Leðurhanskar með mjúku og hlýju THERMOFIBRE-fóðri.
Dömustærðir.

8.990
(fullt verð 10.990)

SKECHERS WYNDHAM
Vatnsheldir kuldaskór með riflásum.
Barnastærðir.

1.290

MCKINLEY MAGIC GLOVE
Fingravettlingar. 3 pör í pakka. Barnastærðir.

1.490

PUMA SODA BEANIE
Húfa. Litir: Svört, græn, bleik. Barnastærðir.

10.990
(fullt verð 13.990)

NORTHBROOK LECTURE JACKET
Úlpa með hettu sem taka má af. Herrastærðir.

990

1.690

NORTHBROOK RAGGSOCKA 2-PACK Ullarsokkar. 2 pör í pakka. Litir: Svartir, bleikir. Dömu- og herrastærðir.
MCKINLEY KNIT WINDBLOCER Útivistarhúfa með eyrnabandi úr flís. Litir: Svört, blá, bleik. Dömu- og herrastærðir.

13.990
(fullt verð 17.990)

NIKE RONGBUK GORE-TEX
Léttir gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu.
Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla
Í LINDUM OG SMÁRALIND

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Man. Utd-Arsenal 1-0
1-0 Park Ji-Sung (41.)

STAÐAN:

Man. United	**16**	**9**	**7**	**0**	**36-16**	**34**
Arsenal	17	10	2	5	34-19	32
Man. City	**17**	**9**	**5**	**3**	**24-13**	**32**
Chelsea	17	9	4	4	31-12	31
Tottenham	**17**	**7**	**6**	**4**	**25-22**	**27**
Bolton	17	6	8	3	30-24	26
Sunderland	**17**	**5**	**9**	**3**	**20-18**	**24**
Newcastle	17	6	4	7	27-26	22
Liverpool	**17**	**6**	**4**	**7**	**21-22**	**22**
Blackpool	16	6	4	6	24-29	22
WBA	**17**	**6**	**4**	**7**	**24-29**	**22**
Stoke City	17	6	3	8	21-22	21
Blackburn	**17**	**6**	**3**	**8**	**22-27**	**21**
Aston Villa	17	5	5	7	19-28	20
Everton	**17**	**3**	**9**	**5**	**18-20**	**18**
Birmingham	17	3	9	5	17-20	18
Fulham	**17**	**2**	**10**	**5**	**16-20**	**16**
Wigan Athletic	17	3	7	7	13-28	16
Wolves	**17**	**4**	**3**	**10**	**18-30**	**15**
West Ham	17	2	6	9	15-30	12

FAGNAÐ Lampard fagnar hér með Didier Drogba á síðustu leiktíð.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Frank Lampard:

Við getum orðið meistarar

FÓTBOLTI Stuðningsmenn Chelsea binda vonir við að endurkoma Franks Lampard í liðið muni verða til þess að liðið komist aftur á sigurbraut.

Lampard lék síðustu 15 mínúturnar gegn Tottenham um helgina og verður líklega í byrjunarliði Chelsea næsta sunnudag er liðið mætir Manchester United.

Lampard hefur ekki of miklar áhyggjur af slæmu gengi Chelsea síðustu vikur og er enn á því að liðið geti orðið meistari í vor.

„Ef við finnum gamla andann og spilum með hann að vopni efast ég ekki um að við verðum meistarar því ekki vantar gæðin í liðið," sagði Lampard. „Meiðsli á mönnum hafa farið illa með okkur en ef við spilum okkar bolta hef ég engar áhyggjur. Þetta er vissulega mjög erfið staða og við erum að berjast á mörgum vígstöðvum. Þess utan eru mörg lið í toppbaráttunni. Við verðum að vera upp á okkar besta og ef við erum það munum við lyfta dollunni."

Chelsea hefur ekki unnið leik í mánuð og er fallið af toppnum niður í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar. **- hbg**

MAGNAÐUR Park Ji-Sung er maður stórleikjanna og hann tryggði Man. Utd sigur í gær með glæsilegu skallamarki sem hann fagnaði innilega eins og sjá má. NORDIC PHOTOS/AFP

Park skallaði United á toppinn

Park Ji-Sung er oft sagður vera maður stóru leikjanna og hann stóð undir því orðspori í gær þegar hann skoraði eina markið í risaleiknum gegn Arsenal. United er því komið aftur á toppinn. Rooney klúðraði víti.

FÓTBOLTI Arsenal gengur sem fyrr illa í leikjunum gegn stóru liðunum á Englandi og varð að sætta sig við tap gegn Manchester United á Old Trafford í gær. Arsenal sá um leið á bak efsta sætinu í ensku úrvalsdeildinni.

Það kom nokkuð á óvart að hinn tvítugi Pólverji Wojciech Szczesny skyldi byrja í marki Arsenal en þetta var hans fyrsti leikur í byrjunarliði Arsenal og ekki ónýtt að byrja ferilinn hjá félaginu á Old Trafford. Hann varð um leið yngsti markvörðurinn í sögu Arsenal til þess að byrja leik í ensku úrvalsdeildinni.

Wayne Rooney var einn í fremstu víglínu hjá Man. Utd en Dimitar Berbatov fór á bekkinn þó svo að hann hafi skorað fimm mörk í síðasta leik United.

United byrjaði leikinn betur en leikmenn Arsenal voru fastir fyrir og brutu hvað eftir annað á heimamönnum. Fyrsta færið kom eftir 22 mínútna leik. Þá hreinsaði Squillaci beint í fæturnar á Nani, sem átti skot sem sigldi rétt framhjá marki Arsenal. Eftir hálftíma leik vildi United fá víti er boltann fór augljóslega í höndina á Marouane Chamakh. Howard Webb dómari sá samt ekki ástæðu til þess að flauta. Þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum átti Nani skemmtilega rispu upp hægri kantinn. Hann reyndi skot að marki sem fór í Gael Clichy og inn í teiginn. Þar var Park Ji-Sung vel staðsettur og hann náði skalla að marki sem sveif yfir Szczcesny og í netið. Glæsilega gert. 1-0 fyrir Man. Utd og verðskuldað forskot.

Þannig stóðu leikar í hálfleik en fyrri hálfleikur var frekar tilþrifalítill. Bæði lið voru klaufar á síðasta þriðjungi vallarins. Arsenal hafði ekkert skapað og varð að koma framar í síðari hálfleik.

Talsvert meira líf var í leikmönnum Arsenal í upphafi síðari hálfleiks en vörn United var þétt fyrir. Þegar tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik bjó Rooney til færi fyrir Anderson, sem stóð einn fyrir opnu markinu. Hinn ungi Szczesny gerði vel í að koma út, loka á Anderson og verja skotið. Skömmu síðar fékk Arsenal sitt besta færi er van der Sar hélt ekki skoti Nasri. Boltinn fór til Chamakh sem var í dauðafæri en skot hans var slakt og fór í varnarmann sem náði að renna sér fyrir skotið.

Þarna fór leikurinn heldur betur að opnast og liðin að taka meiri áhættu. United nýtti sér það að Arsenal var komið ofar á völlinn með því að komast í gegn rúmum hálftíma fyrir leikslok. Nani fékk dauðafæri en skot hans var misheppnað.

Á 64. mínútu kom tvöföld skipting hjá Arsenal er þeir Cesc Fabregas og Robin van Persie komu af bekknum til þess að hressa upp á sóknarleik liðsins.

Á 72. mínútu var dæmt víti á Arsenal er boltinn fór í hönd Clichy. Nokkuð umdeildur dómur sem kom frá aðstoðardómaranum. Wayne Rooney fékk það hlutverk að taka vítið. Hann bauð upp á eitt dýrasta aðhlaup ársins en skotið var ekki í sama verðflokki því það flaug hátt yfir markið. Það kom þó ekki að sök því Arsenal ógnaði ekkert eftir vítið og Man. Utd tók öll stigin.

Þau stórtíðindi áttu sér stað í þessum leik að dæmd var aukaspyrna á Rio Ferdinand en það hafði ekki gerst í 246 daga. Síðast var dæmt á Rio hinn 11. apríl í leik gegn Blackburn. Það er með hreinum ólíkindum. Þegar Rio loksins braut af sér var það almennilega gert en hann fór með fótinn á undan sér í Sagna í loftinu og mátti þakka fyrir að slasa hann ekki. Hann slapp við spjaldið og var heppinn.

henry@frettabladid.is

HRESSIR Námuverkamennirnir frá Síle voru heiðursgestir á leiknum.
NORDIC PHOTOS/AFP

TAKK FYRIR Goðsögnin Ole Gunnar Solskjær var formlega kvaddur fyrir leik.
NORDIC PHOTOS/AFP

Aðventuleikur blaðbera

Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Manchester City ætlar ekki að verða við kröfum Tevez og neitar að selja hann:

Tevez kominn í stríð við Man. City

FÓTBOLTI Í annað skipti á skömmum tíma er uppnám í Manchester og að þessu sinni hjá Manchester City. Ekki er langt síðan Wayne Rooney vildi komast burt frá Manchester United með tilheyrandi fjölmiðlasirkus og nú hefur besti leikmaður City, Carlos Tevez, krafist þess að komast burt frá félaginu.

Tevez fór um helgina fram á að verða seldur frá félaginu. Forráðamenn City voru fljótir að kenna hinum umdeilda umboðsmanni hans, Kia Joorabchian, um og vildu meina að hann væri að reyna að þvinga fram nýjan og betri samning á miðju tímabili. Tevez á þrjú og hálft ár eftir af núverandi samningi.

Tevez segir allt slíkt tal vera úr lausu lofti gripið og hann vilji fara þar sem samband hans við ákveðna stjórnarmenn og einstaklinga sé ekki eins gott og það eigi að vera og því verði ekki breytt.

HLEYPIÐ MÉR ÚT Tevez er hundfúll í herbúðum City og vill komast frá Manchester. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Þessi tíðindi komu ekkert rosalega á óvart en búið er að spá slíkri uppákomu í nánast allan vetur. Aðalástæðan fyrir þeim fregnum var sú að Tevez væri með heimþrá en börnin hans búa í Argentínu.

Í gær var þegar byrjað að orða Barcelona og Real Madrid við leikmanninn, sem er sagður íhuga það alvarlega að hætta að spila fótbolta ef hann fær ekki að fara frá Manchester.

City virðist ekki ætla að gefa tommu eftir í málinu og samkvæmt heimildum Sky Sports kemur ekki til greina að selja hann í janúarglugganum. Það verður því væntanlega stríð á milli Tevez og City um jólin.

Tevez á að mæta aftur til æfinga hjá City í dag en hann fékk að fara í stutt frí til Tenerife þar sem hann var í leikbanni. Má því búast við fjölmiðlafári á æfingasvæðinu í dag. **- hbg**

REKINN Allardyce þarf að leita sér að nýrri vinnu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sam Allardyce var í gær rekinn sem knattspyrnustjóri Blackburn Rovers:

Hughton talinn líklegur arftaki

FÓTBOLTI „Stóri“ Sam Allardyce fékk að taka pokann sinn hjá Blackburn í gær, sem og aðstoðarmaður hans, Neil McDonald. Varaliðsþjálfarinn Steve Kean mun stýra liðinu þar til nýr stjóri finnst enda lét Allardyce af störfum samdægurs.

Þessi tíðindi koma ekki mikið á óvart enda hefur Allardyce ekki þótt eiga upp á pallborðið hjá nýjum eigendum félagsins sem tóku við liðinu 19. nóvember.

Þegar Allardyce fékk síðan þær fréttir að hann fengi ekki að versla í janúar urðu einhver átök.

Samkvæmt yfirlýsingu frá Blackburn er uppsögn Allardyce hluti af metnaðarfullum aðgerðum eigendanna, sem ætla að breyta enn meiru hjá félaginu. Að hafa Allardyce sem stjóra uppfyllti ekki þeirra metnað og verður áhugavert að sjá hver tekur við af honum.

Allardyce tók við Blackburn í desember árið 2008 en hann hafði áður stýrt Newcastle og Bolton. Þessi 56 ára gamli stjóri stýrði Blackburn í 15. sæti ensku úrvalsdeildarinnar þá leiktíð en hann var strax umdeildur fyrir leikstíl liðsins.

Leiktíðina á eftir hafnaði Blackburn í 10. sæti deildarinnar og komst þess utan í undanúrslit deildabikarsins. Hann skilur síðan við liðið í 13. sæti.

Chris Hughton, sem var rekinn frá Newcastle í síðustu viku, er talinn líklegur arftaki Allardyce hjá félaginu.

Uppsögn Hughton var afar umdeild enda var hann í miklu uppáhaldi hjá stuðningsmönnum Newcastle. **- hbg**

ADRIANO Er mikill stuðpinni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Brasilíumaðurinn Adriano:

Vann gullruslafötuna á Ítalíu

FÓTBOLTI Brasilíski sóknarmaðurinn Adriano hjá Roma hefur unnið ítölsku gullruslafötuna fyrir árið 2010. Þetta er í þriðja sinn sem hann vinnur þessi verðlaun en hann hlaut þau einnig 2005 og 2006.

Gullruslafatan er veitt þeim leikmanni sem ollið hefur mestum vonbrigðum í ítalska boltanum. Í fyrra var það Felipe Melo sem hlaut hana en þar á undan Ricardo Quaresma.

Brasilíumenn lentu í þremur efstu sætunum. Amauri lenti í öðru sæti og Ronaldinho í því þriðja.

Adriano hefur aðeins leikið í 144 mínútur í ítölsku deildinni á tímabilinu en hann hefur lýst yfir óánægju sinni með lítinn leiktíma. Ronaldo hefur reynt að fá Adriano til Corinthians. **- egm**

BUFFON Hefur lengi verið orðaður við Man. Utd. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Buffon ósáttur við þjálfarann:

Aftur orðaður við Man. Utd

FÓTBOLTI Samband markvarðarins Gianluigi Buffon hjá Juventus og þjálfarans Gigi Del Neri er ekki upp á það besta. Pirringur er milli þeirra og hefur umboðsmaður Buffon sagt að henn hefði sektað Del Neri ef hann væri í stjórn Juventus.

Samkvæmt ítölskum fjölmiðlum var Del Neri ekki sáttur við hve lítið Buffon sást á æfingasvæði félagsins á meðan hann var að jafna sig af langtíma meiðslum. Í viðtali sagði Del Neri að Buffon ætti ekki öruggt sæti í liðinu en Buffon er talinn meðal bestu markvarða heims.

Marco Storari hefur staðið sig vel í marki Juventus og nú þegar Buffon er kominn aftur eftir meiðsli þarf hann að slá Storari út. „Skjólstæðingi mínum er sýnt virðingarleysi. Ef ég væri forseti Juventus myndi ég sekta Del Neri fyrir ummæli sín,“ sagði umboðsmaður Buffon.

Ítalskir fjölmiðlar velta því nú fyrir sér hvort dagar Buffon hjá Juventus verði brátt taldir en markvörðurinn hefur í gegnum tíðina verið oft orðaður við Manchester United. **- egm**

> Michelle Pfeiffer

„Einhvers staðar á lífsleiðinni breytti ég um hugsunarhátt og fór að hugsa um björtu hliðarnar á lífinu í stað þeirra dökku. Í dag horfi ég á allt það sem ég á og hef áorkað og hugsa hve heppin ég er“.

Michelle Pfeiffer fer með hlutverk Lamia í ævintýramyndinni Stardust sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG ATLI

Takk fyrir hálftímann, Jóhannes Felixson

Ég á rúmlega þriggja ára gamlan strák sem heitir Atli. Hann er á meðalkúrfu á hæð og þyngd; hefur blá sakleysisleg augu og er með rauðan makka eins og ég. Hann er ágætlega talandi eftir aldri og starfsmenn heilbrigðisstofnana segja mér að bæði fín- og grófhreyfingar séu með ágætum. Hann hefur góða matarlyst ef rétturinn er samsettur úr sykri, og hefur mikinn áhuga á risaeðlum, drekum og úlfum. Já, eða öllu sem hefur stórar tennur og ógnvænlegt yfirbragð. Hann er listrænn; það getur hver sem er staðfest með því að skoða veggi og hurðir heimilisins. Hann er jafnframt yfirburðamaður í sínum þyngdarflokki í því að hlaupa í allar áttir. Hann getur jafnframt lýst flókinni atburðarás og spunnið upp sögur á eigin tungumáli.

Fyrstu þrjú árin í lífi barns eru langur tími; fyrir mann eins og mig alla vega. Ég hef elst um tólf ár á þessum stutta tíma. En ég sé ekki eftir því, þessi litli andskoti eru einfaldlega of skemmtilegur til þess.

Ég þori samt að viðurkenna að margar bestu stundir mínar undanfarið eru þegar ég finn eitthvað sem verður til þess að Atli heldur kjafti í smá stund, eða hættir að hlaupa eða klifra í bókahillum. Það sem sameinar þetta tvennt er auðvitað gulls ígildi.

Eitt af þessu kom úr óvæntri átt. Maður er nefndur Jóhannes Felixson, betur þekktur sem Jói Fel. Hann er óþarft að kynna en eitthvað er það við manninn og þáttinn hans sem hefur mjög róandi áhrif á skrattakollinn minn. Nú er svo komið að ég og Atli eigum 35 verulega góðar mínútur saman í hverri viku. Þetta eru mínúturnar sem við erum báðir á sama stað. Og báðir sáttir.

SJÓNVARPIÐ

14.40 Þýski boltinn (e)
15.35 EM kvenna í handbolta Bein útsending frá leik í milliriðli í úrslitakeppni Evrópukeppni kvennalandsliða í handbolta sem haldin er í Danmörku og Noregi.
17.15 Táknmálsfréttir
17.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal
17.55 Friðþjófur forvitni (15:20)
18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Skólaklíkur (31:34) (Greek)
20.50 Sportið Í þættinum er fjallað um hinar ýmsu íþróttagreinar frá margvíslegum hliðum á skemmtilegan hátt og tekur líka á málum líðandi stundar í íþróttaheiminum.
21.25 Návígi Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestir þáttarins eru um margt ólíkir og koma alls staðar að úr samfélaginu.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Börnin (3:3) (The Children) Breskur myndaflokkur í þremur þáttum.
23.10 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)
23.55 Kastljós (e)
00.20 Fréttir (e)
00.30 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.05 Thank You for Smoking
10.00 White Men Can't Jump
12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles
14.00 Thank You for Smoking
16.00 White Men Can't Jump
18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles
20.00 Stardust
22.05 Year of the Dog
00.00 Reality Bites
02.00 The Black Dahlia
04.00 Year of the Dog
06.00 The Truth About Love

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Strumparnir, Litla risaeðlan
07.40 Galdrabókin (14:24)
07.50 Bratz
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 The Amazing Race (2:11)
10.55 Total Wipeout (3:12)
11.55 Monk (11:16)
12.40 Nágrannar
13.05 Madea's Family Reunion
15.00 Sjáðu
15.30 Barnatími Stöðvar 2 Háheimar, Nonni nifteind, Ben 10, Strumparnir
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.53 The Simpsons (11:22)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Two and a Half Men (16:19)
19.55 How I Met Your Mother (8:22)
20.20 Modern Family (3:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
20.45 Two and a Half Men (8:22)
21.10 Chuck (5:19)
22.00 Burn Notice (1:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
22.45 Daily Show: Global Edition
23.15 Gossip Girl (5:22)
00.05 Hawthorne (2:10)
00.50 Medium (11:22)
01.35 Nip/Tuck (10:19)
02.20 Chuck (5:19)
03.05 Madea's Family Reunion
04.50 Modern Family (3:22)
05.15 Two and a Half Men
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

18.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
18.30 Veiðiperlur Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
19.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)
20.50 Icelandic Fitness and Health Expo 1 Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
21.30 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
22.20 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
23.15 European Poker Tour 6 - Pokers Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Man. Utd - Arsenal
14.35 Everton - Wigan
16.20 Fulham - Sunderland
18.05 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.00 Bolton - Blackburn
20.45 Tottenham - Chelsea
22.30 Football Legends - Maradona Besti knattspyrnumaður heims fyrr og síðar, Diego Armando Maradona, verður kynntur til sögunnar i kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.
22.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu skoðuð í þaula.
23.25 West Ham - Man. City

SKJÁREINN

06:00 Pepsi MAX tónlist
07.20 Spjallið með Sölva (12:13) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.40 Rachael Ray (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (12:13) (e)
12.40 Pepsi MAX tónlist
15.10 90210 (6:22) (e)
15.55 Rachael Ray
16.40 Dr. Phil
17.20 Parenthood (10:13) (e)
18.05 Matarklúbburinn (5:6) (e)
18.30 America's Funniest Home Videos (20:50) (e)
18.55 Real Hustle (3:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
19.20 Rules of Engagement (11:13) (e)
19.45 Whose Line Is It Anyway? (5:39)
20.10 Survivor (2:16)
21.00 How to Look Good Naked (4:12)
21.50 Nurse Jackie (11:12)
22.20 United States of Tara (11:12)
22.50 Jay Leno
23.35 CSI: New York (19:23) (e)
00.25 The Cleaner (13:13) (e)
01.10 Nurse Jackie (11:12) (e)
01.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
11.35 Golfing World (e)
12.25 Nedbank Challenge 2010 (1:4) (e)
17.25 Golfing World (e)
18.15 Golfing World
19.05 Ryder Cup Official Film 2008 (e)
20.20 European Tour - Highlights 2011 (1:45)
21.10 PGA Tour Yearbooks (10:10)
22.00 Golfing World (e)
22.50 The Open Championship Official Film 2010 (e)
23.45 Golfing World (e)
00.35 ESPN America

EXTRA

19.00 The Doctors
19.40 Gossip Girl (15:22)
20.25 Ástríður (6:12)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Glee (5:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
22.35 Undercovers (2:13) Skemmtilegir spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrverandi CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í Los Angeles.
23.20 The Deep End (1:6) Áhrifarík þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
00.05 Dollhouse (11:13) Spennuþáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða.
00.55 The Bill Engvall Show (1:8)
01.25 Ástríður (6:12)
01.50 Gossip Girl (15:22)
02.35 The Doctors
03.15 Sjáðu
03.40 Fréttir Stöðvar 2
04.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Lárus Blöndal Icesave-samningamaður.
21.00 Græðlingur Gurrý heldur áfram jólaundirbúningi.
21.30 Svartar tungur Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór skoða þingmál.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45

Two and a Half Men

Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sælir eru sorgbitnir **14.03** Snúningar - Íslenska hljómplatan í 100 ár **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.35 The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** New Tricks **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** Keeping Up Appearances **15.50** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Whose Line Is It Anyway? **19.30** Gavin & Stacey **20.00** After You've Gone **20.30** The Inspector Lynley Mysteries **21.15** The Jonathan Ross Show **22.05** Whose Line Is It Anyway? **22.30** EastEnders **23.00** Gavin & Stacey **23.30** After You've Gone **00.00** The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del **12.30** Naturens former **13.00** Niklas' mad **13.30** Fra hus og hjem **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Substitutterne **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hammerslag i Hobro **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Johan Falk: Operation Nattergal **22.30** Inspector Morse

NRK 1

12.05 Spekter **12.50** Klasse 10 B **13.30** Det søte liv **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Ut i nærturen **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Matlyst **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Hjernen er alene **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Copycat

SVT 1

12.05 Livet på landet **13.10** Ryttare i blått **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Veckans brott **21.00** Facing genocide **22.35** Min jul **22.40** Starke man **23.10** Draknästet - världen runt

SkjárEinn er með allt fyrir fjölskylduna um jólin. Frábær dagskrá, nýjustu myndirnar í SkjáBíó og eitthvað fyrir alla í SkjáHeimi.

Fáðu þér áskrift á skjarinn.is, í síma 800 7000 eða 1414 : **SkjárEinn** 2.890 kr.

EKKERT VENJULEGT JÓLASJÓNVARP

ENNEMM / SÍA / NM44700

LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI
og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DESEMBER

Settu „Like" við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.



Flott 22" Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.

Sjónvarpsmiðstöðin

N8 sími.

Bækur frá Sölku.

Fjöldi annarra vinninga.

Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á **facebook.com/visir.is**

VÍSIR.IS

MORGUNMATURINN

„Ég borða beikon í öll mál en í morgunmat borða ég abt-mjólk með jarðarberjum og múslíi.“

Helgi Valur Ásgeirsson, tónlistarmaður.

Frikki Weiss með fjögurra metra jólatré

„Ég er að drepast í bakinu enda þurfti ég að fá hjálp frá tveimur nágrönnum mínum til að bera tréð upp fjórar hæðir,“ segir veitingamaðurinn Friðrik Weisshappel. Stofa Friðriks í Kaupmannahöfn skartar nú rúmlega fjögurra metra háu jólatré sem nær upp á milli tveggja hæða. „Ég hló bara svona geðveikislegum hlátri þegar tréð var komið og hugsaði með sjálfum mér hvort það væri ekki einhver keppni sem ég gæti unnið eins og hver væri með hæsta jólatréið heima hjá sér,“ heldur Friðrik áfram. Hann reif síðan upp málbandið og mældi tréð sem reyndist vera fjórir metrar og tuttugu sentimetrum betur.

Og það sem gerir þetta enn skemmtilegra er að Friðrik fór ásamt allri fjölskyldunni og sagaði tréð niður sjálfur. „Þetta leit ekki út fyrir að vera svona stórt þegar maður sá það með öllum hinum trjánum. En ég hefði kannski átt að fatta þetta þegar einn af skógavörðunum spurði hvort ég ætlaði að sjá um jólatréð fyrir miðborg Kaupmannahafnar.“

Og jólatréð er alls ekkert venjulegt því það er með þrjá toppa og er frekar út úr kú. „Ég er með þá fílósófíu að fá mér alltaf asnalegasta jólatréð og þetta var það skrýtnasta á svæðinu.“ **- fgg**

JÓLATRÉSKARL Friðrik Weisshappel er mikill jólatréskarl en þessi árátta fór hins vegar aðeins úr böndunum á dögunum þegar hann dró heim fjögurra metra hátt jólatré sem nú gnæfir yfir öllu í íbúðinni í Kaupmannahöfn.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Handboltakapparnir Björgvin Páll Gústavsson og Logi Geirsson hafa ástæðu til að fagna þessa dagana, en 20.000 dósir af Silver-gelinu þeirra hafa selst á Íslandi. Nú á að blása til markaðsherferðar og sannkallað stórskotalið hefur verið fengið til að leika í auglýsingunum. Fótboltakappinn **Gylfi Þór Sigurðsson** og handboltakappinn Aron Pálmarsson eru líklegir ásamt Steinda Jr., **Hemma Gunn** og sterkasta manni Íslands, Stefáni Sölva.

Tímaritið Time tekur ávallt saman ýmsa lista yfir það sem þykir merkilegast á ári hverju. Eins og fram hefur komið komust Jónsi og Eyjafjallajökull hvor á sinn listann, en Íslendingar eiga einn fulltrúa enn. Ljósmyndarinn Ragnar Th. á nefnilega eina af bestu ljósmyndunum birtust í Time á árinu, en hún var einmitt tekin af eldgosinu í Eyjafjallajökli. **- afb**

BALDUR BRAGASON: TEKUR STEFNUNA Á HOLLYWOOD EFTIR ERFIÐ VEIKINDI

Á tökustað Karla sem hata konur

„Ég talaði við leikstjórann [David Fincher] hvort ég gæti fengið einhverja svipaða vinnu og hann sagði að ég gæti unnið allan sólarhringinn ef ég vildi,“ segir Baldur Bragason, íslenskur ljósmyndari sem hefur verið starfandi í Svíþjóð undanfarin tíu ár.

Baldur hefur undanfarnar vikur unnið sem ljósmyndari á tökustað bandarísku kvikmyndarinnar Karlar sem hata konur eftir David Fincher. Myndin er endurgerð á sænskum kvikmyndum sem gerðar voru eftir Millennium-þríleik sænska spennusagnahöfundarins Stiegs Larsson en þær fjalla um tölvuhakkarann Lisbeth Salander og blaðamanninn Mikael Blomkvist. Í aðalhlutverkum eru Bondstjarnan Daniel Craig og Rooney Mara auk Robin Wright og Stellan Skarsgaard. Gert er ráð fyrir að þetta verði stóri smellur næstu jóla.

Reyndar var ekkert á pappírunum sem benti til þess að Baldur fengi þetta starf, búið var að ganga frá ráðningu annars manns í það. En það samstarf gekk ekki upp og fyrir hreina tilviljun sá leikstjórinn Fincher möppu Baldurs og sagðist vilja fá þennan mann til starfa. Baldur má lítið tjá sig um dvöl sína á tökustað og hvað hann gerir en á kvikmyndavefsíðunni imdb.com er hann skráður sem unit photographer. Hann sér því um að taka myndir á tökustað sem síðan eru notaðar í kynningarbæklinga. Baldur mátti helst ekki staðfesta að hann væri að vinna við kvikmyndina. „Öllum var gert að skrifa undir trúnaðarsamkomulag og okkur var hótað alls kyns lögfræðingum ef við missum eitt orð út úr okkur,“ segir Baldur en hann lýsir þessu sem algjöru ævintýri, langir dagar og mikil vinna og aldrei dauður punktur.

En það var ekkert útlit fyrir að Baldur gæti tekið að sér svona vinnutarnir. Eftir að hafa verið starfandi hjá Nýju lífi, unnið fyrir stór tískuhús úti í heimi og þeyst heimshornanna á milli þá varð Baldur nánast að leggja árar í bát vegna höfuðhöggs sem hann fékk þegar hann var fimmtán ára og hafði mikil áhrif á heilakönguinn. Fyrir átján mánuðum átti hann í erfiðleikum með að komast fram úr rúminu og gat unnið eitt og eitt verkefni til að eiga í sig og á. „Ég var nánast alltaf þreyttur, sama hversu mikið ég hvíldi mig og það tók mig stundum fjörutíu mínútur að klæða mig bara í sokkana.“ En með nýjum lyfjum hefur honum tekist að sigrast á þessari hindrun og kveðst ákaflega þakklátur fyrir. Og eins og í dæmigerðum öskubuskusögum er stefnan nú tekin á Hollywood, á frekari landvinninga. „Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

DRAUMASTARFIÐ Baldur Bragason, ljósmyndari, segist vera í draumastarfinu þótt dagarnir séu langir. Hann tekur myndir á tökustað kvikmyndarinnar Karlar sem hata konur. Stefnan er tekin á Hollywood.

„Söguleg skáldsaga í hæsta gæðaflokki.“
Bryndís Loftsdóttir / Eymundsson

Eftir höfund metsölubókarinnar *Reisubók Guðríðar Símonardóttur*



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Stórvirki ... ákaflega vel skrifuð ...“
Einar Sigurbjörnsson / Tru.is

LA Times spáir Jónsa Óskarstilnefningu

Todd Martens, tónlistarskríbent bandaríska stórblaðsins Los Angeles Times, spáir því að Jónsi, oftast kenndur við Sigur Rós, hljóti tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir lagið sitt Sticks and Stones sem hljómaði í teiknimyndinni How to Train Your Dragon. Jónsi var fyrr á þessu ári tilnefndur til World Soundtrack Award en tapaði fyrir T-Bone Burnett og laginu The Weary Kind úr kvikmyndinni Crazy Heart.

Jónsi er í grein Martens nefndur í sömu andrá og Alan Menken sem hefur unnið til átta Óskarsverðlauna og þykir líklegur fyrir tónlistina úr teiknimyndinni Tangled. Þá þykir A.R. Rahman nokkuð öruggur um tilnefningu að mati Martens en hann semur tónlistina við 127 hours, ótrúlega kvikmynd Danny Boyle þar sem lag Sigur Rósar, Festival, kemur töluvert við sögu.

Að mati Martens er Jónsi hins vegar ólíkindatólið og blaðamaðurinn tekur fram að leikstjórinn Dean Dublois hafi sýnt nokkuð hugrekki þegar hann valdi Jónsa til að semja aðallagið, tónlist og sköpun íslenska listamannsins hafi ekki beint verið hægt að tengja við barnamyndir. „En á móti kemur að Dublois leikstýrði auðvitað heimildarmyndinni Heima með Sigur Rós og vissi því auðvitað að Jónsi gæti þetta,“ skrifar Martens. Jónsi hefur nú lokið ferð sinni um Asíu og kveður sér næst hljóðs á fósturjörðinni hiann 29. desember í Laugardalshöll. **- fgg**



LÍKLEGUR TIL AFREKA Blaðamaður Los Angeles Times spáir því að Jónsi hljóti tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir lagið sitt Sticks and Stones úr kvikmyndinni How to Train Your Dragon. Björk Guðmundsdóttir hefur einnig hlotið tilnefningu fyrir lagasmíðar sínar; hún var tilnefnd árið 2001 fyrir Dancer in the Dark.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jólaösin er að ná hámarki og það er ljóst að Arnaldur Indriðason mun sitja á toppnum þessi jól, er ókrýndur konungur glæpasögunnar á Íslandi. Annar rithöfundur getur einnig vel við unað og eflaust skreytt sig með einhverjum titlafjöðrum en það er **Þorgrímur Þráinsson**. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni er hann með tvær bækur á topp tíu lista félags bókaútgefanda og ekki er neitt útlit fyrir að það breytist því verðlaunabókin Ertu guð, afi? er á leið í þriðju prentun.

Það er ákaflega forvitnilegt að fylgjast með hvernig fjölgar í starfsliði **Baltasars Kormáks** fyrir Hollywood-kvikmyndina Contraband. Leikstjórinn er meðal annars búinn að ráða áhættuleikstjóra sem heitir Darrin Prescott og hefur leikið og stjórnað áhættuatriðum í kvikmyndum á borð við síðustu Indiana Jones-mynd, Matrix og Spider Man. Þá hefur hann einnig ráðið svokallaðan casting director en sá sér um prufur fyrir minni hlutverk myndarinnar. Hún heitir Sheila Jaffe og hefur unnið við Entourage-þættina sem aðalleikari Contraband, Mark Wahlberg framleiðir. **- fgg**



JÓLATILBOÐ Í HÁTÆKNI

Panasonic

Frábært verð!

Verð 159.995 kr.

TX-P42S20E

42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz

• Panasonic TX-P42S20E er 42 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum • 1920 x 1080 punkta upplausn • 600 Hz tækni • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

Vinsælasta tækið komið aftur!

Panasonic

Frábært verð!

Verð 229.995 kr.

TX-P42G20E

42" Neo Plasma Panasonic FHD

• 42" NeoPlasma sjónvarp með frábærum myndgæðum • 1920 x 1080 punkta upplausn • 600Hz tækni • V-Real Pro 5 myndvinnsla

SALORA

10.000 afsláttur

Tilboðsverð 59.995 kr.

Verð áður 69.995 kr.

1941DVXCI

19" Salora LCD með innbyggðum DVD spilara

• HD-Ready 1366 x 768 sjónvarp • Innbyggður digital tuner (DVB-T) • CI kortarauf • DVD-spilari • HDMI tengi • 12 V. kapall fylgir með

Imation harðir diskar

• 2.5" og 3.5" • Öruggir og áreiðanlegir harðir diskar í úrvali frá Imation • Rispuþolinn og stöðurafmagnsfrí hönnun

2.5"	250 GB	11.995 kr.
2.5"	500 GB	19.995 kr.
3.5"	1 TB	19.995 kr.
3.5"	1,5 TB	26.995 kr.
3.5"	2 TB	37.995 kr.

25 ÁRA TILBOÐ

TILBOÐ

iPod fylgir ekki

TSX70

Yamaha smástæða

• Smástæða með innbyggðu FM útvarpi • Dokka fyrir iPod/iPhone • Vekjaraklukka og fjarstýring • Drapplituð/brún

10.000 afsláttur

Tilboðsverð 39.995 kr.

Verð áður 49.995 kr.

SIE130328

Siemens Gigaset A580

• Upplýstur skjár með númerabirti • Símaskrá fyrir allt að 150 númer • Allt að 25 klst. taltími og 210 klst. biðtími

1.000 afsláttur

Tilboðsverð 7.995 kr.

Verð áður 8.995 kr.

Salora DVD 363 spilari HDMI

• Einfaldur og góður HDMI DVD spilari frá Salora • Uppskölun 1080p • Minniskortalesari og afspilun af USB 2.0

Tilboðsverð 9.995 kr.

4063

TILBOÐ

Salora ferða DVD DVP-7007

• 7" ferða DVD-spilari frá Salora • Festingar og taska fylgja ásamt 220V og 12V köplum

TILBOÐ

Tilboðsverð 19.995 kr.

DPF7900

Telefunken Digitalframe7" 4:3

• Stafrænn myndarammi • 16:9 • 480 x 234 upplausn • Tekur flest minniskort • Fjarstýring fylgir

TILBOÐ

Tilboðsverð 13.995 kr.

Opið á sunnudag

ÁRA 25 VÖRUR 25% 25 AFSL.

25 vörur á 25% afmælisafslætti.

vara 7

MRX CB25 Heyrnatól

2.995 ▶ 25% 2.246 kr.

vara 17



Armfesting 2 arma 13"-27"

14.995 ▶ 25% 11.246 kr.

vara 6

X-mini Max II Black

12.995 ▶ 25% 9.746 kr.

25 ára

Hátækni

1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17 | sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 103149

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Dóri heppni

Nýr Icesave-samningur liggur fyrir og bíður afgreiðslu Alþingis. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr á árinu munaði litlu að leikarinn **Halldór Gylfason** yrði andlit Icesave þegar hann var ráðinn til að leika í alþjóðlegri auglýsingu í maí 2008. Hætt var við framleiðsluna og Halldór segir að hann hafi aldrei verið nær því að lenda í lífsháska. Sköpunargyðjan virðist líta sérstaklega vel eftir Halldóri þar sem heimildir Fréttablaðsins herma að hann hafi verið ráðinn í hlutverk Marteins, í samnefndum og frekar misheppnuðum þáttum í Sjónvarpinu. Á síðustu stundu var hins vegar ákveðið fá Jóhannes Hauk í hlutverkið og er því talað um að Halldór hafi sloppið vel, ekki einu sinni heldur tvisvar.

Nauðsynlegt böl

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, átti góða spretti á morgunverðarfundi bankans í síðustu viku um gjaldeyrishöft og framtíð krónunnar. Hann rifjaði upp gamla sögu um einokunarverslun Dana hér sem stóð yfir frá 1602 til ársloka 1787. „Þegar Íslendingar voru spurðir að því hvort þeir vildu að Danir hættu einokun sinni hér svöruðu þeir því neitandi, enda efuðust þeir um að nokkur annar hefði áhuga á viðskiptum við þá. Einokunarverslunin var því nauðsynlegt böl," sagði Ásgeir og hnýtti við að með sama hætti væru gjaldeyrishöftin nauðsynleg í skugga efnahagshrunsins.

- afb, jab

Mest lesið VÍSIR.IS

1. Prófessor í Álaborg gripinn með buxurnar á hælunum
2. Sendi tölvupóst og hengdi sig
3. Verslun gagnrýnd fyrir að selja bjórkippuna á 144 krónur
4. Simmi og Jói seldu þúsund hamborgara á dag
5. Barack Obama og Bill Clinton læstir úti í Hvíta húsinu